

Rauðklædda konan Sigrún Guðjónsdóttir

Atvinnulaus
árið 2012 en
veltir nú
milljónum



HÁTÍÐ LJÓSS,
FRÍÐAR OG
FÍKNIEFNA



29. NÓVEMBER 2019 / 48. TBL. 109. ÁRG. / VERÐ 995 KR.

LDV

POKÉMON-DRENGUR
MEÐ GULLHJARTA

Björn Leví

ÞINGMENN ERU NETTROLL

■ Safnar spillingarsögum ■ Spilling á Alþingi
■ Sigmundur Davíð er langleiðinlegasti þingmaðurinn



HVAÐ KOSTA JÓLIN?



Aldrei að skafa! Með Webasto bílahitara



Þú hitar bílinn með fjarstýringu og nýtur þannig þæginda og öryggis

Webasto
Feel the Drive

Bilasmíðurinn hf. Bíldshöfða 16 - 110 Reykjavík - sími 5672330 - www.bilasmidurinn.is - bilasmidurinn@bilasmidurinn.is



Fleyg orð

„Einn hálfviti er einn hálfviti. Tveir hálfvitar eru tveir hálfvitar. Tíu þúsund hálfvitar eru heill stjórnmálaflokkur.“

– Franz Kafka

Á þessum degi, 29. nóvember



1314 — Loðvík hinn 10. varð konungur Frakklands.



1899 — Knattspyrnuliðið Real Madrid var stofnað.



1930 — Kommúnistaflokkur Íslands var stofnaður.



1945 — Sósíalíska sambandslýðveldið Júgóslavía var stofnað.



1986 — Happadrættið Lottó hóf göngu sína.

Íslendingar velja útlensk jól

■ Sprenging í utanlandsferðum Íslendinga yfir jólahátíðarnar í fyrra ■ 130 prósentu hækkun á 13 árum

Utanlandsferðum Íslendinga fjölgaði um rúmlega 34% yfir jólatímamann á árinu 2018 frá árinu 2017, en þá er miðað við tímabilið frá 17. til 27. desember. Þetta kemur fram í yfirliti sem barst DV frá Isavia yfir ferðalög Íslendinga yfir umræddan hátíðartíma frá árunum 2005 til 2018. Af því má ráða að tæplega fjórtán þúsund Íslendingar flugu til útlanda á síðasta ári yfir hátíðarnar og var það mesta aukning sem sést hefur í hálfan annan áratug.

2005	6,036	
2006	6,863	14%
2007	8,098	18%
2008	4,630	43%
2009	3,801	-18%
2010	4,667	23%
2011	4,950	6%
2012	5,510	11%
2013	6,329	15%
2014	7,129	13%
2015	8,802	23%
2016	9,574	9%
2017	10,285	7%
2018	13,756	34%

Utanlandsferðir drógust saman um tæplega helming á milli árunna 2007 og 2008. Lágmarkinu var náð ári síðar, árið 2009. Má geta þess að ástæður fyrir þessum mikla samdrætti má finna í mikilli veikingu krónunnar sem dró töluvert úr kaupmætti Íslendinga erlendis. Einnig dró mjög úr vinnutengdum utanlandsferðum hjá atvinnulífnum og bættust síðan við nafnlauna-



Útländajól Fleiri velja ströndina fram yfir snjóinn.



Stingum af Útlit er fyrir fækkun á flugferðum um jól á þessu ári.

lækkanir, aukin verðbólga og hærri skuldsetning sem dró mjög úr svigrúmi íslenskra heimila til utanlandsferða. Fjöldi ferða fór þá heilt yfir hækkandi strax árið 2010. Síðan þá hefur flugferðum Íslendinga til útlanda um jólin fjölgað jafnt og þétt og í fyrra varð mikið stökk í þessum ferðum eins og áður segir. Af þessum tölum má ráða að Íslendingum hugnast í meira mæli

að eyða jólnum utan landsteinanna. Árið 2005 voru rétt rúmlega sex þúsund manns sem flugu út á tímabilinu 17. til 27. desember, en í fyrra var sú tala komin upp í tæplega fjórtán þúsund. Er þetta tæplega 130% hækkun yfir þrettán ára tímabil.

Miðað við fjölda bókana er útlit fyrir að tölurnar fyrir 2019 sýni fram á fækkun frá árinu í fyrra, en þær tölur skýrast betur við upp-

haf árs 2020, samkvæmt upplýsingum frá Isavia. Þessa fækkun má hugsanlega rekja til samdráttar í samfélaginu, meira atvinnuleysis og brotthvarfs WOW air. Hugsanlega gætu einnig umhverfissjónarmið spilað inn í. Allt útlit er fyrir að nýja flugfélagið Play skapi sér stöðu á markaði á næsta ári og því verður áhugavert að sjá breytingar á ferðavenjum Íslendinga árið 2020. ■

5 hlutir sem þú vissir ekki um Aðalstein

Margfaldur meistari

Aðalsteinn æfði dans í fjölmörg ár og hefur unnið býsnið öll af titlum á því sviði. Var hann um tíma talinn einn besti dansari landsins og þótti hann sýna afbragðstakta á dansgólfinu. Hann dansaði með Eddu Guðrúnu Gísladóttur fram til ársins 2004 og gerði síðan garðinn frægan með Raket Guðmundsdóttur.



Fréttamaðurinn Aðalsteinn Kjartansson hefur haft í mörg horn að líta síðustu vikur og mánuði vegna umfjöllunar um Samherjaskjól-in fyrir Kveik. En hver er þessi Aðalsteinn?



Sjónvarpstjarna

Þótt sjónvarpsáhorfendur séu orðnir vanir því núna að horfa á Aðalstein á skjánum þá er þónokkuð síðan hann reyndi fyrst fyrir sér í sjónvarpi. Hann keppti til úrslita í fyrstu seríu af dansþættinum Dans Dans Dans á RÚV árið 2011 ásamt fyrrnefndri Raket. Þau þurftu að lúta í lægra haldi fyrir sigurvearanum Berglindi Yri Karlsdóttur.

Jafnaðarmaður

Áður en blaðamennskan kallaði af fullum þunga á Aðalstein var hann virkur í starfi Samfylkingarinnar. Hann var á lista flokksins í Suðvesturkjördæmi fyrir þingkosningarnar árið 2009, nánar tiltekið í fjórtánda sæti. Í fyrsta sæti á þeim lista var Árni Páll Árnason. Andstæðingar rannsóknarblaðamennsku hafa einmitt notað pólitísk tengsl Aðalsteins gegn honum.



Kattavinur

Það muna eflaust einhverjir eftir hægvarpinu Keeping Up With The Kattarshians sem streymt var beint á Nútímanum árið 2017. Í varpinu var fylgst með köttum í sérhönnuðu húsi allan sólarhringinn, en kettirnir áttu það sameiginlegt að vanta heimili. Aðalsteinn tók eina kattastjörnuna að sér og gaf högnanum nafnið Tommi.

Hatar Hvolpasveit

Oft er það svo að þeir sem elska ketti þola ekki hunda. Aðalsteinn komst einmitt í bobba fyrir hundalæti í Morgunútvarpinu árið 2016. Þá sagði hann í beinni útsendingu að honum myndist Hvolpasveitin, eitt vinsælasta barnaefni heims, leiðinlegt. Uppi varð fótur og fit og fékk Aðalsteinn fjölda skilaboða um að hann hefði grætt barn og annað. Svo fór að Aðalsteinn þurfti að bjóðast formlega afsökunar á þessum ummælum á Facebook.



GULUR LAUGARDAGUR!

POTTURINN STEFNIR Í

600

MILLJÓNIR



LEIKURINN OKKAR

Hver er hún



■ Hún er fædd árið 1989.

■ Hún er uppalin á Reyðarfirði.

■ Hún hefur unnið á elliheimili og sem flugfreyja hjá Icelandair.

■ Hún er Íslendingum að góðu kunn sem fjölmiðlakona, sjónvarpskikkur og vinsæll bloggari.

■ Hún hefur gefið út þrjár matreiðslubækur.

SVAR: EVA LAURÉY KJARAN

Það er staðreynd að...



Manneskjan er eina dýrategundin í heiminum sem nýtur þess að borða sterkan mat.



Það er ómögulegt fyrir einstakling að „humma“ á meðan hann heldur fyrir nefið á sér.



Rithöfundurinn C.S. Lewis lést á sama degi og John F. Kennedy.



Nýfædd börn fella ekki tár.



Söngvarinn Barry Manilow samdi ekki stórmellinn sinn „I Write the Songs“

Hátíð ljóss, friðar og fíkniefna: Fíkniefnasmyglarar nýta sér jólaösina

600 þúsund sendingar koma til landsins fyrir jólin

Máni Snær Þorláksson
mani@dv.is



Á meðan aðrir sjá stress og kvíða í kringum sig þegar rætt er um jólin þá hugsa fjölmargir íslenskir fíkniefnasmyglarar sér gott til glóðarinnar. Af hverju? Jú, því að sögn Harðar Jónssonar, framkvæmdastjóra pósthúsasviðs hjá Póstinum, þá eykst magn af erlendum sendingum til landsins gífurlega þegar jólaösin bankar upp á. Álagið á starfsmenn eykst, bæði hjá Póstinum og Tollstjóra sem sér um eftirlit með ólöglegum sendingum til landsins, eins og til dæmis sendingum sem innihalda fíkniefni.

Þetta mikla magn og þessi gríðarlega aukning í erlendum sendingum verður til þess að fíkniefnasmyglarar sjá sér leik á borði og smygla fíkniefnum þegar hvað mest flæði af alls kyns pökkum streymir til landsins vegna jólahátíðarinnar. „Ef þú ætlar að panta fíkniefni með póstsendingu til landsins þá er þetta tíminn. Það er bara þannig. Þú pantar tíu pakka og það er alveg bók að mál að allavega helmingur þeirra ratar í gegnum tollinn og í hendurnar á sölumönnum,“ segir viðmælandi DV sem stundaði slíkan innflutning grimmt á árum áður.

600 þúsund sendingar fyrir jólin

Bæði starfsfólk Póstsins og Tollstjóra standa hins vegar vaktina yfir hátíðarnar og reyna að vera einu skrefi á undan fíkniefnasmyglurinum. Um 600 þúsund sendingar koma til landsins í nóvember og desember. Til þess að átta sig á því hversu miklu meira magn af sendingum



kemur til landsins yfir hátíðarnar, borið saman við meðalfjölda sendinga, þá er munurinn um 400 þúsund pakkar. Hörður segir að yfir þennan tíma aukist álagið í höfuðstöðvum Póstsins með tilheyrandi fjölgun starfsmanna, auknu álagi og síðast en ekki síst auknu eftirliti. „Við erum að bæta við í kringum 100 starfsmönnum í nóvember og desember,“ segir Hörður og bendir á að það sé alltaf gífurlegt eftirlit með sendingunum sem koma til landsins. „Ég var þarna um daginn og þar var hundur sem verið var að kenna. Það var starfsmaður sem var með sýnishorn af eiturlýfjum á sér og hundurinn greindi þennan starfsmann úr stórum hópi starfsmanna. Það er þefað af öllum sendingum sem koma hingað að utan, alla daga, allan ársins hring.“

Þrjár hundar þefa af jólaþökkum



„Ef þú ætlar að panta fíkniefni með póstsendingu til landsins þá er þetta tíminn“

Ársæll Ársælsson, yfirtollvörður hjá Tollstjóranum í Reykjavík, tekur undir orð Harðar um að eftirlit sé með Póstinum allan ársins hring. „En álagið eykst á þessum tíma, alveg heilmikið. Það er rétt,“ segir Ársæll og bætir við að þá sé gripitil til ýmissa ráða. „Við reynum

að auka eftirlitið að sjálfsögðu og við nýtum hundana vel,“ segir Ársæll og á þá við fíkniefnahunda Tollstjórans sem eru þrjár. Hörður Jónsson, framkvæmdastjóri pósthúsasviðs hjá Póstinum.

Ársæll Ársælsson, yfirtollvörður hjá Tollstjóra. ■

Svarthöfði gerist áhrifavaldur með stórmennskubrjálæði

Svarthöfði

Svarthöfði íhugar nú að gerast svonefndur áhrifavaldur. Það virðist vera arðbær bransi með gífurlegu magni af fríðindum. Svo mikið af fríðindum að einn áhrifavaldur sagði í svari sínu til Neytendastofu, í tilefni af lögbrotum hans, að gjafirnar væru orðnar svo margar, að magnið væri gríðarlegt og oft og tíðum um mikla kvöð að ræða vegna óumbeðinna póstsendinga og átroðnings. Þetta hljómar eins og fullkomið fyrirkomulag í eyrum Svarthöfða. Svo mikið af gjöfum að maður fær hreinlega nóg. Slíkt hefur Svarthöfði ekki upplifað sjálfur, jafnvel ekki í fermingunni.

Annað sem freistar Svarthöfða við þetta fyrirkomulag er hvað

hann virðist þá mega vera góður með sig. Svarthöfði er það reyndar fyrir, en alltaf má á sig blómum bæta. Forhertur þrifa-áhrifavaldur gerðist nefnilega svo kræfur að svara Neytendastofu fullum hálsi eftir að verða uppvís að lögbroti. Hún hafði nefnilega ekki sjálf verið höfð með í ráðum þegar leiðbeiningarreglur um áhrifavalda voru samdar. Neytendastofa hafði enn fremur ekki boðað hana á námskeið til að kenna henni reglurnar, og svo taldi hún líka að Neytendastofu hefði aðeins verið tilkynnt um lögbrot hennar vegna óvildar óvina hennar sem vilji skemma fyrir henni. Þvílíkt oflæti, þvílík dásemd. Þetta líkar Svarthöfða, enda lengi talið sig yfir lög og reglur hafinn.

Næst þegar Svarthöfði verður tekinn fyrir hraðakstur eða



óspektir á almannaferi ætla hann að mótmæla öllum fyrirhuguðum refsiaðgerðum yfirvalda. Hann hefur nefnilega aldrei verið kallaður á neitt námskeið, þessi lög voru ekki samín í samráði við hann og þar að auki er gífurleg kvöð að þurfa að fara eftir umferðarreglunum. Skítt með það að lögin séu til,

aðgengileg öllum og auk þess til leiðbeiningar. Svarthöfði er núna áhrifavaldur og mun því ekki una því að til þess sé ætlast að hann lesi sjálfur eitthvað að eigin frumkvæði. Það er bara fyrir auman pöpulinn, og þeir sem hafa eitthvað út á það að setja eru sjálfkrafa óvinir Svarthöfða. ■

EINSTAKUR VIÐBURÐUR Í BÆJARBÍÓ



BORLÁKSMESSUTÓNLEIKARÖÐ 2019

*Bubbi
Moothers*

9. DES

BÆJARBÍÓ

ÖRFAIR MIDAR

10. DES

BÆJARBÍÓ

UPPSELT

11. DES

BÆJARBÍÓ

UPPSELT

12. DES

BÆJARBÍÓ

UPPSELT

BÆJARBÍÓ MÆLIR MEÐ FYRIR TÓNLEIKA

MATHÚS BAR
VON

s. 583 6000

Tilveran
RESTAURANT

s.565 5250



s.565 1130

KRYDD
veitingahús

s.558 2222

RIF
RESTAURANT

s. 578 0100



midi.is



prime
UMBODSSKRIFSTOFA



Sandra Mjöll Markúsdóttir.
LJÓSMYND/SKJÁSKOT AF VEFUNIVERSITAS.

„Óþægileg og niðurlægjandi upplifun“

■ Áreititt af tveimur mönnum í stúdentaporpi ■ Birtingarmynd heimsfaraldurs sem ofbeldi er

Audur Ösp Guðmundsdóttir
audur@dv.is



Eftir að hafa mellt þetta atvik, þá sé ég að það er ekkert saklaust við þetta. Þetta er ein af fjölmörgum birtingarmyndum þessa heimsfaraldurs sem ofbeldi og mismunun gegn konum er og vangetu manna til að viðurkenna konur sem jafningja en ekki hluti sem þeir eiga tilkall til. Það á ekki að normalisera svona hegðun eða draga úr alvarleika hennar, það leyfir henni aðeins að viðgangast," segir Sandra Mjöll Markúsdóttir, lögfræðinemi við Háskólann í Ósló, en á dögnum gengu tveir ókunnugir karlmenn um stúdentaporpið og áreititt fjölda kvenna, meðal annars Söndru Mjöll. Hún segir rekstraradila stúdentaporpsins hafa brugðist fagmannlega við.

Sandra Mjöll stundar nám í lögfræði og er í skiptinámi við Háskólann í Ósló. Meðan á náminu stendur býr hún á stúdentagörðunum í Kringsjá.

„Það á ekki að normalisera svona hegðun eða draga úr alvarleika hennar, það leyfir henni aðeins að viðgangast.“

„Ég hafði ekki hugsað mér að pósta þessu, einfaldlega því mér fannst þetta atvik sem ég lenti í ekki neitt sérstaklega alvarlegt og ekkert til að vekja athygli á, enda virðist þetta saklaust í stóra samhenginu. Ég skipti þó um skoðun og ákvað að deila þessu," segir Sandra Mjöll í færslu á Facebook-síðu sinni en mennirnir tveir áreititt hana á stúdentabarnum Union 864 nú á dögnum.

„Í síðustu viku gengu tveir óþekktir menn um stúdentaporpið mitt og áreitittu stelpur, meðal annars mig. Mennirnir löbbuðu upp að mér þar sem ég sat og var að spila með tveimur vinum mínum. Mennirnir horfðu á þá, á meðan þeir

bentu á mig, og spurðu þá hvort að ég væri vinkona eða kærasta, því jú, þeir þurftu að fá staðfestingu frá karlkyns vinum mínum hvort það væri í lagi að áreita mig eða ekki. Þeir heimtuðu svo símanúmerið mitt og eftir að ég neitaði þeim staðfastlega nokkrum sinnum þá tók annar þeirra upp á því að ota peningum að mér í þeirri von að ég segði já. Í tilviki annarrar stelpu brugðust þeir við með því að kalla hana tók og eltu hana eftir að hún neitaði að gefa þeim símanúmerið sitt. Dæmin eru fleiri.“

Sandra ræðir einnig um atvikið við stúdentablað Háskólans í Ósló og stúdentablað OsloMet-háskólans. Í samtali við blaðið segir Sandra að þessi upplifun hafi verið

óþægileg og niðurlægjandi og sömuleiðis gífurleg vanvirðing við hana sjálfa, og allar konur.

Fram kemur að daginn eftir atvikið hafi Sandra lesið færslu inni á Facebook-hópi fyrir skiptinema í skólanum þar sem önnur stúlka sagðist hafa orðið fyrir áreitni af hálfu tveggja ókunnugra manna á svæðinu þennan dag. Sagðist hún hafa horft upp á mennina áreita fjölda annarra kvenna.

Í kjölfarið stigu fjölmargar konur fram og sögðust einnig hafa orðið fyrir áreitni af hálfu manna tveggja þennan dag.

Fram kemur að í kjölfar atviksins hafi öryggisreglur verið hertar á svæðinu og sömuleiðis lögreglu gert viðvart. Það hefur þó enn ekki tekist að hafa uppi á mönnum tveimur.

Sandra Mjöll segist vera ánægð með að málinu sé fylgt eftir. Mikilvægt sé að þolendur kynferðisáreitni upplifi að á þá sé hlustað, og fái viðeigandi stuðning, hvort sem um er að ræða óviðeigandi snertingu eða orðbragð. ■



BELTI FRÁ
5.990 KR.

LEÐURVERKSTÆÐIÐ REYKJAVÍK Á
SÉR LANGA SÖGU EN UPPHAF PESS
MÁ REKJA ALLT AFTUR TIL ÁRANNA
FYRIR SEINNA STRÍÐ. ÁRIÐ 1937
HÓF ÞAÐ STARFSEMI SÍNA AÐ
VÍÐIMEL Í REYKJAVÍK EN Í DAG ER
ÞAÐ TIL HÚSA MEÐ VERSLUN OG
VERKSTÆÐI AÐ SÍÐUMÚLA 33.



AXLARBÖND FRÁ
4.990 KR.



LEÐURVERKSTÆÐIÐ
REYKJAVÍK
— SÍÐAN 1937 —

Listrænar jólagjafir

Falleg hönnun og gjafavara



REYKJAVÍKUR
ART MUSEUM
LISTASAFN
HAFNARHÚS

Fjölbreytt veggspjöld, afsteypur, listaverkabækur og leikföng

Safnbúðir
Listasafns Reykjavíkur
Sími 411 6400

Hafnarhús
Tryggvagata 17
101 Reykjavík

Kjarvalsstaðir
Flókagata 24
105 Reykjavík

Ásmundarsafn
Sigtún
105 Reykjavík



JÓLA- OG BÓKAMARKAÐUR

Ferðafélags Íslands - Mörkinni 6

Gefðu aðild að
skemmtilegum
félagsskap

GÓÐAR GJAFIR
BETRI HEILSA
OG LENGRA LÍF

ÁRSAÐILD AÐ
FERÐAFÉLAGI
ÍSLANDS

Netverslun
www.fi.is

ÁHUGAVERÐIR
JÓLAPAKKAR

- Bækur og bókapakkar, fræðslurit og kort
- Ársaðild að Ferðafélagi Íslands
- Fjallaferðir og gjafabréf
- Um tímann og vatnið eftir Andra Snæ,
áritað eintak meðan birgðir endast



FERÐAFÉLAG ÍSLANDS

KOMDU VIÐ
Í MÖRKINNI 6



„ÉG HEF MÍNAR KENNINGAR UM AFDRIÐ GUÐMUNDAR OG GEIRFINNS“

■ Myrkar ráðgátur ■ Bjarki rannsakar íslensk mannhvörf ■ Var lagður í einelti allan grunnskólann

Ágúst Borgbór Sværissón
agustb@dv.is



Hugur Bjarka Hólmgeirs Halldórssonar hefur dvalið á myrkum slóðum undanfarin ár en hann hefur sökt sér ofan í íslensk mannhvörf. Málin eru furðumörg og sum þeirra dularfull og óhugnanleg. Afrakstur þessa grúskts birtist nú í nýrri bók Bjarka, Saknað - Íslensk mannhvörf. Áður en við víkjum betur

að efni bókarinnar viljum við forvitnast örlítið um manninn á bak við höfundinn. Hver er Bjarki Hólmgeir Halldórsson?

Hann er fæddur 17. júní árið 1984 og ólst upp í Aðaldal í Suður-Þingeyjarsýslu. Bjarki bjó á sveitabæ en þar var þó ekki búskapur heldur rak faðir hans verkstæði fyrir bíla og landbúnaðartæki í héraðinu. Móðirin vann í mötuneyti skólans á svæðinu.

Bjarki var langyngstur fjögurra bræðra og aðspurður segir hann að æska hans hafi verið upp og

ofan:

„Ég lenti í miklu einelti í grunnskóla. Það varði megnið af minni skólagöngu en orðið einelti var ekki til þá,“ segir Bjarki. Aðspurður hvort ofbeldið hafi verið líkamlegt eða andlegt segir hann að andlega hliðin hafi vegið þyngra. Hann viðurkennir að minningarnar um eineltið hafi fylgt honum fram á fullorðinsár.

„Ég gerði þetta upp fyrir nokkrum árum þegar ég gaf út fyrsta lagið mitt, Fortíð,“ segir Bjarki en hann hefur mikið

fengist við tónlist. „Ég hef spilað á gítar, bassa og trommur í hljómsveitum og gefið út tvær fjögurra laga plötur. Ég á síðan í skúffu um 70 lög og texta sem ég hef samið.“

Bjarki hefur átt í mismiklum samskiptum við ofsækjendur sína úr æsku og gert upp mál in við suma þeirra. „En ég nenni ekki að eyða meiri tíma og orku í þetta, mér finnst svo margt annað mikilvægara í lífinu,“ segir hann. „Ég er fyrir löngu búinn að sleppa frá mér allri biturð vegna eineltisins.“

Ég sótti mikið í frænda minn sem bjó á næsta bæ en hann lést í fyrra og andlát hans var mér þungbært. Hann og kona hans voru ekki bara skyldfólk mitt og nágrennar, þau voru í raun bestu vinir mínir á þessum tíma.“

Bjarki fluttist síðan á mölina. Hann býr á höfuðborgarsvæðinu og starfar sem vinnuvélastjórnandi hjá Ístaki, mest á jarðýtu og gröfu. Í frístundum sinnir hann skrifum og tónlist. Bjarki á eina dóttur og hann er í sambúð með konu sem á son fyrir. Bjarki lítur

á bæði drenginn og stúlkuna sem börnin sín.

„Börnin mín gera mig að betri manni á hverjum degi,“ segir Bjarki.

Margir vinklar í mannhvörfum órannsakadír

Málin í bókinni hans Bjarka eru mörg og sumar frásagnirnar stuttar. Í önnur mál er síðan kafað dýpra. Blaðamaður spyr Bjarka hvort hann sé sammála því að dularfyllstu málin fái mesta rým- ið á síðum bókarinnar.

„Já, og þau mál sem best hef- ur gengið að fá upplýsingar um eru gjarnan þessi dularfullu mál, því þar hafa ættingjar og aðrir ná- komnir verið meira leitandi.“

Lesandi hlýtur að staldra við framgöngu lögreglu á áttunda áratugnum, annars vegar vegna andvaraleysis hennar í nokkrum mannhvarfsmálum og hins vegar undarlegra vinnubragða í Guðmundar- og Geirfinns- málunum.

Þannig hvarf háskólaneminn Sverrir Kristinsson með afar dularfullum hætti um páskana árið 1972 en hann bjó á Nýja Garði á háskólasvæðinu í Reykja- vík. Lögreglan rannsaði hvarf hans aldrei sem sakamál og virt- ist mjög kasta til höndum við rannsóknina. „Í því máli neit- aði lögreglan að kalla til spor- hund við leitina að Sverri og það var ekki gert fyrr en fjölskylda hans gekk í það mál,“ segir Bjarki. Hann bendir líka á að ekki hafi síður verið mannaferðir hafi verið kringum hvarf Sverris en til dæmis í kringum hvarf Geirfinns Einarssonar tveimur og hálfu ár síðar, mannhvarfs sem varð að einu þekktasta sakamáli Íslands- sögunnar.

Það sama má segja um hvarf Kristins Ísfeld en þar hafði lög- regla ekki áhuga á vitnisburði manns sem taldi sig hafa upplýs- ingar í málinu. Og þegar sjómað- urinn Willy Petersen hvarf árið 1974 sýndi lögregla engan áhuga á hvarfinu. Eru því allnokkur dæmi um andvaraleysi lög- reglunnar í mannhvarfsmálum.

Bláamaður spyr Bjarka hvort hann telji að saknæmt atferli hafi átt sér stað í mörgum þeirra mála sem fjallað er um í bókinni.

„Ég held að í mörgum tilvikum hafi fólk horfið af öðrum ástæð- um en einhverju saknæmu.

Það er að segja, slys eða sjálfs- morð. Engu að síður held ég að ástæða hafi verið til að rannsaka miklu fleiri sem möguleg saka- mál. Og vinna vel og skipulega en ekki kasta til höndum eins og við þekkjum úr Guðmundar- og Geirfinns málunum, þar sem rannsóknin virðist hafa snúist um að finna einhverja blóra- böggla.“

Eitt dularfyllsta málið sem fjallað er um í bókinni er hvarf Þjóðverjans Max Robert Heinrich Keil sem varð íslenskur ríkis- borgari og tók sér nafnið Magnús Teitsson. Hann hvarf árið 1968. Magnús bjó í Kópavogi og hvarf kvöld eitt um kvöldmatar leyti eftir að hann hafði verið hjá vini sínum í Fossvogi. Bíllinn hans fannst fyrir utan heimili hans að Þinghólsbraut en Magnús sjálfur fannst aldrei aftur. „Þetta mál er með þeim dularfyllri sem ég hef skoðað,“ segir Bjarki. „Þetta er svo skrítið, ef hann lét sig hverfa sjálfur, hvert fór hann? Aftur til Þýskalands? Átti hann sökótt við einhverja?“

Annað mál sem vakti mikla athygli á sínum tíma var hvarf Guðmundar Finns Björnssonar, sem hvarf árið 1987 eftir að hafa gefist upp á biðröð fyrir utan skemmtistaðinn Hollywood og gengið út á Reykjavíkurlugvöll. Starfsmaður þar gaf sig á tal við Guðmund og bað hann um að halda sig frá flugvallarsvæðinu. Guðmundur gekk burtu og hef- ur ekki sést síðan. Bjarki telur að lögregla hefði átt að kanna tilgátu frá Freyju Jónsdóttur um málið, en hún kom henni á framfæri. Freyja skrifaði síðan á níunda áratugnum langan greinaflokk um mannhvörf í íslensk blöð og hefur Bjarki stuðst mikið við skrif hennar við sína vinnu. Þess má geta að Freyja er móðir blaða- mannsins sem skrifar þessa grein.

„Freyja benti á að einstak- lingar hafi átt það til að stunda einhvers konar kappakstur á vegaslóðum í og við Öskjuhlíð. Guðmundur gekk í þá átt og sú tilgáta var rannsóknarinnar virði hvort óhapp hefði orðið og hann gengið í veg fyrir einhvern af þessum ökuþórum. Hinir seku hafi síðan losað sig við líkið.“

Við ræðum einnig lítilliga um unglingspiltana Júlíus Karls- son og Óskar Halldórsson, sem



„Ef þau væru sek þá hefðu komið fram betri upp- lýsingar í byrjun og líkin fundist.“

hurfu í Keflavík árið 1994. Talið var að piltarnir hefðu fallið fyrir björg og druknað. „Þetta er eitt af þessum málum þar sem ég veit ekki hvað ég á að halda. Ég er ekki sannfærður um þá skýringu að þeir hafi farið fyrir björgin en ég hef ekki aðra á takteinum,“ segir Bjarki.

Aðspurður hvort lögregla myndi í dag bregðast öðruvísi við sambærilegum mannhvörf- um og virðast hafa verið svo illa rannsökuð á sínum tíma, segir Bjarki:

„Það eru allt aðrir tímar. Tæknin er öðruvísi, þú ert alltaf með síma á þér og það er hægt að komast með ótrúlegri nákvæmni að staðsetningu þinni, eða hvar síminn var síðast. Eflaust hafa rannsóknarlögreglumenn í dag betri tæki og meira til að byggja á og ég held að oft hafi vanþekking ráðið för hjá lögreglumönnum hér áður fyrir, þöggun hugsanlega í einhverjum tilvikum, án þess að ég ætli að fullyrða um það.“

„Þau hefðu játað á sig móðu- hardindin“

Bjarki telur útilokað að fyrrver- andi sakborningar í Guðmundar- og Geirfinns málum beri ábyrgð á hvarfi manna. „Ef þau

væru sek þá hefðu komið fram betri upplýsingar í byrjun og lí- kin fundist. Þau virtust til í að játa á sig hvað sem var, þau hefðu meira að segja játað á sig móðu- hardindin ef þau hefðu verið bor- in á þau,“ segir Bjarki.

En hefur Bjarki sjálfur ein- hverjar kenningar um afdrif Guð- mundar og Geirfinns?

„Ég hef mínar kenningar um afdrif Guðmundar og Geirfinns, það væri samt óábyrgt af mér að setja þær fram, til þess skortir meiri sannanir svo ég treysti mér til að standa með þeim eða falla. Ég tel þó ýmislegt vanrannsakað, eins og vitnisburð varðandi tvo einstaklinga sem voru handtekn- ir árið 2014 vegna mögulegrar að- ildar að hvarfi Guðmundar.“

Við ræðum örlítið heimilda- mynd þýsks manns um Geir- finns málið sem Sjónvarp Síms- ans sýndi í vor. Þar var meðal annars fjallað um elskhuga eig- inkonu Geirfinns, Vilhjálmm Svan- berg Helgason. Bjarki gagnrýnir að lögreglan hafi ekki rannsakað Vilhjálmm Svanberg betur á sínum tíma, en hefur engu að síður efa- semdir um að hann sé valdur að hvarfi Geirfinns, enda hafi hann ekki virst svo ýkja hugfanginn af konunni.

Gætir þess að áhugamálið verði ekki að áráttu

Hugur Bjarka er hjá aðstandend- um hinna horfðu og hann segir að þungbært hljóti að vera að burð- ast með óvissuna um afdrif ást- vina sinna. Hann hefur náð góðu samband við marga aðstandend- ur horfinna við rannsóknir sín- ar. „Sumir vilja vissulega ekki tjá sig, en svo eru dæmi um aðra sem hafa haft samband að fyrra bragði og viljað að fjallað yrði um mál.“

Bjarki hefur lifað og hræst lengi með þessum málum, en þegar blaðamaður spyr hvort þau geti haldið fyrir honum vöku og orðið að áráttu þá svarar hann:

„Ég passa að þetta verði ekki að áráttu. Þegar ég hef lokið við kafla þá þarf ég að gæta þess að hvíla mig og fá þetta ekki á heilann. En það er samt ekki hægt að neita því, að þetta er alltaf með einum eða öðrum hætti í huga manns.“

Bjarki vill í lokin minna á að þó að bókin sé komin út sé hann ekki hættur að skrifa um mannhvörf. Hann tekur við ábendingum á netfangið mannhvarf@gmail. com og heldur áfram að skrifa um mannhvörf á vefsíðuna manns- hvorf.is og Facebook-síðuna Ís- lensk mannhvörf. ■

Eigum fjórar stærðir af lokum á lager í gráum og brúnum litum
Verð frá 58.500 kr.

GODDI.IS
 AUÐBREKKU 19 - KÓPAVOGI - S. 544 5550

FRÁBÆRAR EIGNIR

með góða staðsetningu

BÚM
BETUR



bygg.is

Nýjar íbúðir í Reykjanesbæ

Hlíðarhverfi

Fyrsti áfangi Hlíðarhverfis sem nú er kominn í sölu liggur á milli Þjóðbrautar og Skólabrautar. Þarna er um að ræða blandaða byggð einbýlishúsa, parhúsa, raðhúsa og lágreistra fjölbýlishúsa. Stutt er í alla nauðsynlega þjónustu og öruggar göngu- og hjólaleiðir í skóla og íþróttastöðu sem er í næsta nágrenni.

Íbúðirnar í fjölbýlishúsum Hlíðarhverfis eru 4-5 herb. 112,6 - 148,7 fm
Einbýlishúsin á bilinu 230,1 - 248,5 fm og parhúsin á bilinu 170,9 - 203,9 fm

Skóðið
teikningar
á bygg.is

BÚM
BETUR



bygg.is

Fjölbýlishús,
einbýli og parhús

NÝTT Í SÖLU

Afhending við kaupsamning

Afhending maí - júlí 2019

BÚM
BETUR



bygg.is

Strikið 1 ABC

Sjálalnd í Garðabæ

Sala er hafin á íbúðum í glæsilegu 3ja til 5 hæða fjölbýlishúsi við Strikið 1 í Sjálandi í Garðabæ, ætlaðar íbúðum 60 ára og eldri.

Íbúðirnar eru 2-3 herbergja og 84-174,2 fm.

Íbúðirnar verða með vönduðum innréttingum frá Axis og vönduðum AEG eldhústækjum.

Íbúðirnar verða ýmist með góðum svölum eða stórrí timburverönd.

Stæði í bílageymslu fylgja öllum íbúðum.

Íbúðir fyrir 60 ára og eldri

Skóðið
teikningar
á bygg.is

NÝTT Í SÖLU

Naustavör 28-34

Bryggjuhverfinu í Kópavogi

Glæsilegar íbúðir í 3-4 hæða fjölbýlishúsi við Naustavör 28-34.

Íbúðirnar eru 76-244 fm, 2-4 herbergja.

Íbúðirnar eru með vönduðum íslenskum innréttingum frá Brúnás og vönduðum AEG eldhústækjum.

Íbúðirnar eru með góðum svölum. Stæði í bílskýli fylgja flestum íbúðum. Útsýni til sjávar er úr flestum íbúðum.

NÝTT Í SÖLU

Skóðið
teikningar
á bygg.is

Afhending maí - sept. 2019

BÚM
BETUR



bygg.is

STUÐLABERG
FASTEIGNASALA
Hafnargötu 20, 230 Reykjanesbær S: 420 4000
Guðlaugur H. Guðlaugsson löggiltur fasteignasali
studlaberg@studlaberg.is

**FASTEIGNA
MARKAÐURINN** ehf
Óðinsgötu 4 • S. 570 4500
Jón Guðmundsson, lögg. fasteignasali

**FASTEIGNASALAN
TORG**
KRAFTUR - TRAUÐ - ÁRANGUR
Garðatorgi 5 - 210 Garðabæ
Sími 520 9586

FJÁRFESTING
FASTEIGNASALA EHF
Sími 562 4250
www.fjarfesting.is
Borgartúni 31

BÚM
BETUR



www.bygg.is

Skóðið
teikningar
á bygg.is

Naustavör í Kópavogi

Hefurðu kynnt þér nýtt hverfi við sjóinn?

BYGG er með fjölda íbúð í byggingu í Naustavör í Kópavogi. Naustavörin er staðsett á fallegum stað móti Nauthólsvíkinni, í fjölskylduvænu umhverfi við sjávarsíðuna. Í Naustavör er gert ráð fyrir um 400 íbúðum.

Kiktu á bygg.is og kynntu þér glæsilegt úrval íbúða í Naustavör.



Byggingafélag Gylda og Gunnars byggir á 35 ára reynslu á íslenskum byggingamarkaði.



„ÞETTA ER SPILLING OG ÞETTA BER AÐ TAKA ALVARLEGA“

■ Þingmenn eru nettröll í morfískeppni ■ Neitar að klæða sig upp í virðingu og vill ekki vera í skóm á þingi ■ Segir spillingu á Alþingi

Erla Dóra
erladora@dv.is



Þingmaður Pírata, Björn Leví Gunnarsson, hefur verið óspar á stóru orðin í gegnum tíðina og ekki hik- að við að gagnrýna störf annarra þingmanna. Nýlega vakti hann athygli þegar hann opnaði síðu í þeim tilgangi að safna saman spillingsögum til að sýna og fræða Íslendinga um tíðni og mismunandi birtingarmyndir spillingar. Blaðamaður settist niður með Birni og ræddi daginn og veginn.

Barnið Björn

„Ég var voðalega ljúfur sem krakki. Ég ólst upp úti á landi, hér og þar, ég var svona flökku-

krakki. Þorlákshöfn fyrst, Grundarfjörður, Þorlákshöfn aftur, Grundarfjörður aftur, Sauðárkrúkur og aftur Grundarfjörður.“ Allt frá barnæsku hefur Björn verið mikið í íþróttum og hefur í þrjúgang hlotið silfur á Íslandsmeistaramótum, hvert í sinni greininni. „Fyrst í kringlukasti. Maður var í öllu þarna úti á landi. Svo handbolta, þegar ég kom í bæinn og svo núna nýlega í bogfimi.“ Að loknum grunnskóla hélt Björn til Reykjavíkur þar sem hann fór í Fjölbrautaskólann í Ármúla á íþróttabraut. „Ég ætlaði að fara í íþróttakennaranám, það voru ákveðin áhrif sem íþróttakennari á Grundarfirði hafði á mig. Í lok íþróttatíma einhvern tímann tók hann okkur í svona heimspekilegt spjall og ég ákvað

að fara þá leið.“

Björn var lagður í einelti sem barn og telur hann það hafa mót- að hann mikið sem einstakling. „Ég var eineltiskrakki svo maður hafði ekkert svigrúm til að vera til vandræða. Eineltið hófst svona um átta ára aldurinn og stóð eitt- hvað fram eftir aldri. Það var hitt og þetta sem olli, til dæmis Leví- nafnið og líka þar sem ég var oft ný krakki á svæðinu þar sem ég var mikið á flakki. Maður varð alveg utangarðs og ekki með fjöl- skyldu á svæðinu, bakland eða þvíumlíkt. Það var ansi röff.“

Telur þú að eineltið hafi mót- að þig mikið sem einstakling?

„Rosalega mikið. Þetta var svo óréttlátt og það er dálítið þannig sem spólar upp réttlæt- iskenndina hjá manni og ger-

ir það að verkum í seinni tíð að þegar maður verður vitni að álíka óréttlæti þá segir maður nei, það kannski sést svona svolítið á mér, en það er eiginlega þaðan sem það kemur. Maður sér sjálf- an sig sem góða manneskju í dag en hugsar, væri ég það ef ég hefði ekki lent í þessu? Væri ég önnur manneskja ef ég hefði ekki lent í þessu og myndi mér líka við þá manneskju?“

Heiðarleiki barna

Eftir framhaldsskóla voru það menntavísindin sem heilluðu.

„Ég fór svolítið í menntavís- indir fyrst. Fyrsta starfið mitt eft- ir framhaldsskóla var starfsmað- ur á leikskóla. Þar eiginlega ólst ég svolítið upp með krökkunum. Þar hitti maður fyrst aftur heiðar-

legt fólk. Börnin eru einlæg og segja það sem þau meina. Það er ástæða þess að ég segi oft að ég myndi frekar vilja fá fimm ára krakka á þing en fólk sem er þar núna. Það er vinsælt fyrirbæri á internetinu í dag sem kallast „út- skýrðu þetta eins og ég sé fimm ára“ en það er nokkuð sem þarf að gera í stjórnmálum. Þingmenn eiga ekki að vera sérfræðingar í öllu, það á að vera hægt að út- skýra fyrir almenningi og þing- mönnum með skiljanlegum hætti hvað er að eiga sér stað.“

Tölvunarfræðin heillaði Björn einnig. Hann fór í kvöldskóla og lærði tölvufræði, byrjaði í grunn- námi í Kennaraháskólanum en færði sig svo alveg út í tölvunar- fræði í háskólanum og í kjölfarið fór hann í doktorsnám erlendis

MYNDIR: EYÞÓR ÁRNASON



„Væri ég önnur mann-
eskja ef ég hefði ekki
lent í þessu og myndi mér
líka við þá manneskju?“

„Ég get tvímælalaust sagt að Sigmundur Davíð sé leiðinlegastur að því að hann að langómálefnalegastur

í menntatölvutækni. Hann var staddur erlendis í námi þegar efnahagshrunið varð á Íslandi árið 2008.

Pólitíkin kallar

„Ég var nýfluttur til útlanda þá, í nám, fór út í ágúst 2008 og stuttu seinna fór allt á hliðina. Þarna horfði ég á þetta gerast utan frá og þá var mjög erfitt að vera Íslendingur erlendis. Síðan komu Píratar inn í kosningunum 2013. Ég þekkti til hugmyndafræðinnar sem þeir unnu eftir, það var í raun nákvæmlega það sem ég var sjálfur að kenna sem aðstoðarkennara í doktorsnáminu.“

Píratar vildu uppfæra stjórn-málin í takt við öra tækniþróun samtímans.

„Ég sá alveg alvöruna á bak við þetta. Ég kannaðist við Helga Hrafn frá eldri tíð og ég var með Smára í tölvunarfræði í Háskóla Íslands svo ég vissi alveg að þeim væri alvara, þetta var ekkert djók. Ég spurði í raun bara hvað ég gæti gert til að hjálpa, ég hafði staðið fyrir utan þetta allt, þessi fimm ár frá hrúni, þar sem ég gat ekkert gert og var bara áhorfandi. Einnhverra hluta vegna, án þess að hafa svo mikið sem hitt allt fólkið í flokknum, endaði ég á 2. sæti á framboðslista. Ég spurði bara: En þið hafið ekki einu sinni hitt mig? En þarna varð ekki aftur snúið hvað þetta varðaði.“

Birni finnst mikið líkt með tölvunarfræði og stjórn-málum, en sú líkindi fá ekki að njóta sín í því kerfi sem starfað er eftir í íslenskum stjórn-málum.

„Aðferðafræði sem ég hafði meðal annars verið að vinna eftir

í gæðaeftirliti hjá CCP og hjá öðrum stöðum í hugbúnaðarþróun, þar sem maður þarf að finna út hvernig maður býr til lausnir í kerfum þar sem þarf mikil samskipti milli notenda kerfis og þeirra sem búa kerfið til, í sífbreytilegu umhverfi. Þannig ættu stjórn-málin í raun að virka, en þau gera það ekki. Við erum með þannig fyrirkomulag í dag að stjórn-völd ákveða bara að hlutirnir verði á hinn veginn eða annan, síðan tekur jafnvel 10 ár að búa til kerfi sem er þá strax orðið úrelt og enginn skilur til hvers það er. Heimurinn gjörbreytist á einni nóttu. Við þurfum að klára að koma okkur frá stjórnkerfi sem var þróað á síðustu öld og taka skrefin sem þarf, til að klára að nútímavæða okkur en líka taka skrefin til að auka og bæta samskipti við samfélagið, eða notendur kerfanna okkar.

Leiðinlegur þingmaður

Ert þú skemmtilegast þingmaður-urinn?

„Nei, alls ekki, ég er sko ekkert skemmtilegur. Ég er svo leiðinlegur við alla að spyrja óþægilegra spurninga og gagnrýna alla, jafnvel samstarfsfélaga í minnihlutunum, sem hefur þótt mikið tabú. En þetta er vinnan mín, vinna sem gerir ákveðnar kröfur til mín. Ef ég ætla að sinna þessari vinnu vel, þá eru ýmsir hlutir sem ég get ekki haft mína hentisemi um. Það er í rauninni svona lykilatriði hvað allt þetta varðar.“

Björn líkir störfum Alþingis við ákveðið leikrit. Þar klæði menn sig upp og fari í raddþjálfun þar sem þeim er kennt að tala með

sannfærandi hætti. Þingmenn fá aðeins skamman tíma í pontu til að ræða málin og umræðan verði því sjaldnast eins djúp og hún þyrfti að vera og mikið um útúr-snúninga. Nefnir hann þar helst Miðflokkinn. Sjálfur vill Björn koma til dyranna eins og hann er klæddur. Klæðir sig ekki upp og leyfir sér að vera í ósamstæðum sokkum.

„Enda er það umhverfisvænt á vissan hátt að þurfa ekki að farga pari af sokkum bara því annar sokkurinn er kominn með gat eða horfinn.“

Segist hann jafnframt ekkert hrifinn af því að þurfa að vera í skóm á þingi, enda sé það ómannúðlegt að skikka menn til að vera í skóm heilu og hálfu dagana.

„Svona hlutir hafa samt áhrif. Konan mín er lektor í sálfræði og þar eru kenndir áfangar um fortölur og þess háttar. Maður sér slíkt leikrit í kosningum. Það er verið að sannfæra fólk og til þess eru notuð þau tæki sem sann- að er að hafi virkað, alveg óháð því hvaða orð liggja að baki. Mér finnst þetta óheiðarlegt. Ég vil ekki klæða mig upp, gera mig of-ursnyrtilegan og vera í samstæðum sokkum. Ég vil ekki klæða mig upp í virðingu. En á sama tíma þá skil ég það vel að aðrir snyrti sig ef það er samkvæmt þeirra sannfæringu.“

En hver er þá leiðinlegasti þingmaðurinn?

„Ég get tvímælalaust fullyrt að Sigmundur Davíð sé leiðinlegastur af því að hann að langómálefnalegastur. Langsamlega ómál-efnalegastur. Og snýr gjörsamlega út úr öllu og ekki hægt að treysta á orð sem hann segir. Ég get alveg bara hiklaust sagt það út frá þeim forsendum.“ Björn bætir þó við að þetta eigi við um störf Sigmundar, en ekki persónu hans utan þingstarfa.

Alþingi kom á óvart

Þegar Björn tók fyrst sæti á Alþingi árið 2014, þá sem varaþing- maður, var ýmislegt sem kom

honum á óvart.

„Ég kom þarna inn og upp- lifði súrrealismann af því að vera þarna. Allt var miklu minna en það hafði sýnst í sjónvarpi og í fjölmiðlum. Ég er ekkert lítill maður svo ég var rekandi hnén í úti um allt. Þingið er ofan í einhverri gryfju þarna og er mun þrengra en það lítur út fyrir að vera.“

Samstarfsmenn hans á þinginu komu einnig á óvart. „Svo er fólkið sem situr þarna með manni bara ósköp venjulegt fólk. Og þegar maður sat þarna og fylgdist með fólki spjalla, með nánari og óformlegri hætti en það gerir í fréttum og sjónvarpi, þá kom á óvart hvað umræðan á Alþingi er í rauninni nákvæm- lega eins og hún er hjá virkum í athugasemdum á internetinu.“

Björn fann því fyrir auknu sjálfstrausti þegar hann sá að þingmenn væri í raun bara nettröll, en hann hafði löngum glímt við slík á internetinu. „Þetta eru bara mannleg samskipti þegar allt kemur til alls. Að kunna að glíma við nettröll er hæfileiki sem velflest okkar, að minnsta kosti í Þírötum, búa yfir. Þannig að við vorum eiginlega á heima- velli að glíma við nettröllin á Alþingi sem snúa út úr öllu, bók- staflega öllu. Það var þetta sem kom mér helst á óvart, hversu mikill tröllismi er þarna. Þetta er bara ákveðin keppni, mor- fíскеppni. Þannig hafa stjórn- málin verið, og því þarf að breyta.“

Spillingarsögur

Það málefni sem Björn brennur helst fyrir þessa stundina segir hann tvímælalaust vera spill- ingarmál. Hann hefur opnað síðu á netinu þar sem hægt er að deila nafnlausum frásögnum af spill- ingu á Íslandi.

„Í gegnum tíðina hefur maður heyrt svo margar og mismun- andi sögur um spillingu, sumar sögurnar jafnvel mjög oft. Það er kominn tími til að ráðast í svona verkefni og ég átti erfitt með að skilja hvers vegna enginn hafði

gert það nú þegar. Í umræðunni virðist spilling oft aðeins tengd við það þegar brún umslög eru rétt undir borðið, sem við höf- um nú séð í Samherjamálinu að á sér vissulega stað. En spilling er líka til í mörgum öðrum formum. Maður sér athugasemdir, eins og núna nýlega, þar sem fólki finnst bara fallett af sjávarútvegsráð- herra að hringja í gamlan vin sinn, og spyrja hvernig honum líði. Og það er mjög vel skiljan- legt, en þetta er samt spilling. Það er hagsmunaárekstur þarna á milli. Enginn sjávarútvegsráð- herra sem væri ekki vinur hans, myndi hringja í hann og spyrja hvernig honum líði. Hann tók sér þessa ábyrgðar- og trúnaðarstöðu og hún er bara því miður mikil- vægari, þegar allt kemur til alls, heldur en þetta vinasamband. Þetta dæmi er birtingarmynd á því hversu illa sumir virðast skilja hagsmunaárekstra, og það eitt og sér er alvarlegt og er ein ástæða fyrir því að ég er safna saman þessum sögum. Til að segja: Þetta er spilling og þetta ber að taka alvarlega.“

Í framhaldinu vonast Björn til að gefa út sögurnar til að fræða og sýna fram á mismun- andi birtingarmyndir spillingar. „Í rauninni áþekkt hugmynda- fræði og í #metoo-byltingunni. Söfnunin á þeim sögum var til að sýna fram á að andstætt því sem margir töldu, þá var þetta mun algengara en fólk gerði sér grein fyrir og veitti einnig þolendum, sem ekki höfðu túlkað framkomu og háttarni gagnvart þeim sem áreitni, grundvöll til að þekkja háttsemina sem áreitni.“

En er spilling á Alþingi?

„Já, ég segi það alveg óhikað.“

„Ég er algjört nörd og víðurkenni það fúslega“

Sú menning sem gjarnan er köll- uð nördamenning er ekki nokk- uð sem oft hefur verið tengd við þingmenn. En Björn segist stolt nörd og gengur jafnvel enn lengra og bendir á að margt á Alþingi og í lagaverki Íslands komi í raun ►

frá slíkri menningu. „Ég er algjört nörd og viðurkenni það fúslega. Ég myndi segja að kjarninn að lögum, stjórnáttum og svona komi frá nördisma. Það er að segja, það að fara í gegnum reglubækurnar í spunaspilunum þar sem maður er að skoða ákveðna setningu og reyna að skilja hver ætlunin með tiltekinni reglu er, hver er birtingarmynd hennar í tilteknum aðstæðum og hvernig skal túlka hana. Þetta er ekkert annað en lagalestur.“

Um daginn var ég með með syni mínum að spila monopoly. Þar stendur í reglum að það megi kaupa hús hvenær sem er. Svo þegar sonur minn lenti á reit sem ég átti, þá keypti ég hús áður en ég rukkaði hann um leigu. Sem er líklega mjög ósanngjarn og allt það, en út frá því sem reglurnar segja þá virðist það vera hægt. Og ef allir nota sömu reglur þá er kannski jafnræði í því, en ekki endilega ætlunin þegar reglan var skrifuð. Það kom alveg góð rökræða þarna á eftir þar sem sonur minn fór á netið til að kanna hvort þetta virkaði í raun og vera svona. Nördismi er nákvæmur, nákvæm þekking á einhverju sem er kannski ekki alveg það vinsælasta í samfélaginu og þess háttar. Mín nördamenning er í spunaspili og borðspilum, en var áður í tölvuleikjum.“

Jólin

Nú eru jólin á næsta leiti. Björn segir jólahæfir fjölskyldunnar ekkert sérstaklega strangar. „Ætli það sé ekki bara risalámanðe sem maður gerir. Það er sérgrein hjá mér að skella í einn svoleiðis. Ég kenndi fjölskyldu konunnar minnar að hafa möndlugraut, þá erum við með möndlugjöf sem er pakkað inn og enginn veit hvað er, yfirleitt eitthvert spil.“

Eins ákveður fjölskyldan yfirleitt hver jólin fyrir sig hvað skuli hafa í matinn.

„Það er bara það sem við ákveðum með skömmum fyrirvara. Það er anarkismi þar. Konan mín er ekki mikið fyrir reyktan mat, annars væri líklega hangikjöt, en við höfum prófað ýmislegt, það er engin hefð þar. Ef eitthvað er, þá er bara gaman að prófa eitthvað nýtt. Við erum heima á jóluum sjálfum, en förum líka í jólaboð hjá fjölskyldunni. Helsta hefðin hefur verið að fara til



ömmu minnar á annan í jólum en þetta árið verður boðið óvenju snemma í desember.“

Í æsku Björns voru jólin öllu hefðbundnari, en hann dvaldi til skiptis hjá móður sinni og föður á jóluum. „Þegar ég var barn skipti ég á milli þess að vera hjá mömmu og pabba á aðfangadag og jóladag. Sitt á hvað. Það var í raun bara mín ákvörðun, mér fannst það sanngjarnast þannig. Svo var það annar í jólum hjá ömmu.“

Björn er ekki mikið fyrir að klæða sig upp fyrir þingið. Það sama gildir um jólin. Helst myndi hann vilja halda þau á náttfötunum, og kannski endar það þannig í framtíðinni.

„Við fluttum til útlanda og höfðum ekki fjölskylduna hjá okkur. Þá gerðum við okkur grein fyrir að fyrst við værum komin með barn þá þyrftum við kannski að fara að koma okkur upp einhverjum jólahæfir. Það eru oft krakkarnir sem búa til hefðirnar og nú hefur sonur minn ákveðið að gerast grænmetisæta svo ég veit ekki alveg hvernig jólin verða. En þetta snýst um að hafa gaman.“

Útúrslunir á þingi

„Stjórnáttamenn bera ábyrgð á því að hafa umræðuna málefnalega. Það er allt í lagi að gantast af og til, en ef pólitíkin er í sífelldri útúrslunirarkræðu þá er

aldrei verið að ræða kjarna málsins,“ segir Björn og bendir á að á Alþingi skipti miklu máli hvaðan hugmyndir og tillögur komi. Jafnvel þó svo meirihluta þingmanna finnst viss tillaga góð þá getur hún verið felld einfaldlega vegna þess að hún stafaði ekki frá réttum aðila.

„Við höfum alveg séð það, að það hefur komið hugmynd, til dæmis í fjárlögum, breytingatillaga frá minnihluta sem er hafnað en síðan er sama breytingatillagan lögð aftur fram af meirihlutanum og er þá samþykkt. Þetta er kerfi þar sem þú vilt ekki gefa andstæðingum þínum plús í kladdann og eiga það á hættu að árangur annarra komi niður á þér.“

Þetta gildi ekki aðeins um minnihluta gegnt meirihluta Alþingis.

„Það var eitt mál, margir nefndarstarfsmenn að baki því, um rafrænar þinglýsingar. Málið var komið á lokaúttökudag, síðasti nefndarfundurinn, og það átti að klára þetta mál úr nefnd. Þá kemur einn svokallaður samstarfsmaður úr minnihlutanum og stöðvar málið. Segir bara „nei, það þarf að skoða þetta betur“. Þá reyndist flokkur þessa manns ekki vera með fleiri mál til að koma í gegn, þarna þarf nefnilega að vera visst jafnvægi líka. Ef Þíratar fengju þrjú mál í gegn þyrftu allir hinir úr minnihlutanum líka að

fá þrjú mál í gegn, alveg óháð því hversu góð málin væru.“

Meirihlutinn vill að við fáum eins fá mál út og við getum. Svo þeir stjórna í rauninni heildarfjöldanum, en svo er líka innri barátta innan stjórnarandstöðunnar um að enginn fái meira en hinir. Það er náttúrulega sorglegt, en svona virkar kerfið, baunatalning. Ég hef ekki fyrirgefið viðkomandi þingmanni þetta ennþá, langt í frá.“

Ekkert heyrt frá siðanefnd

Þórhildur Sunna Ævarsdóttir, þingmaður Pírata, var talin hafa brotið siðareglur Alþingis vegna ummæla hennar um að rökstuddur grunur væri á að þingmaður Sjálfstæðisflokksins, Ásmundur Friðriksson, hefði dregið sér almannafé með akstursgreiðslum. Björn Leví hefur einnig sagt slíkan rökstuddan grun á ferðinni, en ekki hlotið ávítur siðanefndar.

„Nei, ég hef ekki hlotið slíkar og ég skil ekki af hverju.“

Telur þú að það sé vegna kyns þíns?

„Ég sé ekki aðra útskýringu á því, það er bara þannig. Siðanefndir sem slíkar geta alveg virkað og hafa gert það erlendis, við erum bara ekki komin nógu langt í dag. Hérna ætti siðanefnd að vísa málum til þar til bærra yfirvalda til að auka traust og eyða efasemdum. Varðandi akstursgreiðslur Ásmundar hefði

vel geta orðið niðurstaðan að ekkert misjafnt hefði átt sér stað, það lítur ekki út fyrir að vera það og til að eyða þessum efa hefði verið rétt að láta þar til bæra aðila, saksóknara eða aðra klára þetta. Það var hins vegar ekki gert.“

Björn segir þetta ríma við spillingarsögurnar sem hann safni saman. Þar sé að finna sögur sem ekki margir tengi við spillingu. Líkt og símtal sjávarútvegsráðherra til Þorsteins Más Baldvinssonar vegna Samherjamálsins.

„Það er viðurkennt líka, í svörum þingsins, að ráðherrar fá borgaða dagpeninga fyrir að fara út á flugvöll, og fá líka far með ráðherrabílum á sama tíma. Þarna er verið að tvíborga og þetta eru hlunnindi sem samkvæmt reglum ber að greiða til baka. En það er ekki gert. Þetta eru hlunnindi sem eru laun og ber að borga skatt af. En eftir því sem ég best veit er það ekki gert. Þarna eru þeir með hærri laun í hvert sinn sem þeir fara til útlanda, allavega fyrir dagpeningana, til að komast til og frá flugvelli, en svo fá þeir líka matarpening, en fá svo frían mat í matarboðum í opinberum heim sóknum. Þarna er alveg hvati í kerfinu til að fara til útlanda, því þarna fá ráðherrar pening í vasann. Í öllum skilgreiningum spillingar gæti þetta vel flokkast sem spilling. Í svári þingsins um þessa hefð var sagt að fyrir þessu hefði myndast hefð, hefð fyrir að fara ekki eftir lögum reglum.“

Margt sem Íslendingar þurfa að læra

„Það er margt í þessu sem við þurfum að læra og að hluta til vona ég að spillingarsögurnar geti byrjað umræðuna. Við þurfum að ræða þetta meira, við erum svo nátengt og lítið samfélag að við þurfum virkilega að vera með þessi atriði á hreinu og gæta okkar hvað þau varðar. Kunna að stíga til hliðar, það er ekkert vandamál að segja af sér sem ráðherra eða eitthvað svoleiðis. Ég tek oft dæmið um Hönnu Birnu, hefði hún stigið til hliðar strax í stað þess að fara að skipta sér af lögreglunni og því, þá efast ég ekki um að hún væri formaður Sjálfstæðisflokksins í dag, en þetta er list sem við kunnum ekki og því hvarflaði þetta ekki að henni. Það er bara neitað og neitað fram í rauðan dauðann, eða þagað.“ ■

Ég er 25 ára gaur sem vill kynnast konu á svipuðum aldri. Er með blæti fyrir fallegrri hönnun og útiveru. Trúnaður í fyrirrúmi og stóla á það sé gagnkvæmt.

nánar á einkamal.is

ht.is

SVARTUR
FÖSTUDAGUR
ALLT AÐ

50

PRÓSENT AFSLÁTTUR
AF VÖLDUM VÖRUM!



Heimilistæki

REYKJAVÍK · AKUREYRI · REYKJANESBÆR · SELFOSS · EGILSSTAÐIR · HÚSAVÍK · AKRANES

Lögreglan taldi Íslendinga hafa byrjað Robert Spencer MDMA

■ Margt bendir til að átt hafi verið við drykk Roberts Spencer ■ Einum öfgafyllsta andstæðingi íslam í heiminum var að öllum líkindum byrjað MDMA og amfetamín

Atli Már Gylfason
atli@dv.is



Rannsóknarlögreglumenn ásamt fyrrverandi aðstoðarsaksóknara Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu töldu, miðað við fyrirbyggjandi gögn í sakamálarannsókn, að tveir Íslendingar hefðu byrjað hinum þekktu en jafnframt umdeilda rithöfund Robert Spencer MDMA og amfetamín þegar hann heimsótti skemmtistaðinn Bar Ananas árið 2017. Íslendingarnir höfðu stöðu sakborninga í málinu sem vakti mikla athygli hér á landi. Rannsókn málsins var hætt á sínum tíma og ekki þótti tilefni til að leggja fram kærú á hendur Íslendingunum. Var sú ákvörðun tekin þrátt fyrir að aðstoðarsaksóknari Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu hefði verið þess fullviss að málarekstur þeirra myndi leiða til sakfellingar. Þetta kemur fram í lögregluskýrslum embættisins sem DV hefur undir höndum.

Robert þessi kom til Íslands fyrir tveimur árum til þess að halda fyrirlestur sem bar yfirskriftina „Íslam og framtíð evrópskrar menningar.“ Ekki voru allir á eitt sáttir við heimsókn Roberts Spencer hingað til lands en hann er iðulega kallaður rasisti fyrir öfgafullar skoðanir sínar á íslam. Robert Spencer hélt fyrirlestur sinn á Grand Hótel í Reykjavík. Nokkur hundruð manns voru sögð hafa sótt fyrirlestur hans sem mætti mótmælum, meðal annars fyrir utan hótelið þar sem haldinn var samstöðufundur gegn Robert. Eftir fyrirlesturinn hélt Robert ásamt fylgdarliði í miðbæ Reykjavíkur. Leiðin lá á skemmtistaðinn Bar Ananas við Klapparstíg. Þar settist Robert til borðs ásamt samstarfsmanni

sínum, Christine William, og lífverði, Pasquale. Samkvæmt lögregluskýrslum tóku nokkrir gestir staðarins eftir því þegar Robert gekk inn á staðinn og veittu þeir honum þónokkra athygli eða eins og segir í skýrslunni: „Aðili 1 á barnum kemur auga á Robert og fylgdarlið, lætur aðila 2 og 3 vita. Þeir fara að skoða símana sína í kjölfarið.“

Tvöfaldur í Coke Zero með MDMA?

Einn af þeim þáttum sem lék veigamikni hlutverk í rannsókn lögreglu voru upptökur úr öryggismyndavélum staðarins. Þar sést Íslendingur gefa sig á tal við Robert og virðist bjóða honum upp á drykk. Umræddur Íslendingur sagði við yfirheyrslu lögreglu að hann hefði ákveðið „í einhverju djóki“ að fara og heilsa upp á hann. Robert þáði drykkinn og bað um tvöfaldan dökkan romm í Coke Zero. Lögreglan gekk á Íslendinginn í yfirheyrslunni, samkvæmt lögregluskýrslum, og var hann til dæmis spurður beint út hvort hann hefði sett amfetamín og MDMA út í drykk Roberts en hann neitaði því, hvorki hann eða félagi hans hefði gert slíkt. Hann hafði aldrei komið við sögu lögreglu vegna fíkniefna og sagðist ekki nota þau heldur. Aftur á móti hafi vinur hans notað fíkniefni en ekki að staðaldri. Honum er síðan sýnt myndskleid úr öryggismyndavélum staðarins og hann beðinn um að lýsa því sem þar fer fram.

Í rannsóknarniðurstöðum segir orðrétt: „Upptaka úr öryggismyndavélum staðarins sýnir er kærðu kaupa umræddan drykk. Þá sést kærði Sindri afhenda kærða Sigurði sogrör sem hann í kjölfarið fer með inn á salerni staðarins. Er hann kemur til baka



að barnum tekur hann drykkinn í hönd, færir hann undir barborðið og virðist vera að eiga við hann. Í kjölfarið hrærir hann ítrekað í drykknum eins og verið sé að blanda einhverju út í hann. Kærðu eru á þessum tíma varir um sig og fer ekki á milli mála að eitthvað meira er að eiga sér stað en einföld drykkjarpöntun. Þá liggur fyrir að umræddur drykkur, sem brotapolí sést innbyrða, er sá eini sem hann neytti umrætt kvöld og barst frá óviðkomandi þriðja aðila.“

„... málið sé líklegt til sakfellis“

„Einnig skal tekið fram að brotapolí er bandarískur fyrirlesari sem var á landinu í því skyni að flytja fyrirlestur um trúarbrögð íslam. Kvaðst hann hafa orðið fyrir aðkasti inni á skemmtistaðnum umrætt kvöld vegna skoðana hans og taldi að kærðu hafi byrjað honum ólyfjan vegna skoðana sem hann hafði tjáð á fyrirlestri sínum fyrir um daginn,“ segir í

rannsóknarniðurstöðu lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu. En niðurstaðan gerir meira en að ýja að sekt þeirra Sindra og Sigurðar því í niðurlagi skýrslunnar stendur: „Með vísan til alls þessa og gagna málsins, einkum ofangreindrar upptöku, telur undirritaður að málið sé líklegt til sakfellis.“ Undir skýrsluna kvittar Kjartan Ólafsson, aðstoðarsaksóknari Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu.

En hvað gerðist svo? Málið var sent ákærusviði héraðssaksóknara en þar voru sönnunargögnin endurmetin af saksóknurum þess embættis. Niðurstaðan var sú að málið skyldi fellt niður. Þetta staðfesti einn af þeim sem hafði réttarstöðu grunaðs manns í málinu, fyrrverandi rekstrarstjórn Sindri Geirsson. Sindri hefur í nokkur ár starfað á skemmtistöðum borgarinnar og þekkti því allflest þá Íslendinga sem voru á Bar Ananas umrætt kvöld. Hann vildi lítið tjá sig um umræddar

lögregluskýrslur í samtali við DV. Spurður út í lýsingar lögreglunnar af atvikum, eftir því sem þær birtust þeim í upptökum úr öryggismyndavélum, þá vildi Sindri ekki tjá sig um það beint: „Svarið mitt við þessu er að þetta mál var rannsakað á sínum tíma og þeirri rannsókn var hætt samkvæmt bréfi frá aðstoðarsaksóknara.“ Ekki náðist í félagi Sindra, Sigurð Ólafsson, áður en blaðið fór í prentun.

Embættin ósammála

DV reyndi að ná sambandi við þá sem komu að þeirri ákvörðun að láta málið niður falla en hafði ekki erindi sem erfiði. Ólafur Hauksson héraðssaksóknari kom ekki að umræddu máli en í viðtali við blaðið sagði Ólafur að það væri ekki óalgengt að embættin, þá embætti Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu og embætti héraðssaksóknara í þessu tilfalli, fengu tvær mismunandi niðurstöður. Hjá einu embættinu eru fyrirbyggjandi gögn talin líkleg til sakfellingar en hjá hinu embættinu eru meiri líkur taldar á sýknum. En eins og áður segir gat Ólafur aðeins talað almennt um svona atvik. Enn er beðið svara frá embætti héraðssaksóknara varðandi þetta tiltekna mál.

Robert kom hingað til lands í maí mánuði árið 2017 í boði samtakanna Vakurs. Heimsókn hans var víða mætt með mótmælum en Robert Spencer ætti að vera orðinn vanur því enda er honum mótmælt í hverju landi sem hann heimsækir með fyrirlestra. Bandaríkjamanninum var til að mynda meinað að koma til Bretlands árið 2013 til þess að halda fyrirlestur vegna öfgafullra skoðana sinna og að boðskapur hans væri „óæskilegur í samfélaginu“ eins og það var orðað. ■



MoReq2

Hagkvæmar lausnir með áherslu á rekjanleika, auðveldan aðgang og gagnsæi.



OneSystems bjóða heildarlausn í skjalamálum fyrirtækja og sveitarfélaga og þjónustu við viðskiptavinum og íbúa þeirra

1 SYSTEMS
one®
www.one.is

OneSystems - sími: 660 8551 | fax: 588 1057 | www.one.is | one@one.is

acer



ACE-NX4BED003
**CHROMEBOOK
FARTÖLVA**

59.995 › 39.995

-33%
AFSLÁTTUR

ASUS



ASU-TURBORTX20606G
**TURBO RTX 2060
6GB SKJÁKORT**

62.995 › 49.995

-21%
AFSLÁTTUR

-26%
AFSLÁTTUR



COR-CA9011150EU
**GAMING VOID
HEYRNARTÓL**

22.995 › 16.995

CORSAIR

RAZER™



RAZ-RZ0102010100R3G1
**DEATHADDER
ELITE LEIKJAMÚS**

11.995 › 9.995

-2.000
AFSLÁTTUR

SVARTUR FÖSTUDAGUR

elgato



ELG-106AM9901
CAM LINK 4K

23.995 › 15.995

-33%
AFSLÁTTUR



ASU-UX391UAE011T
**ZENBOOK S
FARTÖLVA**

229.995 › 189.995

-40.000
AFSLÁTTUR

ASUS



ASU-XG258Q
**24,5" ROG
STRIX SKJÁR**

89.995 › 59.995

-30.000
AFSLÁTTUR

ASUS

steelseries



STE-64641
**APEX 7 MEKANÍSKT
LYKLABORÐ**

27.995 › 19.995

-29%
AFSLÁTTUR



LG-32GK850F
**32" QHD ULTRAGEAR
TÖLVUSKJÁR**

109.995 › 79.995

-30.000
AFSLÁTTUR

LG



ASU-TS10B004D
**VIVOSTICK
TS10 ÖRTÖLVA**

28.995 › 19.995

-31%
AFSLÁTTUR

ASUS

EPSON



ASU-ZN242GDKCA028T
**ZEN AIO
SKJÁTÖLVA**

219.995 › 169.995

-50.000
AFSLÁTTUR

ASUS



EPS-ETM1120
**ECOTANK
ET-M1120 PRENTARI**

34.995 › 19.995

-43%
AFSLÁTTUR

**TAKMARKAÐ MAGNI!
SJÁÐU ÖLL TILBOÐIN
Á TL.IS**

tl.is

acer



ACE-NH05HED009
**NITRO 7
LEIKJAFARTÖLVA**

249.995 › 199.995

-50.000
AFSLÁTTUR

CORSAIR



COR-CH9109018ND
**K70 MEKANÍSKT
LYKLABORÐ**

28.995 › 20.995

-28%
AFSLÁTTUR

**TÖLVU
LISTINN**

HVAÐ KOS

Bráðum koma blessuð jólin, veskin fara að kenna til. Þau eru ekki ókeypis þessi blessuð jól, og eru oft mikill álagstími hjá fólki sem sér fram á gífurleg útgjöld og mikið álag. Til að fá grófa heildarsýn yfir aukin útgjöld vegna jólanna þá kynnis DV hér til sögunnar meðalfjölskylduna okkar. Tveir foreldrar sem reka saman heimili og eiga tvö börn á framfæri. Hér er á ferðinni meðalfjölskylda, með meðaltekjur og meðalvæntingar.

Erla Dóra
erladora@dv.is



JÓLAGJAFIR

Erfitt er að segja til um slíka upphæð með vissu, enda misjafnt hvað fjölskyldur og einstaklingar gefa margar gjafir. Margir hafa í gegnum tíðina unnið með ákveðnar viðmiðunarreglur og mun blaðamaður hér styðjast við eftirfarandi:

Börn: 15-20 þúsund

Maki: 15-20 þúsund

Aðrir: 3-5 þúsund

Aðrir hjá viðmiðunarfjölskyldunni okkar, systkin, foreldrar, vinir, frænkur og frændur, eru alls tólf

talsins. Kostnaður við gjafir væri því á bilinu **96.000-140.000**.

**Hér hefði meðalfjölskyldan þó getað sparað með því að gefa heimatilbúnað jólagjafir. Fallega skreyttar krukkur með heimatilbúnum jólabakstri eða annað sniðugt og þar hefði aðeins þurft að greiða fyrir hráefniskostnað, skreytipenna og krukkur og kostnaðurinn því numið um 20 þúsund krónum í heildina.*



JÓLAMATURINN

Meðalfjölskyldan okkar heldur jólin heima og borðar hinn klassíska íslenska jólarétt, hamburgarhrygginn, með helsta meðlæti og að sjálfsögðu Quality street-konfekt, og malt og appelsín. Þrjú kíló af hamburgarhrygg á beini kosta rúmlega **5 þúsund krónur**. Með hryggnum þarf að kaupa meðlæti; kartöflur, sósu, salat, drykki og eftirrétt og væri heildarkostnaður við jólamatinn því um **15 þúsund krónur**, gróflega áætlað. Fjölskyldan okkar vill að sjálfsögðu einnig eiga til gott kaffi og konfekt til að bjóða gestum upp á og verður því heilarkostnaður, vegna matarinnkaupa fyrir aðfangadag eingöngu **20 þúsund krónur**.

**Hér hefði meðalfjölskyldan okkar getað sparað sér töluverðar fjárhæðir með því að þiggja boð í jólamat hjá vandamönnum, jafnvel þótt hún tæki að sér að koma með eftirrétt sem þakklætisvott.*

ARGOFLUTNINGAR
Sími: 845 0900



milli Suðurnesja og höfuðborgarsvæðis
cargoflutningar.is

➔ Suðurnes
➔ Reykjavík
➔ Suðurnes

*Tvisvar
á dag!*

Sími 845-0900 • cargoflutningar@gmail.com • Finndu okkur á facebook



FRAMKVÆMDA-SJÓÐUR JÓLASVEINA

Fjölskyldur með börn þurfa flestar að greiða frjáls framlög í framkvæmdasjóð jólasveinanna, til að tryggja að börn þeirra fái örugglega í skóinn. Þessir jólasveinar eru ekki menntaðir í viðskiptafræði og treysta því á frjáls framlög til að halda sér réttum megin við núllið í bókhaldinu. Meðalfjölskyldan okkar miðar við 500 krónur á hvern jólasvein, nema Stekkjastaur, sem fær **2.000 krónur**. Heildarkostnaður: **8.000 krónur**.

STA JÓLIN?



JÓLATRÉ

Í dag er orðið nokkuð algengt að gamla góða grenitréð hafi vikið fyrir sígrænu gervijólatré. Meðalfjölskyldan okkar hefur ekki farið þá leið, enda kann hún vel við jólalegu grenilyktina sem fylgir ekta jólatré. Fjölskyldan okkar fékk sér meðalstórt jólatré og borgaði fyrir það **7.000 krónur**.

**Hér hefði fjölskyldan mögulega getað sparað sér pening með því að kaupa gervijólatré. Jafnvel þótt sparnaðurinn væri lítil fyrstu jólinn þá myndi upphaflegur kostnaður borga sig til baka á þeim fjölda ára sem hægt væri að brúka sama tréð.*



JÓLAKLIPPING

Meðalfjölskyldan fór öll í klippingu fyrir jólin og annað foreldrið lét setja strípur í rót. Kostnaður vegna þess á hárgreiðslustofu með miðlungs verðlagi, fór í **30 þúsund krónur** fyrir þau öll fjögur.

**Hér hefði fjölskyldan mátt eiga notalega stund við sjónvarpið og klippt hvert annað í leiðinni. Afraksturinn hefði líklega verið grátbroslegur, sem hefði veitt gott tækifæri til að taka skemmtilega fjölskyldumynd á símana og senda út sem jólakveðju. DV mælir gegn því að börn yngri en 10 ára fái að vera eftirlitslaus í kringum hár og skæri. Síðan er að sjálfsgöðu engin skylda að fara í klippingu fyrir jólin. Jafnvel ágætt að leyfa hárinu að vaxa til að halda hita á kollinum yfir köldustu mánuði ársins.*



JÓLAFÖT

Enginn vill fara í jólaköttinn, svo fjölskyldan fær öll ný föt fyrir jólin. Fjölskyldan miðar við 10 þúsund krónur í föt á börnin og 20 þúsund í föt á fullorðna fólk.

Heildarkostnaður: 60.000 krónur.

**Nú eru komnir markaðir á borð við Extraloppuna og Barnaloppuna þar sem hægt er að kaupa notuð föt á hagkvæmu verði. Oft sér varla á*

þessum fatnaði og því þarf engum að finnast miður að kaupa notuð jólaföt, enda er það bæði hagkvæmt og umhverfisvænt. Og varla þarf að nefna að það er engin heilög skylda að kaupa ný föt fyrir jólin. Þeir sem óttast jólaköttinn geta keypt sér nýtt sokkapar og svo hringt stoltir inn jólin í þeim fötum sem þeim líður best í.



JÓLAELDSNEYTI

Meðalfjölskyldan á og rekur einn bíl. Í kringum jólin aukast ferðir á einkabílnum töluvert. Það þarf að keyra á milli búða, keyra á milli ættingja, keyra gjafir á milli, aka á milli jólaboða og þvíumlíkt. Aukinn eldsneytiskostnaður fjölskyldunnar í desember nemur um hálfum tanki, eða **7.000 krónum** á litla bensínþrífna fólksbílnum hennar.

**Hér er áberandi hægt að spara með því að hjóla, ganga eða nýta sér almenningsgöngur.*



JÓLASKRAUT OG PAPPÍR

Meðalfjölskyldan okkar er ein af þeim sem komast ekki í gegnum hátíðarnar án þess að kaupa smávegis af nýju glingri, enda breytist jólaskrauttískan á milli ára. Hins vegar kaupa þau ekki allt nýtt og endurnýta skraut frá fyrri árum. Þetta árið sjá þau fram á að þurfa að endurnýja jólakúlur á jólatréð þar sem jólakötturinn á heimilinu olli töluverðri rýrnun á síðasta ári, en auk þess þurfti að kaupa nýjar séríur í IKEA þar sem nokkrar séríur höfðu gefið upp öndina á milli ára, auk þess sem að annað foreldrið á heimilinu tók ekki í mál að séríurnar væru ekki allar í stíl, sem hitt foreldrið samþykkti með miklum fögnuði til að þurfa ekki að glíma við hina ógurlegur séríusnúruflækju, líkt hefur fallið í hlut þess síðustu árin.

Heildarkostnaður: 6.000 krónur.

**Fréttablaðið, ónýtar bækur, gamlar teikningar sem þú gerðir í skóla og foreldrar þínir hafa „skilað“ þér til baka 30 árum síðar, geta fengið nýtt líf sem jólapappír. Þetta má svo binda saman með fallegu snæri.*

NIÐURSTAÐA:

Jólin kosta 234.000–278.000 krónur.

Þessi kostnaður er töluverður, ef öll útgjöldin falla á sama mánuðinn. En svona eru jólin, ekki satt?

10 ástæður fyrir ágæti Andrésar Inga

■ Hugur að heilsu og umhverfi ■ Elskar frímerki og Pokémon ■ Dáður á samfélagsmiðlum

Andrés Ingi Jónsson þingmaður hefur töluvert verið í brennidepli á dögnum eftir að hafa sagt sig úr þingflokki Vinstri grænna. Ástæða hans var óánægja með stjórnarsamstarf Vinstri grænna við Sjálfstæðisflokkinn og Framsóknarflokkinn.

Á samfélagsmiðlum og víða hefur fólk keppt við að hrósa Andrési fyrir að standa við hugsjónir sínar, að vera „prinsipp maður,“ eins og hann hefur verið kallaður af sínum fylgjendum og fleirum. Þetta er fjarri því að vera í fyrsta sinn og hefur þingmaðurinn ratað títt í fjölmiðla þar sem reglulegt mynstur má sjá.

Andrés Ingi hefur, ásamt Rósu Björk Brynjólfssdóttur, verið andsnúinn núverandi stjórnarsamstarfi VG við frammanfnda flokka. Eftir úrsögnina hefur ríkisstjórnin 34 þingmenn af 63 á Alþingi og mun Andrés sitja sem óháður þingmaður út kjörtímabilið.

En hver er þessi maður? Hvaða prinsipp eiga hér við?

Rennum aðeins yfir þau og skoðum hvað gerir uppskrift að fyrirmyndartengdasyni. Þetta eru tíu ástæður fyrir því af hverju almenningur elskar Andrés Inga.



Hann er maður margra hatta

Andrés Ingi er fæddur 16. ágúst árið 1979 og fagnaði þar af leiðandi stórafmæli þetta árið. Hann ólst upp á sveitabæ í Ölfusinu þar sem fjölskylda hans rak gistiheimili, og gekk í skóla í Hveragerði og á Selfossi. Hann stundaði síðar nám í þýsku og heimspæki í Berlín 2004–2006 og lauk M.A.-prófi í stjórnmálafræði í Háskólanum í Sussex ári síðar.

Í gegnum árin hefur hann starfað sem aðstoðarmaður heilbrigðisráðherra, aðstoðarmaður umhverfis- og auðlindaráðherra, blaðamaður og nefndaritari hjá stjórnlagaráði. Þar að auki hefur hann starfað á geðdeildum Landspítala og unnið ýmis verkefni fyrir landsnefnd UNICEF á Íslandi.

Hann var í frímerkjaklúbbi

Á yngri árum var Andrés Ingi mikill frímerkjasafnari og tilheyrði sérstökum klúbbi tímaritsins Æskunnar. Nöfn meðlima birtust í blaðinu og gátu safnunar skrifað hver öðrum og skipst á merkjum við hver annan. Nöfnin voru einnig send á Frímerkjasölu Póstmalastofnunar svo hægt var að hafa auga á nýjum merkjum.

Hann styður jafnrétti

Andrés hefur verið mjög virkur í jafnréttismálum og hefur barist gegn því að svonefndir karlklúbbar séu allsráðandi. Þingmaðurinn sat í stjórn Kvenréttindafélags Íslands á árunum 2009 til 2013 og varð þar með fyrsti karlmaðurinn til að sitja í stjórn félagsins. Þetta kemur honum rakleidis í góðu bækurnar.

Hann hugar að umhverfinu

„Frá því að ég settist á þing hef ég fjórtán sinnum þurft að fara í vinnuferðir til útlanda. Vegna þessara ferða ber ég ábyrgð á losun um 6 tonna af koltvíoxíði út í andrúmsloftið. Þá fékk ég Votlendissjóðinn til að kolefnisjafna þessi ferðalög,“ skrifar Andrés Ingi á Facebook-síðu sína, Andrés Ingi á þingi. Já, nafnið á Facebook-síðunni hans rímar. Hann er bara það mikill toppmaður.

Að hans sögn eru loftslagsbreytingar stærsta áskorun samtímans gagnvart manningum og kalla á átak allra í þágu



„Ég vildi að það væru svona 10 eintök í viðbót af Andrési Inga á þingi – Eyrún Baldursdóttir hjúkrunarfræðingur

komandi kynslóða. „Baráttan gegn loftslagshamförum virðist stundum ógnarflókið viðfangsefni. Flest markmiðin eru hins vegar ofureinföld, þótt leiðin að þeim kunni að vera vandrötuð,“ sagði Andrés.


Hann er ódýr í rekstri

Andrés hefur sagt umræðuna um starfskostnað þingmanna vera af hinu góða. Í samhengi kolefnisjöfnunar og ferðalaga stuðlar þingmaðurinn að sem minnstum ferðakostnaði, eins og liggur fyrir. Á útgefnum tölum um laun og aðrar kostnaðargreiðslur til alþingismanna fer ekki á milli mála að Andrés Ingi sé með þeim ódýrari.

Fyrir árið 2017 var endurgreiddur kostnaður Andrésar 292.297 krónur og hefur það lítið breyst á liðnum árum. Andrés eyðir til að mynda litlu í flugferðir og námu ferðir með leigubílum á árinu 2019 ekki nema rúmlega níu þúsund krónum og fór sambærileg upphæð í slíkan ferðamáta árið áður. Til samanburðar hlaut Ásmundur Friðriksson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, hátt í fimm milljónir í aksturspeninga á mánuði.



„Það er enn til fólk á þingi sem man hvers vegna það byrjaði í pólitík – Guðmundur Hörður, vefstjóri og fyrrverandi lögregluþjónn



Hann hugar að heilsu

Andrés lagði fram þingsályktunartillögu sem að hans sögn gæti fækkað óvæntum og hættulegum hjartaáföllum. „Ef fólk fær hjartaáfall ungt verði nánustu ættingjum þess boðin skoðun til að greina hvort þeir séu í áhættuhópi. Með því að greina sjúkdóminn snemma er oft hægt með einföldum aðferðum að komast hjá því að hann valdi óvæntu hjartaáfalli síðar meir,“ sagði Andrés um umrædda tillögu og tók fram að árlega fái um fjórtíu manns sitt fyrsta hjartaáfall fyrir fimmtíu ára aldurinn, þarf af um sjö undir fertugu.

„Hjartaáföll hjá yngra fólki má oft rekja til arfgengra sjúkdóma, þar sem arfgeng blóðfituhækkun er algengust. Slíka hækkun er auðvelt að greina og meðhöndla,“ sagði hann.

Hann styður snöggskilnað

Í vetur spurði Andrés dómsmálaráðherra út í lögskilnaði. Þetta gerði hann í kjölfar fréttu af þolendum ofbeldis sem reyndist erfitt að losna úr hjónabandi við gerandann. Andrés segir vera fulla ástæðu til að endurskoða hjúskaparlög og líta þá til forðæma í löggjöf hinna Norðurlandanna.

„Mér þykir við fyrstu sýn liggja nokkuð beint við að fella skilnað að borði og sæng úr lögum. Ef fólk hættir að vilja vera í hjúskap geti ríkið bara treyst því til að meta það sjálft án þess að bæta þessum millileik inn í ferlið,“ sagði Andrés.

Hann vill lækka kosningaaldur

Árið 2017 fór þingmaðurinn fram á lækkan kosningaaldurs með frumvarpi, en þar tók Andrés fram að aldursmörk kosningaréttar í sveitarstjórnarkosningum yrði við 16 ára aldur í stað 18. Með slíkri breytingu myndu þá hátt í níu þúsund manns hafa áhrif á samfélagið sem njóta annars ekki þessara grundvallarréttinda lýðræðisins að óbreyttum lögum. Frumvarpið var jafnframt lagt fram sem lausn við dræmri og dvínandi þátttöku ungs fólks í kosningum til löggjafarþinga og sveitarstjórna. Það valdi áhyggjum af framtíð lýðræðis, eins og Andrés sagði.

Hann er kjarnafjölskyldumaður

Andrés er kvæntur Rúnu Vigdís Guðmarsdóttur, ráðgjafa hjá RANNÍS og fyrrverandi starfsmanni hjá framkvæmdastjórn ESB. Saman eiga þau tvö börn, soninn Halldór og dótturina Rögnu.

Hann elskar Pokémon

Andrés er gifurlega virkur á samfélagsmiðlum sínum og hefur í ófa skipti deilt áhuga sínum á hinu stórvinsæla fyrirbæri frá Japan sem kallast Pokémon. Andrés var virkur í leit að slíkum dýrum þegar símaleikurinn Pokémon Go tröllreið öllu hér um árið. Það hefur ekki farið fram hjá hörðustu fylgjendum Andrésar að hann er sérstaklega elskur að letidýrinu Snorlax. ■

Húsfélagapjónusta

Leiðandi í hagkvæmni og rekstri húsfélaga

- ✓ Bókhald og fjármál
- ✓ Húsfélagafundir
- ✓ MÍNAR SÍÐUR
- ✓ Þjónustusaga húss
- ✓ Önnur þjónusta



• EIGNA *umsjón*

www.eignaumsjon.is

Suðurlandsbraut 30 • Sími 585 4800

FJÁRDRÁTTUR Á FLÖTINNI

■ Áætlað er að golfferðir Donalds Trump hafi kostað skattgreiðendur 115 milljónir dollara ■ Golfar nánast alltaf á sínum eigin völlum

Lilja Katrín Gunnarsdóttir
lilja@dv.is

Blessað golfið, helsta áhugamál Donalds Trump, forseta Bandaríkjanna, hefur kostað Bandaríkjamenn ansi mikið síðan hann tók við embætti í janúar árið 2017. Áætlað er að 115 milljónir dollara, rúmlega 14 milljarðar króna, hafi farið í golffri forsetann síðustu tæpu tvö árin. Það jafngildir því að hann myndi þiggja forsetalaun í 287 ár, en hann nýtir hvert tækifæri til að monta sig af því að þiggja ekki forsetalaun.

Hins vegar er ekki hægt að slá upp-hæðinni sem hefur farið í golfið fastri því Hvíta húsið neitar að gefa upp þessar upplýsingar, eins og fram kemur í grein Huffington Post um málið. Huffington Post óskaði eftir upplýsingum um hve margir opinberir starfsmenn væru með í för í þakkargjörðarfríi Trump á Palm Beach í Flórída, á hótelinu sem hann sjálfur á, nú um helgina og hvað ferðin kostaði, en golf mun leika þar veigamikil hlutverk. Svar Stephanie Grisham, fjölmiðlafulltrúa Hvíta hússins, var stutt og laggott: „Nei.“

Rennur allt í vasa Trump

Hvíta húsið þarf ekki að veita þessar upplýsingar þar sem það er undanskilið upplýsingalögum. Hins vegar er það brot á stjórnarskrá Bandaríkjanna að Trump þiggi aukagreiðslur, utan forsetalauna, frá bandarískum yfirvöldum. Af þessum 115 milljónum dollurum sem hafa runnið í golfferðir forsetans að því er virðist, hefur mikill peningur farið í að borga fæði og upphald fyrir öryggisverði, starfsfólk Hvíta hússins og aðra opinbera starfsmenn enda þarf mikið fylgdarlið þegar forseti Bandaríkjanna er annars vegar.

Ýmsir fjölmiðlar hafa látið á það reyna fyrir dómi hvort þessar upplýsingar ættu ekki erindi til almennings. ProPublica fékk til að mynda upplýsingar varðandi kostnað við heimsókn kínverska forsetans Xi Jinping árið 2017, en forsetarnir tveir skemmtu sér á Mar-a-Lago á Palm Beach á Flórída, á sama stað og Trump fagnar þakkargjörðarhátíðinni. Hér er vert að minna á að hótelið og golfvöllurinn eru í eigu Trump. Samkvæmt upplýsingum ProPublica borguðu bandarískir skattgreiðendur 546 dollara, tæplega 70 þúsund krónur, fyrir nóttina á hótelinu fyrir hvern af þeim 24 starfsmönnum Trump sem gistu á svæð-

Fylgdarlið Fjöldmargir starfsmenn fylgja Trump hvert sem hann fer.



MYNDIR: GETTY IMAGES

inu. Er þetta talsvert hærra gjald en rúkk að er vanalega fyrir herbergi á staðnum. Þá borguðu skattgreiðendur einnig rúmlega 1.000 dollara, um 122 þúsund krónur, fyrir 54 drykki á barnum sem pantaðir voru af starfsmönnum Hvíta hússins.

Property of the People ljóstraði nýlega upp að leyniþjónustan hefði fengið 254.021 dollara fyrstu fimm mánuðina sem Trump var forseti fyrir að fylgja honum í 25 golfferðir. Fram að síðasta miðvikudegi hafði Trump farið í golf 223 sinnum síðan hann varð forseti. Því má leiða að því líkur að 2,3 milljónir dollara hafi farið til leyniþjónustunnar í forsetatíð Trump.

Gagnrýndi Obama

Þessi mikli golfáhugi Trump og peningarnir sem renna í áhugamálið eru einnig ansi spaugilegir því Trump gagnrýndi fyrirverandi forseta Bandaríkjanna, Barack Obama, ítrekað fyrir að spila mikið golf.

„Barack Obama spilar golf til að flýja vinnuna á meðan Bandaríkin fara í ræsið,“ tísti Trump í desember árið 2011.

Í kosningabaráttunni sagði Trump enn fremur að hann myndi aldrei hafa tíma til að fara í golf ef hann yrði kosinn forseti.

„Ég elska golf en ég held að ég myndi

Fugl eða fiskur? Vonandi er Trump orðinn góður í golfi eftir allar þessar ferðir.



aldrei sjá Turnberry aftur ef ég kæmist í Hvíta húsið. Ég held að ég myndi aldrei sjá Doral aftur,“ sagði hann á kosningafundi í febrúar árið 2016 og vísaði í tvo golfvelli í hans eigu. „Ég held að ég sæi ekkert. Ég myndi vilja vera bara í Hvíta húsinu og vinna eins og brjálæðingur.“

Þrátt fyrir þessar yfirlýsingar hefur Trump leikið mun meira golf en fyrirrennari hans. Þegar Obama hafði verið í embætti í tæp tvö ár, líkt og Trump er núna, þá hafði hann eytt 88 dögum á golf-

velli. Trump hefur eytt 223 dögum í það. Auk þess kaus Obama yfirleitt að spila golf í grennd við Hvíta húsið en Trump ferðast langar vegalengdir til að sinna áhugamálinu og spilar á sínum eigin golfvöllum í New Jersey og Flórída. Síðan Trump tók við embætti hefur hann aðeins tvisvar leikið golf á golfvöllum sem hann á ekki, bæði skiptin í Japan. Sérfræðingar hafa því haldið fram að þessi gífurlegi kostnaður við golfið sé eingöngu til að færa peninga úr vasa skattgreiðenda í vasa Trump. ■

TAKTU KRÓK Á LEIÐARENDA

Krókur hf. er fyrirtæki sem að hefur sérhæft sig í flutningum og björun ökutækja. Félagið rekur einnig þjónustumiðstöð fyrir tjónaökutæki þar sem veitt er ahlíða þjónusta í meðhöndlun thónabifreiða og annarra bifreiða samkvæmt óskum viðskiptavina.

Krókur býður m.a. uppá:

- Starfsmenn sem eru þjálfaðir og reyndir í bíla- og tækjaflutningum
- 24 stunda þjónustu allt árið um kring
- björgunarþjónustu og aðstoð ef bílar bila eða flytja þar þá á verkstæði

Krokur.net / Suðurhraun 3 / 210 Garðarbær

HRINGDU Í SÍMA 522 4600

KRÓKUR Á ÞINNI LEIÐ

LAUGARDAGUR **14. DESEMBER** 14:00 & 16:00
SUNNUDAGUR **15. DESEMBER** 14:00 & 16:00

JÓLA TÓNLEIKAR SINFÓNÍUNNAR

Sannkölluð hátíðarstemning ríkir á Jólatónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands þar sem gömul og ný jólatónlist verður flutt af hljómsveitinni ásamt fjölda ungra listamanna. Tónleikarnir hafa notið verðskuldaðrar hylli og eru á meðal vinsælustu tónleika sveitarinnar.

Kynnir á tónleikunum er trúðurinn Barbara, leikinn af Halldóru Geirharðsdóttur, sem tendrar ljós í hverju hjarta. Þetta eru tónleikar sem ekkert jólabarn má láta fram hjá sér fara. Tónleikarnir eru túlkaðir á táknmáli.

Bjarni Frímann Bjarnason
hljómsveitarstjóri

Trúðurinn Barbara
kynnir

**Hrafnhildur Árnadóttir Hafstað,
Unnsteinn Manuel Stefánsson og
Kolbrún Völkudóttir**
einsöngvarar

Stúlknaðór Reykjavíkur

Litlu sprotarnir
táknmálskór

**Bjöllukór Tónlistarskóla
Reykjanesbæjar**

**Dansarar úr Listdansskóla
Íslands**

Hörpuhópur

**Blokkflautusveit Tónlistarskóla
Árnesinga**

Ungir trommuleikarar



TRYGGÐU FJÖLSKYLDUNNI SÆTI SINFONIA.IS

Atvinnulaus árið 2012 en veltir nú milljónum



Byrjaði smátt og er í dag með þúsundir viðskiptavina – Veikindin voru blessun í dulargervi – Vill hjálpa konum að láta drauma sína rætast

Aðeins sex árum hefur Sigrún Guðjónsdóttir byggt upp alþjóðlegt ráðgjafar-fyrirtæki sem veltir 250 milljónum króna á ári og vex 30 til 50 prósent á hverju ári. Viðskiptavinir hennar eru nú yfir 2.000 talsins og hún hefur aðstoðað konur á öllum aldri og frá öllum heimshornum við að byggja fyrirtæki upp frá engu og upp í hundruð milljóna króna í tekjur.

Í stjórn fyrirtækis 33 ára

Sigrún er í dag búsett í Zurich í Sviss ásamt eiginmanni sínum og tveimur stjúpsonum, en hún er upphaflega menntuð sem arkitekt, frá Tækniháskólanum í Karlsruhe í Þýskalandi. Þetta var um miðbik tíunda áratugarins, snemma á dögum internetsins og eftir að Sigrún kynntist netinu þá varð ekki aftur snúið. Hún lauk í kjölfarið námi í upplýsingaarkitektúr við Tækniháskólann í Zurich í Sviss. Í kjölfarið hóf hún störf sem upplýsingaarkitekt og síðar deildarstjóri hjá Landmat, sem sérhæfði sig í viðskiptalegri hagnýtingu landupplýsinga. Sigrún hóf nám með vinnu í tölvunarfræði eftir að hafa tekið þátt í FrumkvöðlaAuði þar sem hún lærði að gera viðskiptaáætlanir.

Þaðan lá leiðin í stjórnendastörf hjá upplýsingateknifyrirtækjum á Íslandi, fyrst hjá vefyfyrirtækinu Inn þar sem hún

sneri á skömmum tíma sjö ára taprekstri yfir í hagnað. Eftir þá reynslu tók hún við stjórn Tækni-vals aðeins 33 ára gömul uns það var selt 15 mánuðum síðar. Eftir það tók við frekari uppbygging á Inn, uns fyrirtækið var selt til 365 árið 2007 og síðar sama ár til Kögunar, sem sameinaði það vefyfyrirtækinu Eskil. Eftir sameiningu Eskils og Inns lá leið Sigrúnar til London til að klára Executive MBA-nám sem hún hafði stundað með vinnu.

Vildi geta unnið hvar sem er

Sigrún útskrifaðist með EMBA árið 2008 og flutti í kjölfarið til Sviss þar sem hún tók við framkvæmdastjórastöðu hjá svissnesku lækningateknifyrirtæki. Hún þurfti að hætta í því starfi vegna stoðverkja og var hún óvinnufær í sjö mánuði vegna verkja. Eftir það tók hún við sem framkvæmdastjóri íslenska fyrirtækisins InfoMentor í Sviss. Ári síðar lagði hún til að fyrirtækið réði frekar framkvæmdastjóra í Þýskalandi til að spara kostnað og lét þá af störfum.

„Þarna var ég búin að missa vinnuna tvisvar, á tveimur árum, og var orðin veik,“ segir Sigrún. Hún skráði sig á atvinnuleysisbætur en það var ekki auðvelt fyrir hana að finna hentugt starf með sértæka menntun og mikla reynslu af stjórnunarstörfum.

Ég er að gera þetta fyrir konurnar þarna úti

Sigrún segist hafa séð þetta sem skilaboð frá alheiminum: nú væri kominn tími til að stofna eigið fyrirtæki.

„Ég vissi bara ekki hvernig fyrirtæki. Ég var byrjuð að fá áhuga á fyrirtækjarekstri á netinu. Mig langaði að geta unnið hvar sem er í heiminum, hafa tíma til að sinna heilsunni, ferðast og njóta lífsins.“

Á þessum tíma bauðst Sigrúnu að sækja námskeið á vegum Vinnuálastofnunar í Sviss, þar sem þátttakendur lærðu að stofna eigið fyrirtæki. „Ég lagði fram hugmynd, um að vera með verslun á netinu (online shop). Mig langaði að selja íslenskar vörur. Ég heimsótti fyrirtæki á Íslandi, talaði við hönnuði og reyndi að finna út hvernig þetta yrði virkað allt saman, en fljótlega runnu á mig tvær grímur. Kostnaðurinn við að senda vörur var mjög hár. Þannig að ég hugsaði með mér að

kannski væri þetta ekki það sem ég vildi. Ég var ennþá að leita að hugmynd.“

Á þessum tíma las Sigrún bókina Alkemistinn. Sagan fræga fjallar um pilt sem ferðast heimshorna á milli í leit að fjársjóði. Hann finnur ekki fjársjóðinn en þegar hann kemur heim kemst hann að því að fjársjóðurinn er í bakgarðinum, innra með honum sjálfum.

„Þarna fann ég minn fjársjóð. Mig langaði að verða viðskiptaráðgjafi, það sem ég kundi best. Ég byrjaði sem hefðbundinn viðskiptaráðgjafi en uppgötvandi fljótlega að það hentaði mér ekki að veita ráðgjöf sem fyrirtæki til fyrirtækis, heldur vildi ég bjóða upp á „online business consulting“, ráðgjöf til einstaklinga við að byggja upp þekkingarfyrirtæki á netinu. Og einblína á konur. Á þessum tíma var ég mjög virk í Facebook-

hópum og ég var alltaf að hjálpa fólki, en ekki til að selja heldur til að byggja upp traust. Ég hafði til dæmis boðið upp á frítt námskeið þar sem ég kenndi fólki hvernig á að finna viðskiptahugmynd. Vegna þess að síðan kemur fólk og finnur þig. Fólk fer að „tagga þig“ og benda öðrum á þig. Fyrstu viðskiptavinirnir mínir komu úr þessum Facebook-hópum. Fólk sem hafði séð mig hjálpa og vildi meiri hjálp. Málið er nefnilega að fólk vill borga. Ef þú ert bara á höttunum eftir einhverju fríu þá gerirðu yfirleitt ekki neitt við upplýsingarnar. Ókeypis upplýsingar eru góðar til að fá innsæi og hugmyndir en yfirleitt gerirðu ekki neitt fyrir en þú ert búinn að borga, fjárfesta í sjálfum þér.“

Sigrún segir það hafa verið stórt skref að markaðssetja sjálfa sig á þennan hátt. „Þegar þú ferð að vinna fyrir sjálfan þig þá koma upp alls konar furðulegar tilfinningar. Þú ert berskjaldaður að vissu leyti. Það tók mig tvo mánuði, bara að setja inn á síðuna mína: „1 klst viðskiptaráðgjöf: 180 dollarar“. 25. mars 2014 kaupir fyrsta konan tíma hjá mér.“

Sigrún byrjaði því á að vera ráðgjafi fyrir einstaklinga en það var þó alltaf stefnan að bjóða upp á námskeið á netinu. Hún tekur undir að vissulega sé nauðsynlegt að byrja smátt. „Ef þú getur ekki selt einni manneskju, þá

Sigrún Guðjónsdóttir



geturðu ekki selt tveimur, eða tíu eða tuttugu.“

Sumarið 2014 hóf Sigrún einnig að bjóða fólki upp á svokallaða „webinar“ fyrirlestra í beinni á netinu, við góðar undirtektir. Um haustið sama ár var hún komin með hátt í 200 manns á tölvupóstlista og árið 2016 var svo komið að hóparnir voru farnir að taka yfir einstaklingana. Síðan þá hefur Sigrún eingöngu boð-

id upp á hópnámskeið til eins árs. „Einfaldlega vegna þess að þú færð ekki hugmynd og stofnar fyrirtæki á fjórum vikum. Eftir að þú færð hugmyndina, þá koma spurningarnar og þú þarft hjálp og aðhald og eftirfylgni.“

Konurnar sem leita til Sigrúnar eru margar hámenntaðar og með mikla starfsreynslu.

„Margar eru í kringum fertugt, en ég segi oft að það sé besti tím-

inn fyrir konur til að stofna fyrirtæki. Þær eru þá margar komnar með reynslu og eru ekki lengur með lítil börn. Ég er með fjölbreyttan hóp; hundabjálfa-ara, innanhúshönnuði, arkitekta, stílista, lækna og næringarfræðinga.“

Endalausir möguleikar

„Það geta allir búið til fyrirtæki á netinu,“ segir Sigrún jafnframt og

nefnir dæmi. „Segjum sem svo að ljósmyndari myndi koma til mín og langaði að stofna fyrirtæki. Þú getur ekki tekið myndir af fólki í gegnum netið en þú getur hins vegar kennt öðrum að taka eigin myndir, þú getur hjálpað fólki að undirbúa sig fyrir myndatökur, þú getur boðið upp á VIP-dag þar sem fólk kemur og fær förðun og stíliseringu og myndatöku. Möguleikarnir eru endalausir.

Það er alltaf til leið, það þarf bara að hugsa út fyrir boxið. En vegna þess að þetta er orðið svo auðvelt, þá þarf fólk að kunna að markaðssetja sig. Það er erfitt að skera sig úr.“

Sigrún segist sjálf hafa lagt upp með að skapa sér sérstöðu. „Ég er frá Íslandi og tala um það. Ég er sömuleiðis með menntun og reynslu sem er frekar sér-tæk,“ segir Sigrún. „Svo er ég ▶

BÓLGUEYÐANDI OG DREGUR ÚR VERK

DIKLOFENAK APOFRI HLAUP

DIKLOFENAK APOFRI hlaup inniheldur diclofenac tvíetylamín, 11,6 mg/g, og er lyfið notað til meðferðar á staðbundnum verk í tengslum við meiðsli í vöðva eða lið. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og í fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leiðið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is.



alltaf í rauðu! Það hjálpar, fólk talar um það. Ég er líka þekkt fyrir að vera mjög ákveðin þegar ég veiti ráðgjöf: ég er ekkert að sykurhúða hlutina. Það hefur fallið vel í kramið hjá til dæmis þýskumælendi kúnum," segir hún og brosir.

Vigdís ruddi brautina

Það er álit Sigrúnar að til að ná jafnrétti þá þurfi konur að búa til eigin peninga. Og vera fyrirmyndir. Hún minnst á Vig-

dísi Finnbogadóttur; einstæðu móðurina sem braut glerþakið og gerðist þjóðhöfðingi Íslands í upphafi níunda áratugarins.

„Vigdís kenndi konum og stelpum að það er allt hægt. Þú getur orðið forseti, þú þarft ekki einu sinni að vera gift manni! Ég las grein um daginn, reyndar í nokkuð óvenjulegu blaði, Barbie-blaðinu. Þar kom meðal annars fram að þegar stúlkur eru orðnar fimm ára þá trúna þær því ekki

lengur að þær geti látið drauma sína rætast. Ég vil sýna öllum að þetta er hægt. Þú þarft ekki að hafa fjárfesta í kringum þig og þú þarft ekki að vera með milljón dollara viðskiptahugmynd. Þú ert nú þegar með reynslu og þekkingu sem þú þarft, þú þarft kannski bara hjálp við að breyta því í fyrirtæki. Ég hef oft sagt við viðskiptavinum mína að stundum þarftu að gera eitthvað sem þú ætlar kannski ekki að vera þekkt-

Þarna fann ég minn fjársjóð

HAGBLIKK

Brotna ekki

Ryðga ekki

Álpakrennur & niðurföll

Litir á lager:

Svart, hvítt, ólitað, rautt, silvurgrátt og dökkgrátt

Smiðjuvegur 4C - 202 Kópavogur - S 587 2202

ur fyrir, bara til að koma hjólanum af stað.“

Stærsta verkefnið til þessa

Sigrún verður með alþjóðlega ráðstefnu í Hörpu 18. og 19. júní, 2020, og er ráðstefnan sérstaklega fyrir konur sem vilja byggja upp þekkingarfyrirtæki á netinu. Hún segir alla geta byggt upp fyrirtæki á netinu, en konur þurfi að rétta upp höndina: vekja athygli á sér. Sigrún bendir þó á að að auðvitað séu karlmenn velkomnir.

„Þetta er nýjasta verkefnið mitt, og það stærsta til þessa. Þarna verða fyrirlesarar alls staðar að úr heiminum. Og allir mæta í rauðu! Ég er með mjög háan gæðastandard en fyrirlesararnir eru allir „self made“; konur sem hafa byggt upp sín eigin fyrirtæki með sínu eigin fjármagni, en hafa ekki fengið fjármagn utan frá. Og allar eru þær með að minnsta-

kosti milljón dollara í tekjur. Ég er að gera þetta fyrir konurnar þarna úti. Við þurfum að gera þeim kleift að láta drauma sína rætast. Það skilar sér til næstu kynslóðar. Ef konur í dag láta drauma sína rætast, þá munu stelpurnar seinna láta drauma sína rætast.“

Sigrún rifjar upp að árið 2008 fór hún á fyrirlestur hjá Tony Robbins á London. Þar voru viðmælendur látnir gera verkefni þar sem þeir skrifuðu niður framtíðarsýn sína, hvar þeir sáu fyrir sér að vera tíu árum síðar. „Ég týndi síðan skjalinu, en fann það, tíu árum seinna. Þar stóð meðal annars: „Ég á mitt eigið fyrirtæki, ég er með milljón dollara í tekjur, ég er búin að ná jafnrétti, ég er búin að hlaupa maraþon. Ég var búin að ná öllum markmiðunum, nema að hlaupa maraþon, og ná jafnrétti. Það er næst á dagskrá.“ ■

Góð kaup

29. nóvember 2019

Ábyrgðarmaður: Kolbrún Dröfn Ragnarsdóttir / kolla@dv.is Umsjón: Jóhanna María Einarsdóttir / johanna@dv.is



ÞRÁINN SKÓARI:

Gamlir og lúnir skór ganga aftur og verða eins og nýir

Þráinn Skóari opnaði þann fyrsta janúar 1984 og er eitt elsta skóviðgerðarverkstæði í Reykjavík. Daniel hefur verið í skóviðgerðarbransanum síðan 2014 og segir ætíð nóg að gera. „Það dalaði um tíma aðeins í rekstrinum en svo tók þetta við sér aftur. Hugsanlega hefur aukin umhverfisvitund þar eitthvað að segja, en fólk er augljóslega farið að hugsa meira og betur um umhverfið og nýtingu hlutanna,“ segir Daniel.

Gera við miklu meira en bara skó
Á skóviðgerðarstofunni er Daniel með heilar sex saumavélar sem allar gegna mismunandi hlutverki þegar kemur að störfum skósmíðsins. „Við skóararnir gerum líka miklu meira

en fólk gerir sér grein fyrir. Við erum að sjálfsögðu í skóviðgerðum hvort sem um er að ræða sólaumskipti, viðgerðir á yfirleðri eða uppbyggingu á skóbotnum. En við erum einnig í því að gera við leðurjakka, töscur, hatta og margt fleira. Við segjum oft að ef enginn annar getur gert við það, þá endar það hjá skósmíðnum.“

Úr sér gengnir skór verða eins og nýir
Það er ótrúlegt hvað hægt er að gera fyrir skó sem virðast vægast sagt orðnir úr sér gengnir. „Við erum að fá til okkar skó af ýmsu tagi. Sumir eru aðeins lúnir og þarf þá rétt að lappa upp á þá fyrir sérstök tilefni. Aðrir eru verr farnir og þá þarf að gera meira.

Hvað gönguskó varðar er það þekkt að eftir ákveðinn fjölda ára

springa sólarnir upp sökum efnahvarfs sem á sér stað í millilagi sólanans. Þetta lítur rosalega út en í flestum tilfellum er vel hægt að gera við skóna. Einnig er fólk að kaupa góða, notaða skó á lægra verði, kemur með þá til okkar og eyðir örlytu í viðbót til þess að fá þá eins og nýja. Svo eiga margir skó af ömmum og öfum sem þá langar að koma í gagnið aftur. Það er allur gangur á þessu.

Í dag er enginn vandi að finna ódýra skó sem endast varla út árið og eru óþægilegir í þokkabót. En það borgar sig alltaf, fyrir budduna, umhverfið og heilsuna að fjárfesta í gæðum þegar kemur að skóm. Góða skó er hægt að gera við mörgum sinnum og við fyrstu viðgerð eru skórnir yfirleitt strax byrjaðir að

borga sig. Skórnir sjálfir endast í langflestum tilfellum mun lengur en sólinn, enda er hann slitflöturinn á skónum og eyðist við hverja notkun. Ef það er gott í skónum og hugsað vel um yfirleðrið, þá kemur það fólk á óvart hversu lengi skórnir endast. Á mínum tæpum sex ára starfsferli hef ég oft fengið sama skóparið til mín í viðgerð oftast en ég get talið á fingrum annarrar handar.“

Skókassi með öllu tilheyrandi. Stórsniðug jólagjöf.

Þráinn Skóari er staðsettur að Grettisgötu 3, 101 Reykjavík
Sími: 552-1785
Tölvupóstur: leistieh@gmail.com
Fylgstu með Þráni Skóara á Facebook: Þráinn Skóari



HRAFNAGULL.IS:

Auðvelt að finna umhverfisvæna og skaðlausa kosti fyrir börnin okkar

Vefverslunin Hrafnagull byrjaði sem skólaverkefni og er nú orðin ein framsæknasta netverslun landsins, en Hrafnagull selur eingöngu náttúrulegar og umhverfisvænar vörur. „Við gerum okkar besta til að vera sem umhverfisvænst, nota sem minnst af plasti og nota umbúðir sem auðvelt er að endurvinna. Þá skiptir okkur líka miklu máli að fyrirtækin sem framleiða vörurnar séu einnig umhverfisvæn,“ segir Fjóla Brynjarsdóttir hjá Hrafnagulli.

Umhverfisvænt og hagkvæmt fyrir börn og foreldra

„Hrafnagull var opnuð í nóvember 2018 en verslunin var hluti af BSc-ritgerðinni minni í viðskiptafræði sem var viðskiptaáætlun fyrir fyrirtækið. Netverslun er eitthvað sem hefur alltaf heillað mig. Það fer talsvert minni kostnaður í að reka netverslun heldur en verslun niðri í bæ og því þarf ekki að leggja jafn mikið á vörurnar. Börn eru líka viðkvæm og þess vegna er mikilvægt að þau séu að nota leikföng, snuð og annað sem eru náttúruleg og innihalda engin skaðleg efni eins og t.d. BPA. Þess vegna fannst mér tilvalið að opna netverslun sem seldi einungis þannig vörur og auðveldaði þannig foreldrum að kaupa náttúrulegar vörur fyrir barnið sitt. Það er alltaf að bætast við vöruúrval okkar en við byrjuðum á því að selja einungis barnaleikföng. Núna höfum við bætt við okkur til dæmis bakpokum og snuðum og það nýjasta hjá okkur eru bambus-

handklæðin og sloppar.

Hrafnagull er með lager í Hafnarfirði þar sem hægt er að koma sækja pantanir. „Að sjálfsögðu sendum við líka um land allt. Lagerinn er opinn alla miðvikudaga frá 18.30 til 20.30 en svo bætum við alltaf við opnunartíma um jólin. Það er um að gera að fylgjast með okkur á Facebook.“

Vönduð tréleikföng

Vinsælasta varan þessi jólin hjá Hrafnagulli er leikfangahúsin frá Kiko sem framleiðir skemmtileg og vönduð tréleikföng. Leikfangahúsið er úr tré og hægt er að setja það saman á ótal vegu og leyfir það þannig imyndunaraflinu að ráða för. Kubbar fylgja svo með sem hægt er að breyta í húsgögn eða hvað sem er!

Sjálflýsandi plánetupúsl

„Önnur jólagjöf sem er alltaf vinsæl hjá okkur eru spilín og púslín frá Londji sem eru búin til úr endurunnum pappa. Spilín henta börnum alveg frá þriggja ára og upp í tólf ára. Vinsælasta púslíð okkar hefur verið geimpúslíð þar börnin púsla pláneturnar. Þegar búíð er að púsla spillíð eru svo ljósin slökkt og þá lýsir það í myrkri.“

Bakpokar úr endurunnum efnum

Bakpoki frá Petit Monkey er önnur falleg gjöf sem hægt er að gefa. Bakpokarnir eru búnir til úr endurunnum plastflöskum, en þeir koma í tveimur stærðum en þeir eru fullkomnir fyrir sund, ferðalagið, íþróttafötin, leikskólann og fleira.

Lífrænn leir

Leirinn frá Ailefo hefur líka verið mjög vinsæll, en hann inniheldur einungis náttúruleg efni og er fyrsti lífræni leirinn á evrópskum markaði. Þar af leiðandi geta börn frá allt að tveggja ára aldri notað hann.

Komdu og upplifðu alvöru jólamarkaðsstemningu

„Við erum dugleg að mæta á markaði, sérstaklega nú um jólin. Næsti markaður er Jóla Pop-Up núna um helgina þar sem við verðum með Black Friday- og Cyber Monday-tilboðin. Þar ætlum við líka að sýna nýjustu vörurnar okkar frá Timboo, en það eru meðal annars handklæði, þvottapokar og baðsloppar sem búnir eru til úr bambus.

Bambus dregur 60% meira vatn í sig en venjuleg bómull og er einstaklega mjúkur. Þessar vörur eru fullkomnar í jólapakkann og um að gera mæta um helgina á markaðinn og nýta sér afsláttinn sem verður í boði. Einnig verðum við á umhverfisvæna jólamarkaðnum á Eiðistorgi 7. og 8. desember klukkan 11–17. Við erum með flestallar vörurnar okkar á mörkuðum og svo er alltaf hægt að panta fyrirfram og sækja á markaðinn.“


Skoðaðu úrvalið í vefversluninni hrafnagull.is. Við sendum hvert á land sem er.

Hrafnagull er með lager að Miðvangi 41, 220 Hafnarfirði
Tölvupóstur: hrafnagull@hrafnagull.is
Fylgstu með Hrafnagulli á Facebook.
Instagram: @hrafnagull



BLACK

FRIDAY





ÍSLENSKA FLATBAKAN:

Góðar pítsur handa svöngum Íslendingum

Pítsur þurfa ekki að vera óhollar en þær þurfa alltaf að vera góðar. Á Íslensku Flatbökunni er boðið upp á mikið úrval af hollum og ljúffengum pítsum. Allar pítsumnar eru úr súrdegi og einstaklega léttar í maga. Einnig bjóðum við upp á glúteinskertan pítsubotn fyrir þá sem eru með glúteinóþol. En þeir sem vilja halda sínum pítsum vel hlöðnum af alls konar girnilegu áleggji geta á treyst því að pítsumnar á matseðlinum eru vel útiláttnar með nógu af áleggji.

Nettilboð Íslensku Flatbökunnar
Íslenska Flatbakan hefur opnað fyrir netpantanir á sínum viðfrægu pítsum. „Við erum líka með sérstök nettilboð í gangi fyrir þá sem panta á netinu. Þá er hægt að fá t.d. eina böku með tveimur áleggjum, osta-bröllur og sósu á eingöngu 3.600

kr. Svo kemurðu bara og sækir bökuna þegar hún er tilbúin.“

Íslendingar elska góðar pítsur
Íslenska Flatbakan er fjölskyldurekinn veitingastaður sem var opnaður árið 2015. Íslendingar eru greinilega komnir á bragðið því fyrirtækið opnaði í sumar nýtt útibú í Mathöllinni á Höfða og hefur verið nóg að gera hjá pítssugerðarmeisturum Íslensku Flatbökunnar í bæði Bæjarlind og á Bildshöfða. „Stemningin er frábær og er húsið venjulega fullt í hádeginu og stöðugur straumur á kvöldin. Við finnum að fólk er að fíla að geta komið og sumir fá sér pítsur á meðan aðrir eru skella sér á annan stað,“ segir Guðmundur Gunnlaugsson, meðeigandi að Íslensku Flatbökunni. Eldbakað af alúð!

Geggjuð tilboð í hádeginu:

Pítsa með tveimur áleggstegundum og gos á aðeins 1.990 kr.

Pítsa af matseðli á aðeins 2.200 kr.

Tvær vinsælustu vegan-pítsumnar eru:

Sú Ferska: Súrdeig, pítssósósa, vegan-ostur, döðlur, hvítlaukur, klettasalát, ferskir tómatar, ferskur rauðlaukur, spicy mayo og svartur pipar.

Sú Fullkomna: Súrdeig, pítssósósa, vegan-ostur, döðlur, hvítlaukur, sveppir, þistilhjórtu, salthnetur, basil og sjávarsalts- og oreganóblanda.

Ekkert mál að vera vegan á Íslensku Flatbökunni

Íslenska Flatbakan er með landsins mesta úrval af vegan-pítsum og

vegan-forréttum. Er hún með fyrstu veitingastöðum sem buðu upp á vegan-valmöguleika á matseðlinum. Pítsumnar á Íslensku Flatbökunni henta einstaklega vel þeim sem eru að taka sín fyrstu skref í átt að vegan-lífsstíl en vilja verðlauna sig með gómsætum mat af og til. Pítsumnar geta verið ótrúlega léttar og ferskar en einnig vel útiláttnar og toppaðar með alls konar sósum eða olíum. Þeir sem vilja breyta aðeins til geta líka prófað forréttina eða eftirréttina sem eru margir hverjir vegan.

Íslenska Flatbakan er til húsa að Bæjarlind 2 í Kópavogi og í Mathöll á Höfða, Bildshöfða 9, 109 Reykjavík. Pantaðu pítsum á netinu! Matseðil og fleiri upplýsingar er að finna á vefsíðunni flatbakan.is. Sjá einnig Facebook-síðuna: Íslenska Flatbakan.





DJI REYKJAVÍK:

Agnarsmár og öflugur dróni

DJI Reykjavík er í hjarta Reykjavíkur, en verslunin er staðsett við hlið Hard Rock Café í Lækjargötu. Verslunin býður upp á mikið úrval af drónum og fylgihlutum fyrir þá, en DJI verslun er viðurkenndur sölu- og dreifingaraðili fyrir DJI á Íslandi.

Mikið úrval

Hjá DJI Reykjavík má finna breitt úrval af drónum sem hægt er að nota við fjölbreyttar aðstæður og gefst viðskiptavinum kostur á að koma og prófa að fljúga dróna í flughermi. Verslunin er glæsileg í alla staði en hún var hönnuð í samstarfi við DJI, en nýtur verslunin sérstöðu hér á landi þar sem að hún er sú eina sinnar tegundar.

Drónarnir sem DJI hefur til sölu

henta bæði byrjendum sem og þeim sem eru lengra komnir. En drónana er hægt að nota í allt milli himins og jarðar. Vinsælustu týpunar þeirra eru meðal annars Mavic 2 Pro og Mavic Air. DJI verslun leggur mikið upp úr að verð hjá þeim sé sambærilegt verði í öðrum evrópskum löndum.

Smár og léttur dróni

Nú í nóvember hófst sala á minnsta og léttasta DJI-dróna til þessa. Dróninn, sem heitir Mavic Mini, er aðeins 249 grömm að þyngd, en getur flogið í allt að 30 mínútur, tekið myndbönd í 2.7K Quad HD og notar nýtt og einfalt forrit sem heitir DJI Fly.

Mavic Mini er léttur og meðfærilegur dróni sem gefur hágæða niðurstöður án takmarkana. Vegna

stærðarinnar þá getur Mavic Mini flogið þar sem stærri drónar komast ekki. Annar kostur við Mavic Mini er sá að þú getur tekið hann með þér í kringum heiminn án þess að sækja um skirteini til þess að fljúga, því hann er aðeins 249 grömm. Stjórn tækin eru auðveld í notkun og hönnuð til þess að gera þér kleift að fljúga drónanum auðveldlega ásamt því að fá skýra og flotta mynd í HD-gæðum í allt að tveggja kílómetra fjarlægð. Mavic Mini getur auk þess sveimað beint yfir hlutum og stöðum bæði innan dýra og utan.

Hvort sem þú ert að ganga um fjöllin, njóta dags í fjörunni eða bara slappa af í garðinum þínum, þá er Mavic Mini gerður til þess að gera upplifunina betri.

Hægt er að fá frekari upplýsingar á heimasíðu DJI Reykjavík á www.djireykjavik.is eða með því að kíkja í verslunina í Lækjargötu 2A.

DJI Reykjavík
Lækjargötu 2A, 101 Reykjavík
S: 519-4747
info@djireykjavik.is

dji
REYKJAVÍK



Hættum að skrópa, Noona

Pegar við fengum fyrst samtali frá sölumanni DV vorum við efins um ágæti þess og tilgang að borga fyrir að kynningarfulltrúi myndi skrifa um okkur svokallaða „kynningargrein“. Auðvitað væri fráþætt ef fjölmiðlar landsins tækju sig til og skrifuðu meira um Noona og það sem við erum að gera, en það er frekar á okkur en þeim að gera eitthvað sem getur talist fréttæmt.

Eftir nánari ihugun kom þó í ljós að þetta gæti verið góður vettvangur til þess að fræða almenning, og þar með talið þig, kæri lesandi, um eitt stærsta vandamálið sem við erum að takast á við. Vandamál sem fáir velta mikið fyrir sér en veldur miklum þjóðfélagslegum skaða. Vandamál sem viðskiptavinir okkar, aðilar sem taka við tímabókunum, glíma við á hverjum einasta degi.

Viðskiptavinir okkar bera enga sök á þessu vandamáli sjálfir. Öllu heldur eru það viðskiptavinir þeirra sem valda þessu, oft ómeðvitaðir um afleiðingarnar sem fylgja. Milljarðar tapast árlega vegna þessa og það er tímabært að við opnum á umræðuna.

Vandamálið sem um ræðir er skróp. Þegar tímar eru bókaðir hjá fagaðilum eða sérfræðingum, sem síðan voru ekki nýttir.

Getur verið að þú sért hluti af vandamálinu?

Stærri en þú heldur

Skróp hefur áhrif á stóran hóp þjóðfélagsins. Stéttir sálfræðinga, kírópraktora, hársnyrtifræðinga, snyrtifræðinga, fótaaðgerðafræðinga, ráðgjafa og fleiri glíma allar við þetta skaða vandamál.

Vandamálið er stærra en flestir halda. Samkvæmt gögnum okkar er skrópað í u.þ.b. 5% allra tíma á Íslandi og ef þú skrópaðir ekkert á árinu sem var að líða ert þú í minnihluta.

Á verstu mánuðum sem við höfum séð, yfir 5 ára sögu okkar við

að þjónusta einstaklinga og fyrirtæki sem taka við tímabókunum, var skrópað í 20% af öllum tímum mánaðarins.

Getur þú ímyndað þér að fá óvænt 20% minna útborgað en þú gerðir ráð fyrir? Fyrir marga getur það haft í för með sér mikla óvissu varðandi hvort hægt sé að mæta útgjöldum mánaðarins.

Þjónustuaðilar um allt land verða af þúsundum, ef ekki tugum þúsunda króna, við hvert einasta skróp. Eftir því sem mánuðirnir líða breytast tugir þúsunda í hundruð þúsunda. Yfir árin tapast milljónir. Fjármunir sem betur væru nýttir í viðgerðir á húsinu, utanlandsferðir með fjölskyldunni eða eitthvað fallegt handa krökkunum.

Óásættanlegur raunveruleiki

Skróp veldur þjónustuaðilum flóru af erfiðum tilfinningum. Sífelld óvissa um tekjur mánaðarins valda áhyggjum sem aðrir þegnar atvinnulífsins þurfa blessunarlega ekki að glíma við. Vonbrigðin þegar hugsað er til tekjutaps seinustu viku, mánaðar og ára skjótast upp í huga margra með reglulegu millibili.

Skiljanlega upplifa margir reiði í hvert skipti sem einhver skrópar. Sérstaklega ef viðskiptavinurinn hringir ekki einu sinni til að afbóða tíma sem aðrir hefðu gláðir vilja mæta í og tekjutapið því algjörlega tilgangs-laust.

En þetta er því miður raunveruleikinn sem flestir innan þjónustugeirans glíma við. Þetta eru aðstæður sem enginn annar hópur innan samfélagsins þarf að sætta sig við. Þessar aðstæður eru óásættanlegar.

Hvað er sanngjarnt?

Stór vandamál krefjast lausna. Sú lausn sem oftast hefur borist í tal innan þjónustugeirans eru skrópgjöld. Gjald á milli 50–70% af andvirði tímans sem leggst á viðskipta-

vin ef hann skrópar.

Sú lausn gengur upp af nokkrum ástæðum. Ef viðskiptavinir bera fjárhagslegan hvata af því að mæta í tíma mun skróp minnka. Einstaklingar sem ætla sér ekki endilega að mæta í tíma hugsa sig tvisvar um að bóka ef þeir eiga á hættu að þurfa að greiða skrópgjald*. *Ef skróp á sér stað, þarf þjónustuaðilinn ekki einn að bera kostnaðinn af mistökum viðskiptavinarins.

Við munum þó alltaf berjast fyrir sanngjörnum viðskiptaháttum. Þegar kemur að skrópgjaldi þarf að taka tillit til aðstæðna hverju sinni. Ákvörðun sem varðar framkomu fyrirtækja við viðskiptavini sína þarf að horfa á með linsum síðferðisins, sannleikans og sanngirni.

Því hvað er raunverulega sanngjarnt? Er það sanngjarnt að þjónustuaðili tapi peningum mánaðarlega því fólk sefur yfir sig? Er það sanngjarnt að þú þurfir að greiða fyrir tíma sem þú komst ekki í vegna þess að þú lentir í bílslysi, eða þurftir að bíða með barninu á slysó?

Þetta eru erfiðar spurningar, því þær kljást hvor við aðra. Hvorugt er sanngjarnt. Hvort rukka eigi skrópgjald er því spurning sem býður upp á tvö sönn svör sem eru í beinni þversögn hvort við annað.

Það er sanngjarnt að þjónustuaðili fái greitt fyrir tíma sem fólk bókar. Sama hvort þjónustan er veitt eða ekki, þá eiga allir rétt á því að fá greitt fyrir að lofa tíma sínum og sérþekkingu í þágu annarra.

En það er heldur ekki sanngjarnt að þú þurfir að greiða fyrir tíma sem þú komst ekki í vegna einstakrar óheppni. Það er nauðsynlegt að geta sýnt samúð í viðskiptum.

Skrópgjaldið ætti því einungis að vera rukkað undir sanngjörnum kringumstæðum. En hvenær er það þá sanngjarnt að rukka skrópgjaldið? Það er spjallið sem við sem samfélag þurfum að eiga.

En það spjall ætti frekar að snú-

ast um hvenær, en ekki hvort, eigi að rukka skrópgjald.

Nýtt viðhorf

Við hjá Noona höfum eitt markmið: Að auka heildarveltu á þjónustumarkaði. Okkur langar að hjálpa öllum sem taka við tímabókunum að lifa þægilegra lífi, minnka tímaeyðslu sem fer í símsvörun, draga úr skrópi og leyfa fólk að einbeita sér að því sem það er best í, að þjónusta þig.

Skróp er flóknasta vandamál sem við höfum tæklað enda engin augljós lausn í sjónmáli. Við munum aldrei eyða skrópi algjörlega þótt okkur dreymi um það. Óhöppin gerast án fyrirvara og stundum er skróp óhjákvæmilegt. Ef þú lendir í slíkum aðstæðum hvetjum við þig til að láta vita með eins löngum fyrirvara og mögulegt er.

Stundum skrópar þú vegna gleymsku. Allir gera mistök. Við erum mannleg, eftir allt saman. Er þá ekki sanngjarnt að greiða skrópgjald?

Við ættum öll að gera allt sem í okkar valdi stendur til að skrópa ekki. Kæruleysislegu viðhorfi okkar gagnvart skrópi þarf að breyta.

Við getum hjálpað

Ef þú bókar tímann þinn í gegnum Noona þarf þjónustuaðili ekki að taka sér tíma frá viðskiptavini til að svara símanum. Þá eru líka minni líkur á að þú skrópir að óþörfu, því Noona-appið sendir þér áminningu klukkutíma fyrir tímann. Ef upp kemur sú staða að þú þurfir að afbóka eða færa tíma getur þú svo gert það hvenær sem er dagsins á Noona, í staðinn fyrir að hringja enn eitt samtalið í viðbót.

En sama hvernig þú bókar tímann, mundu bara að það er manneskja á hinum enda línunnar sem er að taka frá verðmætan tíma sinn fyrir þig. Mætum eða látum vita. Samfélag okkar verður ríkara og sanngjarnara fyrir vikið.



BLÓÐBANKINN

Blóðgjöf er lífgjöf

11. des
Ikea



Íbúðalána
sjóður




KRÓKUR



Við komum til þín!

Áætlun Blóðbankabílsins má sjá á **blodbankinn.is**





ELDHAF:

Hafsjór af veglegum jólagjöfum

Eldhaf fagnaði nýlega 10 ára afmæli og hefur alla tíð sérhæft sig í sölu á Apple-vörum. Við erum með beinan innflutning á þeim vörum og erum að auka umsvif okkar í heildsöludreifingu og gera fyrirtækjaþjónustu

okkar enn öflugri. Verslun Eldhafs rekum við að Glerártorgi og höldum úti vefversluninni eldhaf.is

Það er gaman að segja frá því að eldhaf.is er fyrsta íslenska vefverslunin þar sem þú getur greitt með Apple Pay og hefur sala aukist

til muna eftir að við innleiddum þann greiðslumöguleika.

Apple vörur eru alltaf gríðarlega vinsælar í jólapakkann en við erum einnig að selja vörur frá Garmin, Leatherman, Bose og fl. Það sem verður vinsælast þessi jólin eru vörur eins og AirPods og AirPods Pro, Apple Watch er mjög vinsælt ásamt öðrum Apple-vörum eins og iPad, iPhone og tölvum.

Garmin-vörurnar hafa moka út seinustu árin og þá sérstaklega heilsuúrin, þau koma sterk inn núna fyrir jólin og eigum við margar nýjar tegundir.

Leatherman-vörurnar hafa alltaf

verið sigildar í jólapakkann enda frábær verkfæri með 25 ára ábyrgð og gleðja nánast alla.

Bose var að kynna ný „noise canceling“-heyrnartól innan 700 líunnar frá þeim sem er viðbót við Bose QC-35II sem flestir kannast við.

Það verður mikið um tilboð og endilega kikið í vefverslun okkar og skoðið hvað er í boði. Okkar reynsla er sú að vinsælastu Apple-vörurnar eru nánast alltaf uppseldar seinustu dagana fyrir jól, þannig að það er oft betra að vera tímanlega í jólagjafakaupum. Oft erum við líka að bjóða betra verð en aðrir á ýmsum vörum.



 **eldhaf.is**

Bækur og menning

29. nóvember 2019

Ábyrgðarmaður: Kolbrún Dröfn Ragnarsdóttir / kolla@dv.is Umsjón: Jóhanna María Einarsdóttir / johanna@dv.is



HORMÓNAJÓGA
Leið til að endurvekja hormónabúskap þinn

Dinah Rodrigues



HORMÓNAJÓGA -

Leið til að endurvekja hormónabúskap þinn

Bókin Hormónajóga – leið til að endurvekja hormónabúskap þinn, eftir Dinah Rodrigues í þýðingu Rakelar Fleckenstein Björnsdóttur, kom út í vor og hefur fengið frábærar viðtökur. Bókin er fáanleg í öllum bókaverslunum, á bókasöfnum og í vel völdum jógaverslunum og jógastöðvum.

Hvað er hormónajóga?

Hormónajóga er náttúruleg og heildræn meðferð sem örvar þau líffæri og þá kirtla sem sjá um framleiðslu kynhormóna með því að nudda líffærin innan frá (stöður og öndunaræfingar), stýra lífsorkunni (prana og svipar til Qigong lífsorkuæfinganna) og beita jóga nidra sem hefur huglæg áhrif. Sú tegund af hormónajóga sem hér er kynnt til sögunnar samanstendur af sérstakri æfingaröð fyrir konur, 35+, sem tekur rúman hálf tíma að gera. Æfingarnar eru ekki flóknar en það er nauðsynlegt að gera þær reglulega, allavegana til að byrja með og til þess þarf þolgæði.

Upphafskona hormónajóga er Dinah Rodrigues frá Brasilíu. Þessi

92 ára gamla kona er besta auglýsingin fyrir árangurinn af æfingunum. Dinah byggir æfingarnar á áratugareynslu af jógaíðkun, kennslu og rannsóknum tengdum lífeðlisfræði. Rakel nam fræðin hjá Dinah í Þýskalandi og er fyrsti, og eini kennarinn hér á landi, sem hefur réttindi til að kenna aðferðafræði hennar.

Dinah hefur þróað þrenns konar hormónajóga: fyrir konur, eins og það sem kynnt er í bókinni, fyrir karla (streitulosandi) og fyrir sykursjúka.

Kemur í veg fyrir eða dregur úr einkennum

Regluleg ástundun æfinganna kemur í veg fyrir eða dregur úr margvíslegum einkennum sem gjarnan eru fylgifiskar breytingaskeiðisins. Einkennin eru mun fleiri en okkur grunar en þekktust eru hitakófi, þurrkur í leggöngum, þreyta, þirringur, svefntruflanir og minni kynhvöt. Í kringum fertugt fer að draga úr virkni eggjastokkanna og framleiðsla estrógens og prógesteróns minnkar. Fram að tíðahvörfum sér estrógen kynhormónið í líkamanum

um að vernda konur en við tíðahvörf er hætt á að þessi vernd hverfi að mestu þegar magn estrógens minnkar. Þess vegna er svo mikilvægt að við viðhöldum eða endurvekjum hormónaframleiðsluna og best er að gera það á náttúrulegan hátt.

Hvaða konur ættu að stunda hormónajóga?

Hormónajóga er himnasending til kvenna á breytingaskeiði en það hefur líka reynst konum á snemmbúnu eða ótimabæru breytingaskeiði vel. Einnig konum sem eru með óreglulegar blæðingar, engar eða of miklar blæðingar, sársaukafullar blæðingar, vægt legslímufلاك, fjölblöðruheilkenni (PCOS), fyrirtíðaspennu og húðvandamál svo eitthvað sé nefnt. Síðast en ekki síst hefur fjölmörgum konum tekist að verða barnshafandi með aðstoð hormónajóga.

Rakel vill hvetja þær konur sem eru að huga að barneignum, sem virðast ekki ætla að ganga eins og vonir stóðu til, að skoða hormónajóga. Reynslan sýnir að fjölmargar konur hafa orðið þungar með því að



stunda hormónajóga reglulega og er Dinah Rodrigues stolt af því að „eiga“ jógabörn úti um allan heim. Í hormónajóga gerum við líka streitulosandi æfingar og allt hjálpar þetta til.

Til að halda utan um útgáfu bókarinnar var fyrirtækið Yoga Natura ehf. stofnað en það er í eigu Rakelar Fleckenstein Björnsdóttur, hormónajóga- og hathajógakennara, og Thomasar Fleckenstein ljósmyndara.

Auk þess að gefa út bækur er Rakel með námskeið, bæði fyrir byrjendur og lengra komna í hormónajóga, en námskeiðin hafa verið kennd í Ljósheimum frá upphafi. Fyrirtækið heldur einnig utan um sýningar á myndum Thomasar og er hugmyndin að næsta verkefni Yoga Natura ehf. verði að gefa út bók með ljósmyndum eftir hann.

Nánar má fræðast um hormónajóga á facebook.com/hormonajoga og á netfanginu yoganatura@simnet.is.

Ef þú sérð fyrir þér – þá geturðu séð fyrir þér.

Við búum yfir ljósi sem jafnast á við sólina. Samt kjósum við að skammta okkur ljósmagn og ljóma inn í lífið.

Þegar við erum í heilindum og lítum út úr einlægu hjarta – í gegnum þriðja augað með innsæi – þá höfum við getu til að skapa á leifturhraða allt sem við erum tilbúin að heimila, þiggja, upplifa.

Ertu að dreifa ljósinu – eða ertu beina ljósinu í þá átt sem þú vilt?

Ertu viljandi og valfær skapari – eða óviljandi, óvalfært slys?

Ertu dimmir – eða ertu birtir?

máttur hjartans

SJÁÐU FYRIR ÞÉR

MÁTTUR HJARTANS:

Allt sem þú veitir athygli vex og dafnar

Máttur hjartans er ný bók eftir Guðna Gunnarsson. Guðni er stofnandi og upphafsmaður Rope Yoga og GlóMotion-hugmyndafræðinnar.

Guðni er einn af frumkvöðlum Íslands á sviði líkams- og heilsuræktar. Hann hefur starfað við fagið í meira en 40 ár og er m.a. fyrsti lífsráðgjafinn og einkaþjálfarinn á Íslandi.

Máttur hjartans er fjórða bók Guðna en áður skrifaði hann Lífsráðgjafann/Heilrækt, Mátt viljans og Mátt athyglinnar.

Pitt eigið ljós segir til um hversu mikið þú getur séð fyrir þér

„Máttur hjartans er skrifuð vegna þess að ég vil hvetja fólk til að vera kraftaverk í sínu lífi með því að vilja sig, til að velja sig og til að valda eigin tilvist út frá forsendum hjartans. Það er mikilvægt að þú skiljir að hvernig þú sérð þig og upplifir – hvaða viðhorf þú hefur til þín –


mótar sýn sem framkallar það sem þú sérð fyrir þér og einmitt þetta verður sá veruleiki sem þú skapar,” segir Guðni.

„Ég vil að þú skiljir hvaða lífsins auðlegð opnast þegar þú tekur ábyrgð á eigin tilvist, verður valfær og eykur eigin heimild til hamingju og þakklætis. Ég vil sjá þig auka heimildina og finna þar hugrekki og áræðni til að lifa til fulls, á þínum forsendum; að sjá þig skilja að enginn er eyland og að aðeins með því að þiggja og gefa af þér geturðu þrífist í lífinu og látið þig skína til fulls,” bætir Guðni við.

„Við komum okkur þangað sem við erum – með miklum tilkostnaði. Við höfum varið allri ævinni í að verða svona, núna, eins og við erum. Hvers vegna erum við þá að hafna því? Við þessu eru mörg svör og þau opinberast í bókinni, en núna, einmitt núna þegar þú lest þessi orð vil ég biðja þig um að meðtaka eftirfarandi orð með hjartanu, með skilningi dýpst út hjartanu:

Þú getur ekki farið fyrir en þú ert kominn. Vilji er verknauður, ekki löngun, þrá, ætlun eða von. Máttugur er mættur maður sem hefur fyrirgefið sér og vill sig umbúðalaust. Þetta er fyrsti lykkillinn og sá mikilvægasti einmitt núna þegar lestur bókarinnar er fram undan. Þú getur ekki farið fyrir en þú ert kominn og ef þú ert ekki að framkvæma þá ertu ekki að vilja og valda þeim breytingum sem þú segist vilja. Þetta þýðir einfaldlega að þín viðhorf í eigin garð byrja ekki að breytast fyrir en þú viðurkennir og elskar það hver þú ert, hvernig þú ert og hvar þú ert,” segir Guðni.

Upphafið að hugmyndinni Sjáðu fyrir þér. Þannig byrjaði þetta allt saman, fyrir mörgum árum, þegar Guðni hélt námskeið með þessari yfirskrift þar sem áhersla var lögð á sjónsköpun í eigin lífi. „Sjáðu fyrir þér,” sagði Guðni í mikilvægum orðaleik,



„Því ef þú getur ekki séð fyrir þér þá geturðu ekki séð fyrir þér.“ Um svipað leyti barst honum tölvupóstur frá Þorvaldi heitnum Þorsteinssyni þar sem hann benti honum á að Sjáðu fyrir þér væri vissulega góð yfirskrift á námskeiði en væri þó enn betri bókartitill.

„Frá þeim degi spíraði fræið sem nú er orðið að bók, úr þessum sakleysislega pósti frá kærnum vini mínum, og þér að segja tendrast hjarta mitt við minninguna um þessi samskipti, eins og svo margt í tengslum við þennan fallna meistara orðs og hugsunar,” bætir Guðni við að lokum.

Máttur hjartans fæst í öllum helstu bókabúðum. Einnig er hún til sölu á heimasíðu Rope Yoga Setursins www.rys.is

JÓLADAGATAL BORGARBÓKASAFNSINS

Jólaálfurinn

- SEM FLUTTI INN -



HÖFUNDUR:
GRÉTA ÞÓRSDÓTTIR B. ÞÓRNSSON

MYNSKREYTING:
HALLDÓR SNORRASON

PÍNULÍTIL HURÐ BIRTIST Á VEGG HEIMA HJÁ URÐI. HVER GERIR
PRAKKARASTRIK Á NÓTTUNNI OG SKILUR EFTIR SIG **FÓTSPOR Í HVEITINU?**
FORELDRAR URÐAR HALDA AÐ HÚN SÉ **SÖKUDÓLGURINN** - EN URÐUR ER **BLÁSAKLAUS!**
GETUR VERIÐ AÐ **DANSKUR JÓLAÁLFUR** SÉ FLUTTUR INN TIL ÞEIRRA?

FYLGIST MEÐ Á
BORGARBOKASAFN.IS
ÞAR SEM HÆGT ER AÐ HLUSTA Á EÐA LESA NÝJASTA KAFLAND Á HVERJUM DEGI.


BORGARBÓKASAFNIÐ
MENNINGARHÚS


Reykjavík
Bókmenntaborg
UNESCO
City of Literature



Ástarsögudrottingin er ennþá með ódýrustu jólabækurnar eftir 35 ár

Sumir lenda í ævintýri á hverju götuhorni og Rósa hjá Rauðu seríunni er klárlega ein af þeim manneskjum. „Þetta er búið að vera ótrúlegt ævintýri og hófst fyrir hartnær 35 árum af því að okkur vantaði vinnu í prentsmiðjuna Ásprent, sem við Kári maðurinn minn áttum á þeim tíma. Það skemmtilega er að gamla prentsmiðjan mín, Ásprent á Akureyri, prentar ennþá allar bækurnar fyrir mig í dag og gengur frá öllum áskrifendum. Þau standa sig með mikilli þryði og í mínum huga vil ég frekar láta prenta bækurnar mínar hér á landi heldur en erlendis,” segir Rósa Vestfjörð Guðmundsdóttir.

„Ég væri löngu farin á hausinn“
Sagan af upphafi Rauðu seríunnar og því hvernig Rósa náði samningi við bandaríska útgefandann Harlequin Enterprises um útgáfu á bókum frá Mills & Boon á íslensku er æsileg og jafnvel efni í heila bók. „Ég vissi það ekki þá, en samningamaðurinn sem kom með mér á bókamessu í Frankfurt og átti að aðstoða mig við að ná samningi við útgefanda sagnanna, var þurr alki. Hann datt svona hressilega í það á leiðinni út – og ég var nánast mállaus, kunni litla sem enga ensku, bara með gagnfræðaskólapróf.“ Eftir rútuferð frá Lúxemborg til Frankfurt var farangurinn týndur, samferðamaðurinn ofurölvi og Rósa vissi ekkert hvar hótelið var eða hvernig kaupin gerðust á eyrinni. „Ég fór án karlsins á messuna að reyna að fá samningana beint – og það tókst. Þau frá Harlequin hlógu reyndar að mér. Þeim fannst svo ruglað að láta sér detta í hug að halda að þetta gengi á Íslandi, en samþykktu. En svona eru örlögin. Ef karlinn hefði ekki verið svona fullur hefði hann

haft milligöngu um samningana og kannski fengið 20 prósent af sölnunni í öll þessi ár – þá væri ég löngu farin á hausinn,” segir hún og hlær.

„Frá upphafi, árið 1985, höfum við hjá Rauðu seríunni gefið út alls 2.714 bækur. Af þeim eru 407 Ástarsögur, en þær voru fyrstar til að koma út, 399 Ástar- og afbrotasögur, 381 Sjúkrasaga, 368 Örlagasögur. Ást og óvissa, 318. Ást og undirferli, 70. Samtals eru þetta hátt í tvö þúsund prentaðar bækur. Ofan á þetta koma svo allar 743 rafbækurnar og 28 hljóðbækur!“

Fjórða kynslóðin kynnist Rauðu seríunni

Það finnst varla sá sumarbústaður á Íslandi þar sem ekki má finna nokkrar út úr lesnar kiljur í sterkum litum og með dramatískum uppsettum kápumyndum af kúrekum og fögrum fljóðum, og titlum á borð við Leikur ástarinnar, Tilboð Luke eða Leyndarmál hennar. Kynslóð eftir kynslóð hefur fengið að kynnast þessum stórskemmtilegu, þýddu ævintýrum og nú er svo komið að fjórða kynslóðin er að taka við.

Fyrsta íslenska útgáfan

„Þegar ég horfi til baka hafa orðið ótrúlegar breytingar á þessum 35 árum. Samt erum við alltaf að leita að því sama. Það er gleði og hamingja. Ástin breytist aldrei og hún eldist ekki heldur. Við viljum öll að börnin okkar fái allt það besta, góða heilsu og frábæra framtíð.“ Þetta endurspeglar bækur Rauðu seríunnar. „Bækurnar byggjast á spennu og gleði og þær enda allar vel þannig að lesandinn situr ekki eftir með hugann í uppnámi. Þær uppfylla það sem lesandinn leitar eftir þegar hann sest niður til að lesa bók. Sam-

kvæmt nýjustu tölum eru Íslendingar duglegir að lesa spennusögur, en fjórar af hverjum sex bókum Rauðu seríunnar eru spennusögur. En ég gef líka út mýkri sögur eins og Ástarsögur og Sjúkrahússögur fyrir þá sem vilja lesa þannig sögur. Bókmenntaelitan þrjóskast enn við að telja þetta til bókmennta og Kiljan hefur t.d. aldrei fjallað um eina einustu bók frá okkur. Mér finnst þetta móðgun, ekki bara fyrir mig heldur fyrir alla mína lesendur sem skipta þúsundum á hverjum mánuði og mínar bækur eru yfirleitt lesnar að meðaltali 5–7 sinnum hver bók. Ef svo vel lesnar bækur teljast ekki til bókmennta, hvað gerir það þá?“

„Ertu viss um að þetta geti gengið?“

„Þetta byrjaði allt af rælni í mér. Við Kári vorum að keyra til Reykjavíkur. Ég var að lesa dagblaðið og var með áhyggjur yfir því að okkur vantaði meiri vinnu. „Við skulum fara að prenta kiljur,” sagði ég og braut blaðið saman eftir endilöngu, „við prentum bara tvær bækur í einu og fáum Dagsprent til að prenta þær fyrir okkur á meðan við erum að kaupa stærri prentvél, þá þurfum við bara að kaupa kápusetningavél.“ Kári horfði á mig. „Ertu viss um að þetta geti gengið,” sagði þessi skynsami maður. „Já, ég er viss um að þetta gengur ef að þær eru nógu ódýrar,” sagði ég og hló við.“

Ódýri netpakkinn – frábær jólagjöf

„Það var eins þegar ég byrjaði með rafbókabúðina fyrir tíu árum. Þá sögðu allir að ég gæti ekki verið með mína eigin rafbókabúð því stærri útgáfa yrði að vera með hana. Í dag er ég komin með 743 rafbækur og 28 hljóðbækur og hefur þetta gengið ljómandi vel þó að ég sjái um hana

ein. Það er alveg nýr lesendahópur sem kaupir rafbækur. Margir brottfluttir Íslendingar vilja lesa á íslensku. Svo er eldra fólkið sem hefur alltaf lesið bækurnar, en sér illa. En það getur lesið á spjaldtölvu. Ég sendi þeim bækurnar í Word-skjali svo þau þurfi ekki að hala þeim niður af netinu. Það er mjög vinsælt að gefa spjaldtölvu með áskrift að bókum í jólagjöf,” segir Rósa. Rauða serían er ennþá með „Ódýrustu jólabækurnar“ og nú bjóðum við 1.000 króna afslátt fyrir þá sem fara í áskrift að „Ódýra netpakknum“ í rafbókunum á vefsíðunni.“ Rósa bætir við að til standi að bæta við fleiri hljóðbókum í framtíðinni. „Þá ætla ég að reyna að vera með eina til tvær á mánuði. Eg hef alltaf verið bjartsýn og ætla ekki að hætta því á gamals aldri.“

Samvinnan er fyrir öllu

„Ég vil færa Stefnu á Akureyri sérstakar þakkir. Þeir hjálpuðu mér með vefsíðuna fyrir raf- og hljóðbækurnar og hafa reynst mér frábærlega vel. Ég hefði ekki getað þetta án þeirra aðstoðar. Og svo er annað sem er ómissandi. Við Kári höfum alltaf unnið saman í þessu og ég gæti ekki gert það sem að ég er búin að gera án hans. Við sjáum um að dreifa bókunum sjálf, en það tekur um þrjá daga að dreifa þeim á suðvesturhorn landsins. Sjálf sé ég svo um að setja inn á vefsíðuna, en rafbækurnar þurfa að koma inn á vefsíðuna á sama tíma og bækurnar í búðirnar, þetta heitir samvinna.“

Bækurnar frá Ásútgáfunni má finna í öllum bestu bókabúðum landsins sem og fjölmörgum matvöruverslunum.

Nánari upplýsingar má nálgast á asutgafan.is

Ný hljóðbók kemur á netið eftir helgina




Rauða serían



Örlagasagan Hættulegir endurfundir er myndin fyrir hljóðbókina sem kemur á síðuna eftir helgina

Ódýrustu jólabækurnar eru frá Rauðu seríunni
Desemberbækurnar eru komnar út, í búið og á netið

Nú er hægt að gerast áskrifandi að „Ódýra netpakkanum“ með 1000 króna afslætti



♥ Ásútgáfan

Raudaserian.is

Símar 660 6717 / Netfang: asutgafan@asutgafan.is



Myndir: Eyþór Árnason. Páll Kristjánsson, hnífasmíður.

KNIFEMAKER:

Einstakir handgerðir hnífur í jólapakkann

Palli hnífasmíður hefur smíðað hnífa í um 35 ár og frá upphafi hefur aðalmerki hans verið að nýta íslenskt hráefni.

„Þetta byrjaði sem áhugamál en svo fór fólk að sýna hnífum áhuga, ég fór að selja þá og svona vatt þetta upp á sig. Í dag er ég að búa til ýmiss konar hnífa svo sem veiðihnífa, flökunar- og fláningarhnífa, útivistarhnífa, tálghnífa, sveppatísluhnífa og margt fleira. Matreiðsluhnífanir frá Knifemaker eru svo framleiddir af henni Soffiu Alice, samstarfskonu minni til margra ára og fyrrverandi eiginkonu. Hún lærði af mér á sínum tíma og hefur verið að búa til frábæra matreiðsluhnífa núna í um 7–8 ár,“ segir Páll Kristjánsson.

Nýtir það sem til fellur

Hnífanir frá Knifemaker eru einstakir enda er þetta allt saman handaverk. „Stílar okkar Soffiu eru ólíkir að mörgu leyti. Bæði fáum við fyrsta flokks hnífblöð að utan. Min blöð koma frá Svíþjóð, Danmörku, Norgegi og Þýskalandi og hennar blöð koma frá Þýskalandi og Japan. Þá notar hún mikið til erlendar harðvið í sköftin en sjálfur hef ég sérstaka unun af því að nýta íslenskt hráefni, og helst eitthvað sem myndi annars fara forgörðum.

Ég nota aldrei tilbúin efni eins og

plast og vil frekar nota náttúrulegan efnivið. Það er líka miklu umhverfisvænna. Það að leita uppi gott, náttúrulegt hráefni fyrir sköftin, er að auki hálf skemmtunin við að búa til hnífinn. Ég fer í sláturhúsin og fæ þaðan horn og hófa. Þá vinn ég hráefnið þannig að hægt sé að nýta það. Hrutshorn þarf að byrja á að sjóða í 5–6 tíma, saga þau svo niður og þurrka í eitt og hálf ár. Hófana þarf að sjóða í tíu tíma, hreinsa til og verka og þurrka jafnlengi og hornin. Einnig nýti ég gömul tré sem falla til úr gördum og margt fleira.“

Handgerður hnífur er falleg jólagjöf

Þeir sem kaupa hnífana hans Palla eru mikið til útivistarmenn og veiðimenn. „Ég hef verið að gera sérstaka sveppatísluhnífa upp á síðkastið, en þeir eru með sérstöku blaði sem hentar vel til verksins og með bursta á endanum. Þá kaupa safnarar mikið hnífa frá mér, en allir hnífarnir eru þó smíðaðir til notkunar. Hnífanir mínir eru listaverk og ég lít á sjálfan mig sem listamann.“ Fallegur, handgerður hnífur frá Knifemaker er tilvalin jólagjöf handa kokkinum í þínu lífi, safnaranum, sveppatíslumanninum eða veiðimanninum.

Gæðastund fjölskyldunnar á hnífagerðarnámskeiði

Palli er með stórskemmtileg hnífagerðarnámskeið í boði fyrir bæði fullorðna og börn á unglingsaldri. „Ég legg til allt hráefnið, blaðið og efni í skaftið og svo kenni ég gestum að vinna hníf úr þessu. Það er ótrúlega gaman að fá til mín krakka sem hafa kannski aldrei búið til neitt í höndunum og sjá þau allt í einu standa með tilbúinn hníf sem þeir þjuggu til alveg sjálfir. Að sjá svipinn á þeim er ómetanleg upplifun, enda eru þau svo stolt af sjálfum sér. Þetta er líka frábær leið fyrir foreldra til þess að eyða gæðastundum með börnunum sínum. Öll símanotkun er bönnuð og ég banna líka erlendar slettur. Hér tölum við íslensku (nema náttúrulega ef um erlent fólk sé að ræða). Eitt námskeið er tvö skipti, sex tímar í senn.“

Námskeiðin eru haldin í verkstæði Palla og Soffiu að Álafossvegi 29 í Mosfellsbæ, en þar má einnig skoða hnífalagerinn, sem og fylgjast með listamönnunum að störfum.


Þá fást hnífarnir frá Knifemaker einnig í versluninni Brynju á Lauga-vegi 29.

Nánari upplýsingar má nálgast á vefsíðunni knifemaker.is
Sími: 899-6903
Tölvupóstur: palli@knifemaker.is
Fylgstu með Knifemaker á Facebook.



ÖRÆFAHJÖRÐIN

NÝTT FRÁ SÖGUFÉLAGI



„BRAUTRYÐJANDAVERK“


„Bókin er fyrsta heildstæða saga dýrategundarinnar frá því hún var fyrst flutt til landsins árið 1771 og til dagsins í dag.“

Friðrik G. Olgeirsson, SAGA

SKOÐAÐU BÓKAÚRVALIÐ Í VEFVERSLUN SÖGUFÉLAGS

Sögufélag, Gunnarshúsi, Dyngjuvegi 8, 104 Reykjavík
sogufelag@sogufelag.is | www.sogufelag.is

SÖGUFÉLAG



1902



Óargadýr, jólaball, jólarúningur og notaleg stemning í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum í desember

Fjölskyldu- og húsdýragarðurinn býður upp á fjölda skemmtilegra viðburða í aðdraganda jólaanna sem gaman er að upplifa saman með fjölskyldunni. Það er eitthvað um að vera alla daga frá og með 1. desember og fram að jóli. Jólakötturinn mætir að vanda, einnig verður jólaball, jólakósi og margt fleira skemmtilegt til þess að kveikja í litlum og stórum jólahjörtum. Nánari dagskrá jóladagatalsins má finna á vef www.mu.is.

Hættulegur jólaköttur hér fyrir innan.

Í desember verður frítt í garðinn alla virka daga og er opnunartíminn frá kl. 10-17. Að auki verður opnunartíminn lengdur fram til kl. 20:00 miðvikudagana 4., 11. og 18. desember.



Garðurinn skartar jólaljósum og er einstaklega skemmtilegt að heimsækja hann í rökkrinu.

Jólakötturinn heldur til í kofa í Fjölskyldugarðinum

„Jólakötturinn hóf að venja komu sína í Laugardalinn á adventunni fyrir nokkrum árum og er 2019 engin undantekning. Fyrsta árið kom hann starfsfólki garðsins að óvöru. Þá hrekkti hann dýr og menn í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum svo ljóst var að grípa þurfti til aðgerða. Næturvörður á vakt reisti í flýti kofa fyrir óargadýrið svo hann léti af skepnuskapnum. Síðan þá hefur starfsfólk ekki þorað öðru en að reisa kofann á hverju ári svo kisi hafi í einhver hús að vanda í höfuðborgarferðum sínum. Kofinn hefur nú verið reistur í sjöppunni í Fjölskyldugarðinum og hugrökkum gestum gefst tækifæri á að heimsækja kisa þar fram yfir jólin allavega, en yfirleitt hafa jólasveinarnir náð að lokka hann aftur til fjalla þegar þeir tynast heim á ný.“

Umhverfisvænar jólagjafir

„Laugardaginn 7. desember ætla Þórdís V. Þorvaldsdóttir að koma til okkar og kynna fyrir okkur leiðir til

að pakka jólagjöfum inn á umhverfisvænan hátt. Garðurinn hefur það að markmiði að vera til fyrirmyndar hvað varðar umhverfismál og vonum að með þessu framtaki smitum við út frá okkur, því margt smátt gerir eitt stórt.“

Ull af nýrúnu sauðfé garðsins

Daginn eftir, eða þann 8. desember, verður sauðfé garðsins rúið. Rúningur hefur verið partur af jóladagskrá garðsins jafn lengi og elstu menn muna. Guðmundur Hallgrímsson mun halda um klippurnar sem fyrr og með honum í för verður fólk frá Ullarselinu á Hvanneyri sem spinnur ullina jafnóðum og hún kemur af fénu fyrir gesti að taka með heim.

Jólaball í skálanum

Sunnudaginn 15. desember verður Jólaball Fjölskyldu- og húsdýragarðsins haldið með pompi og prakt. „Það var heldur betur kominn tími til þess að endurvekja jólaballið enda eru nokkur ár síðan það var haldið síðast. Jólastuðið hefst í móttökuhúsinu kl. 12:30 þar sem jólasveinar taka á móti gestum og leiða á jólaskemmtunina í skálanum. Systir þeirra sveina, Skjóða ætlar að segja krökkunum sögu og svo endar stuðið með balli í jólaskreyttum veitingaskálnum.“



Komdu og upplifðu hátíðarró í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum

„Það dylst engum að jólaundirbúningur á það til að einkennast af stressi og því verða síðustu tveir dagarnir fyrir jóli stresslausir í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum. Hefðbundin dagskrá verður í kringum dýrin og auka púður sett í ítarlega fræðslu við gjafirnar og jólalegum fróðleik bætt við þar sem hann á við. Dýrin taka á engan hátt þátt í jólastressinu og því upplagt að koma í garðinn og læra af þeim og núllstillast sig áður en jólahátíðin gengur í garð.“

Nánari upplýsingar má finna á á heimasíðu garðsins www.mu.is.



HÚS DÝRA GARÐUR INN



Jóladagatal í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum.

Opið alla daga í desember frá kl. 10 til 17 og ókeypis inn virka daga.

Það er opið lengur miðvikudagana 4., 11. og 18. des eða til kl. 20:00.

Alla daga verður hægt að heimsækja jólaköttinn og skrifa kveðjur til dýranna sem lesnar verða fyrir þau á aðfangadagskvöld.

Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur	Laugardagur
1 kl. 11 til 13 Móðurmál með kynningu á sínum jólasíðum í skálanum.	2 kl. 15:30 Hreindýrum gefið og ítarleg fræðsla.	3 kl. 13:00 Skor- og skriðdýrum gefið og ítarleg fræðsla.	4 kl. 18:00 Kynning á bókinni Kindasögur í fjárhúsinu.	5 kl. 16:15 Hestum, sauð- og geitfé gefið og ítarleg fræðsla.	6 kl. 15:45 Dýrum í smádýrahúsi gefið, ítarleg fræðsla og kanínuklapp.	7 kl. 13:00 Umhverfivænni jólagjafapökkun kl. 14:30 Flautukór.
8 kl. 13 til 16 Sauðfé rúið og unnið úr ullinni í fjárhúsinu.	9 kl. 13:00 Skor- og skriðdýrum gefið og ítarleg fræðsla.	10 kl. 15:30 Hreindýrum gefið og ítarleg fræðsla.	11 kl. 18:00 Kvikmyndin Dalalíf sýnd í skálanum.	12 kl. 15:45 Dýrum í smádýrahúsi gefið, ítarleg fræðsla og kanínuklapp.	13 kl. 16:15 Hestum, sauð- og geitfé gefið og ítarleg fræðsla.	14 kl. 13:00 Kynning á barnajóga í skálanum.
15 kl. 12:30 Jólaball í móttökuhúsi og skála, jólasveinar og Skjóða.	16 kl. 16:15 Hestum, sauð- og geitfé gefið og ítarleg fræðsla.	17 kl. 13:00 Skor- og skriðdýrum gefið og ítarleg fræðsla.	18 kl. 18:00 Jólastjörnutund með Sævari Helga Bragasyni.	19 kl. 15:30 Hreindýrum gefið og ítarleg fræðsla.	20 kl. 15:45 Dýrum í smádýrahúsi gefið, ítarleg fræðsla og kanínuklapp.	21 kl. 13:00 Fuglafóðurgerð / kynning í skálanum.
22 Jólakósí út um allt.	23 Þorláksmessa Hefðbundin dagskrá	24 Aðfangadagur *takmörkuð þjónusta	25 Jóladagur *takmörkuð þjónusta	26 Annar í jólum Hefðbundin dagskrá	27 Hefðbundin dagskrá	28 Hefðbundin dagskrá
29 Hefðbundin dagskrá	30 Hefðbundin dagskrá	31 Gamlársdagur *takmörkuð þjónusta	1. janúar Nýársdagur *takmörkuð þjónusta	PARK & ZOO		

*Athugið. Þegar þjónusta er takmörkuð er mönnun á starfsfólki í lágmarki og ekki opið í kaffihúsi, miðasölu, inn til jólakattarins og gjafir í kringum dýrin ekki skv. hefðbundinni dagskrá.

SAKAMÁL



HRVILLINGU

■ Hvarf Trishu var mikil ráðgáta ■ Líkamsleifarnar fundust eftir ellefu mánuðum

Kvöldið á heimili Breanne Autry, í Hyman í Utah-fylki í Bandaríkjunum, var öðrum kvöldum líkt þann 24. júní, 2000. Breanne tók á sig náðir klukkan hálf þrjú um nóttina, en fimmtán ára systir hennar, Trisha, hékk enn yfir tölvunni. Næsti morgun gat þó ekki talist venjulegur því klukkan sex sást hvorki tangur né tetur af Trishu.

Reyndar brá öllum íbúum smábæjarins í brún, því alla tíð höfðu þeir talið Hyman öruggt og vandræðalaust vé. Allir þekktu alla og gátu borið öllum gott vitni. Lögreglan hóf þegar í stað rannsókn.

Lítill, rauður bíll

Þegar rætt var við nágretta kom í ljós að í vikunni áður höfðu þeir sumir hverjir séð lítinn, rauðan bíl sem ekið var ítrekað framhjá heimili Autry-fjölskyldunnar. Einnig hafði Trisha sést stíga út úr litlum, rauðum bíl nokkrum dögum áður en hún hvarf.

Sama dag og Trisha hvarf sá afgreiðslumaður í Welcome Mart-verslun, í nokkurra kílómetra fjarlægð frá Hyman, stúlku sem svipaði til lýsingar af Trishu, í versluninni.

Að hans sögn stóð hún við gluggann, líkt og hún biði eftir einhverjum. Afgreiðslumaðurinn hafði spurt hana hvort allt væri í lagi og hún kvað já við og fór án þess að kaupa nokkuð.

Öskur í morgunsárið

Þetta þótti hin mesta ráðgáta og næstu daga bárust frásagnir af því að Trisha hefði mögulega sést hér og hvar í Utah og voru þær kannadár í þaua.

Foreldrar Trishu sögðu að ólíklegt væri að ókunnug manneskja hefði getað farið inn á heimilið og haft hana á brott með sér án þess að vekja athygli. Ekki var að sjá að brotist hefði verið inn á heimilið og því klóruðu menn sér í hausnum.

Eldri hjón töldu sig hafa heyrt öskur rétt fyrir dögum og eitt vitni sagðist hafa heyrt vein sem bárust frá rauðum bíl sem hafði verið ekið hjá árla þennan morgun.

Tíminn leið og ekkert spurðist

„Í annarri gryfjunni fann lögreglan eitthvað af fatnaði Trishu og neðra kjálkabein, nánast heilt og skafið hreint.“

til Trishu og voru foreldrar hennar orðnir úrkula vonar um að þeir sæju hana aftur á lífi.

Skafin bein

Sá ótti reyndist ekki ástæðulaus því ellefu mánuðum eftir að Trisha hvarf fundu leitarhundar lögreglu sundurhlutað lík hennar í í tveimur djúpum gryfum í Millville, skammt frá rannsóknarstöð vegna sléttuúlfa.

Beinin báru með sér óhugnanlegan vitnisburð; skurði og för eftir hníf, öxi og járnsög. Talið var öruggt að allt hold hefði verið fjárlægt áður en líkið var sundurhlutað.


Í annarri gryfjunni fann lögreglan eitthvað af fatnaði Trishu og neðra kjálkabein, nánast heilt og skafið hreint.

Shannon Novak, sérfræðingur sem kannað hafði sögu mannáts í Bandaríkjunum, sagði að líkamsleifarnar bæru öll merki þess að hafa verið bútuð niður í „meðfærligri bita.“

Rafrænn póstur og spjallþráður

Hvað sem öllum þeim vangaveltum leið þá var tölva Trishu tekin til gaumgæfilegrar skoðunar. Í henni var að finna nokkur netföng og samskipti sem átt höfðu sér stað á spjallþráðum.

Greinilegt var að Trisha hafði



Trisha Autry Hvarf sporlaust snemma morguns.

eytt slatta af rafrænum pósti daginn áður en hún hvarf, en lögreglu tókst þó að finna eitthvað af honum aftur. Sá póstur innihélt nokkrar skuggalegar orðsendingar frá Cody Lynn Nielsen, 28 ára karlmanni sem bjó ekki langt frá.

Um Cody þennan var margt hægt að segja, fæst fallett. Hann átti fjögur börn með tveimur konum og höfðu bæði hjónaböndin endað með skilnaði.

Á sakaskrá hans var að finna nokkrar nauðganir og ákærur vegna tilrauna til slíks og fórnarlömbin höfðu öll verið ungar stúlkur.

Kynferðislegt skrímsli

Móðir fimmtán ára vinkonu Trishu sagði að Cody hefði nauðgað dótturinni í baksæti bifreiðar hans. Stúlkan sjálf sagði að Cody hefði byrjað að ofsækja Trishu 10. júní, árið 2000, og hún hefði óttast hann. Hún sagði að Cody hefði meira að segja gefið Trishu símanúmer sitt og að hún hefði varað Trishu við; Cody væri kynferðislegt skrímsli.

Nú fór ýmislegt að gerast. Vitni hafði samband við lögreglu og sagðist hafa séð, skömmu eftir hvarf Trishu, Cody grafandi gryfjur fyrir aftan rannsóknarstöðina í

Millville. Á þeim tíma hafði Cody séð um viðhald í rannsóknarstöðinni.

Cody Lynn Nielsen var handtekinn. Hann játaði sig sekan um morðið á henni og var gert að sæta varðhaldi þar til réttað yrði yfir honum.

Ljosi varpað á atburðarás

Réttarhöldin hófust meira en tveimur árum síðar og innihéldu ákæruatriðin morð að yfirlögðu ráði, mannrán og vanhelgun á líki.

Kjaftaskúmur í fangelsinu þar sem Cody var í haldi gat varpað



UR Í HÝM MAN

■ Hlutuð niður í „meðfærilega bita“



Ódámurinn Cody ráðfærir sig við lögfræðing.

Ijósi á hluta atburðarásarinnar að morgni 24. júní 2000. Umræddur kjaftaskúmur bar vitni við réttarhöldin og sagði að Cody hefði sagt honum að hann hefði tekið Trishu upp í bílinn morguninn þann. Þau hefðu haft samræði

sem Trisha hafði verið samþykkt. Enn fremur sagði lögregluþjónn einn að Cody hefði viðurkennt að hafa verið hjá Trishu þegar hún dó. Að sögn Codys hafði verið um slys að ræða. Svör við ýmsum spurningum

fengust ekki, til dæmis hvenær, hvar og hvernig Trisha hafði dáið. Þó var talið víst að banamein Trishu hefði verið öflug höfuðhögg og líkið sennilega hlutað í sundur strax í kjölfarið.



Shannon Novak Sérfræðingur í sögu mannáts í Bandaríkjunum.

„Eldri hjón töldu sig hafa heyrt öskur rétt fyrir dögum og eitt vitni sagðist hafa heyrt vein sem bárust frá rauðum bíl

Lífstíð en ekki dauði
Kviðdómur taldi sig ekki þurfa frekari vitna við og kvað upp dóm sinn 21. janúar, árið 2004. Niðurstaðan var að Cody væri sekur og mæltist kviðdómur til að hann

fengi lífstíðardóm án möguleika á reynslulausn. Cody Lynn Nielsen slapp með skrekkin því aðeins vantaði atkvæði eins kviðdómara til að niðurstaðan hefði orðið dauðadómur. ■

Leið Gretu Thunberg á toppinn

■ Greta Thunberg hefur hlotið heimsfrægð vegna baráttu í loftslagsmálum ■ Þetta er fólkíð á bak við hana

Kristján Kristjánsson
ritstjorn@dv.is



Verkfræðingur, prins frá Mónakó og almanna-tenglar hafa ásamt foreldrum hinnar 16 ára sænsku Gretu Thunberg leikið stórt hlutverk í því ferli sem hefur gert hana að heimsþekktum aðgerðasinna í loftslagsmálum. Allt hófst þetta, þannig séð, með því að tölvuverkfræðingurinn Bo Thorén, sem býr nærri hinu risastóra vatni Vänern, sem er um 400 kílómetra vestur af Stokkhólmi, hellti sér út í loftslagsmálin fyrir sex árum. Hann hætti að vinna og helgaði sig baráttunni gegn olú, gasi og kolum í þeirri von að hægt væri að bjarga loftslaginu.

Á fyrri hluta síðasta árs kom hann litlum hópi á lagginnar. Þetta voru námsmenn og kennarar, 10 til 15 talsins. Hópurinn fundaði á netinu. Greta Thunberg kom inn strax á öðrum fundi hópsins en hópurinn hafði komið auga á hana eftir að hún varð í öðru sæti í samkeppni í greinar-skrifum um loftslagsmál. Í kjölfar skotárásar í skóla í Parkland í Flórída var hvatt til skólaverkfalla í Bandaríkjunum þar til skólarnir væru orðnir öruggir. Þaðan fékk Thorén hugmyndina að loftslagsverkfalli sem átti að vara frá byrjun sumarfrísins 2018 og fram að þingkosningunum í Svíþjóð þann 9. september. En það var einn hængur á, enginn vildi taka þátt nema Greta.

Í ágúst ræddi Thorén við föður Gretu, Svante Thunberg, um þetta. Foreldrar hennar voru full efasemda um hvort þeir ættu að leyfa henni að fara í verkfall eða krefjast þess að hún mætti í skólann. Á endanum sögðu þau já og verkfall hennar hófst þann 20. ágúst. Í samtali við Jótlands-póstinn sagði Thorén að hann hefði fengið hugmyndina, hún hefði búið yfir staðfestunni. Hann sagðist ekki hafa getað ímyndað sér hversu mikla athygli þetta myndi vekja og hversu stórt þetta yrði allt saman, allt sé þetta Greta að þakka.

„Eðlilegu fólki hefði ekki tekist að fara jafn langt með þetta eins og henni hefur tekist,“ sagði hann og vísaði þar til þess að hún er með Aspergers-heilkenni en það er eitt form einhverfu. Hann sagði að aðrir hefðu ekki setið al-einir fyrir framan sænska þingið með skilti.

„Henni er alveg sama um félagslegu hliðina sem aðrir leggja mikið upp úr. Það eru aðeins vísindi, rannsóknir og staðreyndir sem gilda.“

Fólkið á bak við Gretu

Margar sögur eru á kreiki um hver standi á bak við Gretu. Bæði foreldrar hennar og Thorén segja að engar fjárhagslegar hvatir eða nokkur samtök standi við bak hennar. Það má kannski frekar segja að tilviljun hafi ráðið því að hún varð táknmynd baráttunnar

í loftslagsmálunum og hafi fengið stuðning fólks og samtaka sem aðhyllast sömu stefnu og hún. Í umfjöllun Expressen um Gretu er Janine O'Keefe sögð hafa gegnt lykilhlutverki í að breiða Fridays for Future-verkföllin út um allan heim. Hún sendi viðtöl á ensku til vinar síns í Ástralíu sem stjórnar útvarpsþætti þar í landi. Ástralía er einmitt það land utan Evrópu þar sem loftslagsverkföllin hafa notið mesta stuðnings ungmenna.

Hvað varðar almannatengsl þá vinnur Iles PR, almannatengslaskrifstofan, fyrir Gretu en skrifstofan segist ekki starfa fyrir þá sem valda tjóni á umhverfinu. Fleiri koma einnig við sögu í almannatengslamálum hennar. Faðir hennar hefur vísað því á bug að nokkur hagnist fjárhagslega á henni.

„Við borgum engum og við segjum nei við alla sem vilja græða á þessu,“ sagði hann í samtali við Svenska Dagbladet.

Hann ferðast alltaf með henni en eins og mikið var fjallað um í fréttum í haust þá fóru þau til dæmis með seglbátinum Malizia II, sem er í eigu Pierre Casiraghi, frá Evrópu til Norður-Ameríku til að Greta gæti tekið þátt í loftslagsbaráttunni í heimsálfunni. Lokapunktur ferðarinnar átti að vera þátttaka á loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Chile í desember. Ráðstefnan var síðan flutt til Spánar vegna óeirða og óstöðugs

Brautryðjandi Greta hefur farið í ófá skólaverkföllin fyrir jörðina.



ástands í Chile. Casiraghi, sem er prins í Mónakó og áttundi í erfðaröðinni að krúnunni, sagði í samtali við The Times að hann hefði ekki lánað bát sinn til að vekja athygli á loftslagsmálum heldur aðeins til að koma Gretu heimsálfa á milli. Hann á hlut í flugfélaginu Monacair en flugfélög hafa einmitt verið mikið í umræðunni vegna mikillar losunar á gróðurhúsalofttegundum. Greta ferðast einmitt ekki með flugvéllum vegna þess hversu mikið þær menga.

Skólaverkföll eru nú nær daglegt brauð um allan heim en það eru samtökinn Fridays for Future sem standa á bak við þau. Þar á bæ er erindum fjölmörgu um Gretu svarað. Talsmaður samtakanna

segir að þar sé enginn á launaskrá til að sjá um það sem Greta gerir, en þar sé fjöldi sjálfboda-liða að störfum. Samtökín eru ekki með sína eigin rannsóknardeild en segjast vera í sambandi við vísindamenn. Fjölskylda Gretu bendir sjálf á loftslagsfræðinginn Kevin Anderson sem fyrirmynd. Hann starfar meðal annars við háskólann í Uppsölum. Hann er sjálfur hættu að fljúga og telur að loftslagsráð Sameinuðu þjóðanna gangi ekki nógu langt. Hann er talsmaður róttækra breytinga og skoðanir hans eru samhljóða skoðunum Gretu. Eins og fjölskylda hennar er hann fullur efasemda um tæknilegar lausnir á loftslagsvandunum. Í samtali við Neue Zürcher Zeitung vísaði

Hristir upp í hlutunum Greta Thunberg er orðin heimsþekkt.



MYNDR: GETTY IMAGES

hann því á bug að Greta væri mál-
þápa hans.

„Ég er ekki fyrirmynd hennar. Þegar ég ræði við hana er það næstum eins og að ræða við samstarfsmann á sviðinu.“

Gjörbreytt líf

Líf Thunberg-fjölskyldunnar hefur gjörbreytt á skömmum tíma. Fyrir nokkrum árum tóku þau þátt í lífsgæðakapphlaupinu eins og svo margir aðrir. Móðir Gretu er óperusöngkona og fylgdi

fjölskyldan henni á ferðum hennar um heiminn þegar hún söng í hinum ýmsu óperuhúsum.

„Við flugum, við borðuðum kjöt, ókum um á stórum bíl,“ hefur faðir Gretu látið hafa eftir sér.

Í bók, sem móðir Gretu, Malene Ernman, skrifaði um ferðalag fjölskyldunnar frá því að vera þátttakendur í lífsgæðakapphlaupinu yfir í að vera meðvitað baráttufólk í umhverfismálum, kemur fram að vendipunkturinn hjá fjölskyldunni hafi verið þegar

Greta var 11 ára. Hún var þá á góðri leið með að svelta sig í hel. Farið var með hana á milli lækna sem gekk illa að sjúkdómsgreina hana en að lokum tókst það.

Hún hafði orðið fyrir svo miklum áhrifum af mynd sem hún sá í skólanum. Mynd sem hafði mikil áhrif á þá viðkvæmu manneskju sem hún er. Myndin fjallaði um rusl í heimshöfunum og stóru plasteyjuna sem flýtur um Kyrrahafið. Greta grét á meðan myndin var sýnd og hélt áfram að gráta í mötuneytinu þegar „dauð dýr“ voru snædd á meðan rætt var um merkjafatnað og farsíma. Eftir þetta hefur líf fjölskyldunnar ekki orðið samt.

Þau hættu að fljúga, rafmagnsbíll var keyptur, kjöt er ekki lengur á boðstólum á heimilinu og er öll fjölskyldan nú grænkerar. Greta las allt sem hún komst yfir um loftslagsbreytingarnar. Foreldrar hennar sögðu störfum sínum upp, að hluta til, til að þurfa ekki að fljúga meira og að hluta til til að geta verið meira með börnunum, sem eru tvö. Þau eru bæði með greiningar.

Malene segir í bók sinni að einhverfan færi Gretu hæfileika sem aðrir hafa ekki:

„Greta er með greiningu en það útilokar ekki að það sé hún sem hefur rétt fyrir sér og við hin höfum rangt fyrir okkur. Hún sá það sem við hin vildum ekki sjá. Greta tilheyrir fámennum minnihluta sem sá koltvísýring með berum augum. Hún sá gróðurhúsalofttegundir stíga upp úr skorsteinum, aðskilja sig frá vindinum og breyta gufuhvolfinu í risastóran ruslahaug.“ ■

Leiðin á toppinn

September 2018 – Greta fór í skólaverkfall og settist fyrir framan sænska þingið og mótmælti aðgerðaleyfi í loftslagsmálum. Arnold Schwarzenegger bauð henni á loftslagsráðstefnu í Austurríki.

Nóvember 2018 – Skólaverkfall Gretu breiddust út um heiminn.

Desember 2018 – Hún hitti Antonio Guterres, aðalritara Sameinuðu þjóðanna, og ávarpaði þjóðarleiðtoga á loftslagsráðstefnunni í Katowice í Póllandi. Time Magazine sagði hana meðal áhrifamesta fólks heims.

Janúar 2019 – Hún ávarpaði World Economic Forum í Davos.

Febrúar 2019 – Ávarpaði félags- og efnahagsmálaráð ESB og hitti Jean-Claude Juncker, formann framkvæmdastjórnar ESB.

Mars 2019 – Tilnefnd til Friðarverðlauna Nóbels af norskum þingmönnum. Útnefnd kona ársins af Swea International.

Apríl 2019 – Fékk norsk tjáningarfrelsisverðlaun. Heiner Koch, erkibiskup í Berlín, hyllti hana og líkti henni við Jesú. Hitti Frans I páfa á

Péturstorginu í Róm. Var á lista Time yfir áhrifamesta fólk heims. Barack Obama hrósaði henni og sagði hana ungan, hugrakkan og einbeittan leiðtoga.

Maí 2019 – Ræður hennar voru gefnar út í bók. Var á forsíðu Time Magazine. Útnefnd heiðursdoktor við háskólann í Mons í Belgíu.

Júní 2019 – Dalai Lama sendi henni þakkarbréf. Fékk verðlaun frá Amnesty International. Var meðal aðalræðumanna á ráðstefnunni Brilliant Minds. Meðal annarra aðalræðumanna má nefna Barack Obama.

Júlí 2019 – Angela Merkel, kannslari Þýskalands, þakkaði henni fyrir framlag hennar og sagði það eiga þátt í að ríkisstjórn hennar vinni hraðar að umhverfis- og loftslagsmálum. Ávarpaði franska þjóðþingið. Var á forsíðu Vogue sem ein af 15 áhrifamestu konum heims.

Ágúst 2019 – Hyllt af Hillary og Chelsea Clinton í bók um frægar konur.

September 2019 – Breska tímaritið Prospect segir hana meðal mestu hugsuða heimsins. Hitti Barack Obama. Ávarpaði bandaríska þingið. Ávarpaði loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna.

Pekking í þína þágu

Menntastoðir

Nám með minni viðveru en sömu gæðum

Menntastoðir er undirbúningur til áframhaldandi náms og miðar við Háskólabrú Keilis og frumgreinadeildir við Bifröst og H.R. Einnig má nýta einingar úr Menntastoðum inn í nám í framhaldsskóla s.s. grunn að iðnnámi.

Nýtt ár, ný tækifæri

Nánari upplýsingar veitir Áslaug Bára 412 5952 eða á aslaug@mss.is



Smákökur hringja inn aðventuna

Aðventan er á næsta leiti og þá er tilvalið að baka jólasماكökur

Lilja Katrín Gunnarsdóttir
lilja@dv.is



Þrjár uppskriftir – þrjár mismunandi smákökur. Ef þú bakar alltaf sömu smákökusortirnar fyrir jólin þá er tilvalið að prófa eitthvað nýtt um þessi jól.

Ogguponsulitlar ostakökur



Ostakökuást Ef þú elskar stórar ostakökur þá elskar þú ogguponsulitlar. MYND: SUNNA GAUTADÓTTIR

Ostakökufylling – Hráefni:

- 1 eggjarauða
- 85 g mjúkur rjómaostur
- 1/4 bolli sykur
- 2 tsk. rifinn sítrónubörkur
- 1/2 tsk. vanilludropar

Aðferð:

Blandið öllum hráefnum vel saman í skál og setjið til hliðar.

Smákökur – Hráefni:

- 1 1/4 bolli mulið hafrakex
- 1 bolli hveiti
- 1 1/2 tsk. lyftiduft
- 115 g mjúkt smjör
- 1/2 bolli púðursykur
- 1 eggjahvíta

Aðferð:

Hitið ofninn í 180°C og setjið smjörpappír á ofnplötur. Blandið hafrakexi, hveiti og

lyftidufti vel saman í lítilli skál. Hrærið smjöri og púðursykri vel saman í annarri skál. Bætið eggjahvítunni út í og hrærið vel. Blandið hafrakexblöndunni saman við smjörblönduna þar til allt er vel blandað saman. Búið til litlar kúlur úr deiginu og raðið á ofnplötur. Fletjið kökurnar út með fingrunum og búið til litla holu í miðjuna á hverri köku. Setjið ostakökufyllinguna í holuna á hverri köku og bakið í 12 mínútur, eða þar til kökurnar eru gylltar. Ég drissaði síðan smá sítrónuberki yfir þessar þegar þær komu úr ofninum. Og þótt þessar séu meira en girnilegar, mæli ég með því að þið leyfið þeim að kólna lítið eitt áður en þið borðið þær. Algjörlega guðdómlegar!

Pekanhnetutryllingur

Toppur – Hráefni:

- 2 msk. brætt smjör
- 1/2 bolli pekanhnetur, saxaðar
- 1/3 bolli púðursykur
- 1/2 bolli síróp
- 2 egg
- 1/8 tsk. salt

Aðferð:

Setjið öll hráefni í pönnu og hrærið vel. Látið malla yfir meðalháum hita þar til blandan þykknar. Takið pönnuna af hellunni þegar blandan er orðin svipað þykk og búðingur.

Smákökur – Hráefni:

- 230 g mjúkt smjör
- 1 bolli ljós púðursykur
- 1 bolli sykur
- 2 tsk. vanilludropar
- 2 stór egg
- 2 1/4 bolli hveiti

- 1/2 bolli kakó
- 1 tsk. matarsódi
- smá salt

Aðferð:

Hitið ofninn í 190°C og setjið smjörpappír á ofnplötur. Hrærið smjöri, púðursykri og sykri vel saman og bætið því næst vanilludropum og eggjum saman við. Blandið hveiti, kakói, matarsóda og salti vel saman í annarri skál og bætið því síðan varlega saman við smjörblönduna. Búið til litlar kúlur úr deiginu og skellið á ofnplötturnar. Athugið að þessar kökur dreifa úr sér. Bakið kökurnar í 8 mínútur. Takið úr ofninum og setjið um það bil eina matskeið af pekanhnetublöndunni ofan á hverja köku. Setjið aftur í ofninn og bakið í 4 mínútur til viðbótar. Þessar eru ekki af þessum heimi!



Súkkulaði og pekanhnetur Hvað er betra?



Sjúkar salthnetukökur

Hráefni:

- 225 g smjör
- 1 bolli púðursykur
- 1/2 bolli sykur
- 1 tsk. vanilludropar
- 2 egg
- 2 1/2 bolli hveiti
- 2 tsk. maíssterkja
- 1 tsk. salt
- 1 tsk. matarsódi
- 1 bolli hvít súkkulaði, grófsaxað
- 1 bolli salthnetur, grófsaxaðar

Aðferð:


Nú byrjum við á því að brúna smjör. Setjið smjörið í lítinn pott og bræðið yfir meðalhita. Hrærið stanslaust. Smjörið á eftir að freyða og síðan verður það brúnt. Þegar þið finnið hnetukeim af því er það tilbúið. Takið

þá pottinn af hellunni og leyfið smjörinu að kólna í korter. Hrærið smjör, púðursykur og sykur saman. Bætið vanilludropum og eggjum saman við og hrærið vel. Blandið hveiti, sterkju, salti og matarsóda saman í annarri skál. Blandið því síðan varlega saman við smjörblönduna. Blandið súkkulaði og salthnetum saman við með sleif eða sleikju og kælið deigið í ísskáp í hálf tíma. Hitið ofninn í 160°C og setjið smjörpappír á ofnplötur. Búið til litlar kúlur úr deiginu og raðið á plötturnar. Bakið í 11–13 mínútur og leyfið þeim síðan að kólna – ef þið getið staðist þær!

Punkturinn yfir i-ið Brúnað smjör gerir bakkelsi enn betra.

**Bókin sem beðið
hefur verið eftir!**

**The book you've
been waiting for!**



**Bók sem gefur innsýn í þann mikla
menningararf sem safnið varðveitir./**

**A book that provides an insight into the great
cultural heritage preserved by the museum.**

„Ófullkomleikinn það fallegasta“

■ Listakonan Helena Reynisdóttir hélt fyrstu sýninguna 17 ára ■ Myndlistin ákveðin hugleiðsla

Íris Hauksdóttir
iris@dv.is

Helena Reynisdóttir hefur á skömmum tíma skapað sér nafn fyrir fallega myndsköpun en hún hélt sína fyrstu sýningu 17 ára gömul. Sýninguna nefndi hún Ekki er allt sem sýnist, og voru verkin af mörgum þjóðþekktum íslenskum leikurum. Hugmyndina segir hún hafa verið þá að fólk leiki gjarnan mörg hlutverk og sýni ekki endilega alltaf sinn innri mann. Ári síðar hélt Helena svo aðra sýningu undir yfirskriftinni Umhverfa/Aroundness þar sem hún skoðaði andlit frá ólíkum sjónarhornum. Þriðja sýningin leit svo dagsins ljós ári síðar á kaffihúsinu Energia og fékk hún heitið Fersk fegurð en þar fjallaði Helena um ferskleika og fegurð vatnsins.

„Ég hélt stóra yfirlitssýningu á verkum mínum í Safnahúsinu á Akranesi sem fékk mikla athygli en ég útskrifaðist af myndlistarbraut í Fjölbrautaskólanum í Garðabæ sama ár. Ég fór svo beint í förðunarnám hjá Reykjavík Makeup School og útskrifaðist þaðan með hæstu einkunn í beauty-förðun. Næsta ár fór svo í mikið af förðunarverkefnum og einstaka teiknipöntunum. Árið 2015 komst ég svo inn í draumanámið mitt í myndlistarskóla í Stokkhólmi og flutti þangað. Tveimur árum síðar útskrifaðist ég úr náminu við Konstskolan Basis og flutti í kjölfarið aftur til Íslands þar sem ég hóf nám í listfræði við Háskóla Íslands. Nú í sumar komst ég svo í skiptinámið við Humboldt-háskólann í Berlín og bý þar núna. Á sama tíma fékk




Verk Helenu, Þetta er ekki Jón, hékk fyrir framan Kringluna en það var valið af fyrstu einkasýningu hennar árið 2013 fyrir götusýningu Arion banka.



ég stærsta verkefni mitt til þessa sem var að teikna stóra mynd í raunsæisstílnum mínum fyrir Hótel Geysi og hangir hún nú þar í forsalnum á hótelinu. Þetta verkefni var eitt það skemmtilegasta og mest gefandi verkefni sem ég hef tekið að mér.

Forsagan er sú að í byrjun árs fékk ég skilaboð frá eigendum Hótel Geysis þar sem þeir sögðu mér frá verkefnum og að þeir vildu endilega fá mig til að taka það að mér. Þau höfðu þá fylgst með mínum listaverki í mörg ár

og fannst ég akkurat vera sá listamaður sem þau höfðu í huga. Þau buðu mér að koma og skoða rýmið, en á þessum tíma stóð yfir mikil endurbýgging á hótelinu. Ég samþykkti og byrjaði í kjölfarið að plana og undirbúa mig. Verkið tók þrjú mánuði í vinnslu enda mjög stórt í sniðum eða um 1,7 metrar sinnum 1,5 metrar. Þetta er mynd af eigendum hótelsins. Ég eyddi miklum tíma í smáatriði því mig langaði að fanga persónueinkennin eins vel og mögulegt var. Í byrjun ágúst var verkið flutt



Teikning af Ingvari E. Sigurðssyni, frá fyrstu einkasýningu Helenu „Ekki er allt sem sýnist“ árið 2011



úr Reykjavík upp á Hótel Geysi og hangir það nú í forsalnum, þegar komið er í anddyri hótelsins.“

Alltaf verið ákveðin hugleiðsla

Helena segir myndirnar hennar einkennast af raunsæjum stíl og yfirleitt mjög stórar í sniðum. „Þetta eru oftast portrait-teikningar í tveggja metra hæð. Ég legg mikið upp úr því að ná tilfinningu og persónueinkennum manneskjunnar sem ég er að teikna, þess vegna vil ég aldrei „fegra“ andlitin, ef svo er hægt að segja. Þegar ég segi fegra á ég við að ég vil ekki breyta neinu við andlitin svo það passi inn í einhverja samfélagslega fegurðarstaðla. Ef manneskjan er með broslínur, hrukkur eða ósímétrískt andlit vil ég alls ekki breyta því enda myndi maður þá tapa persónueinkennum, sem eru einmitt það sem gerir manneskjurnar fallegastar.“

Helena teiknaði fyrstu teikninguna sína í þessum raunveruleikastíl einungis tólf ára gömul. Hún fann strax að stíllinn átti vel við hana enda er hún enn við sömu iðju, þrettán árum síðar. „Ég og vinkona mín byrjuð-

um á því að hittast eftir skóla til að teikna og gerðum það tímum saman. Það skemmtilegasta var að ég fann fljótt hvernig teiknihæfileikar mínir þróuðust og bættust við þetta. Þarna varð ekki aftur snúið. Ég myndi segja að ég hafi byrjað að teikna vegna þess að ég fann strax hvað ég hafði mikinn áhuga og hann hefur haldist óbreyttur síðan. Teikningin er minn helsti miðill og hefur í raun alltaf verið ákveðin hugleiðsla fyrir mig.“

Spurð hvað sé framundan segist Helena alltaf hafa annan fótinn á Íslandi þótt auðvelt sé að njóta lífsins í Berlín. „Berlín er algjör draumur að búa í, sérstaklega fyrir listafólk. Ég stefni auðvitað að því að klára skiptinámið mitt hér og sjá svo bara hvert lífið leiðir mig næst. Ég reyni alltaf að heimsækja Ísland reglulega og kem auðvitað heim um jólin, en ég er rosalega spennst að hitta fjölskyldu og vini.“ ■

Áhugasamir geta fylgst með Helenu bæði á Facebook og Instagram undir notendanafninu, helenareynisart.

Intersand.
ODOURLOCK
99,9% rykfrír
Sporast ekki
Gerður úr 100% náttúrulegum leir
Klumpast hratt svo lítið fer til spillis
Inniheldur einkaleyfisskylda tækni til að lyktarbinda

gæludýr.is
Fiskislóð • Bildshöfði • Smáratorg • Helluhraun
www.gaeludyr.is



www.krokur.net

522 4600

Taktu Krók á leiðarenda

Krókur hf. er fyrirtæki sem að hefur sérhæft sig í flutningum og björgun ökutækja. Félagið rekur einnig þjónustumiðstöð fyrir tjónaökutæki þar sem veitt er ahlíða þjónusta í meðhöndlun tjónabifreiða og annarra bifreiða samkvæmt óskum viðskiptavina.

Krókur býður m.a. uppá:

- Starfsmenn sem eru þjálfaðir og reyndir í bíla- og tækjaflutningum
- 24 stunda þjónustu allt árið um kring
- björgunarþjónustu og aðstoð ef bílar bila eða flytja þarf þá á verkstæði




KRÓKUR

á þinni leið

Suðurhraun 3, 210 Garðabær

Tímarvélín



Gamla auglýsingin

22. desember 1983

Kvenfyrirlitning og kókaín

■ Dr. Mister & Mr. Handsome komu, sáu, sigruðu og hættu á innan við ári
 ■ Umdeilt viðtal við Ívar gerði útslagið

Lilja Katrín Gunnarsdóttir
 lilja@dv.is



Endalok sveitarinnar Ívar tók peninginn.

Útsetinn Dr. Mister & Mr. Handsome steig fram á sjónarsviðið árið 2006 og hristi allrækilega upp í landsmönnum, þó ekki ávallt á góðan hátt. Sveitin gaf út plötuna Dirty Slutty Hooker Money og urðu mörg lög af plötunni afar vinsæl, þó helst Kokaloca og Is It Love? Það sem vakti þó minni lukku var yrkisefni tvíeykisins, þeirra Ívars Amar Kolbeinssonar, Dr. Mister, og Guðna Rúnars Gunnarssonar, Mr. Handsome. Þeir sungu helst um kókaín, krakkhóru og kvenfyrirlitningu.

Ívar og Guðni báru því ávallt við að Dr. Mister og Mr. Handsome væru skáldaðar persónur – að hljómsveitinni hefði verið ætlað að gera grín að klúbba-menningu sem kennd er við teknósveitina Scooter. „Þetta er bara konseptið á plötunni, við erum að leika karaktera og þeir eru svona djöfulli harðir,“ sagði Ívar í viðtali við Fréttablaðið í júlí árið 2006. „Þetta er bara list, það er flottur glans á þessu og þetta kemur bara mjög vel út, bara úturgott klúbbastöf.“

Listræni parturinn var einnig umdeildur og fékk Dirty Slutty

Hooker Money frekar dræma dóma. Vissulega þótti tónlistin grípandi en textarnir frekar slappir.

„Ef hljómsveitin gefur sér betri tíma til þess að vinna næstu plötu, og einhvern annan til að sjá um textasmíðarnar, þá eru Dr. Mister & Mr. Handsome meira en færir um að ná þeim háleitu markmiðum sem þeir hafa sett sér,“ skrifaði Atli Bollason í plötudómi í Morgunblaðinu. Í sama dómi furðaði Atli sig á að ekki meira fjaðrafok hefði orðið vegna „ærslabelgjanna“ eins og þeir voru oft kallaðir, þeir Ívar og Guðni.

„Undirrituðum þykir sérkennilegt að platan sem hér er til umfjöllunar skuli ekki hafa hlotið meiri (neikvæða) umfjöllun í formi lesendabréfa og/eða í umræðubátum í útvarpi og sjón-



Gerði allt vitlaust Forsíðuviðtalið við Ívar vakti mikið umtal.



varpi. Kókaín og kvenfyrirlitning eru meginþemun á Dirty Slutty Hooker Money, og hvort tveggja er æskilegt að dómi Dr. Mister og Mr. Handsome. Menn hafa nú verið hengdir í fjölmiðlum fyrir minna.“

„Ætla að djamma þar til ég drepst“

Gagnrýnisraddir urðu þó háværari eftir að Ívar birtist á forsíðu Sirkus, fylgirits Fréttablaðsins, undir fyrirsögninni:

„Ætla að djamma þar til ég drepst.“ Það viðtal var afar opinskátt, svo vægt sé til orða tekið. Í byrjun þess lýsti Ívar ferðalagi hljómsveitarinnar til Akureyrar.

„Ég er fokking klóraður eftir stelpurnar. Þær voru brjáláður. Ein þeirra runkaði mér bakviðs skömmu áður en fíknó mætti með hund og gómaði einn okkar með dóp. Við enduðum svo í brjáluðu eftirpartyi, duttum herfilega í það og flugum svo beint í bæinn til að spila á styrktartónleikum Forma, illa góðir því,“ sagði hann og bætti við að hann væri á föstu – með kókaíni. Þá sagðist hann einnig hafa unnið fyrir sér sem dópsali og neytti stíft fíkniefna. Stuttu áður en viðtalið var tekið var Ívar á Vogu í sex daga en nennti ómögulega að verða edrú. Er blaðamaður spurði hann hvort hann vildi ekki hætta í dópínu stóð ekki á svörumum:

„Nei. Þetta er lífið í kringum bandið. Það fylgir þessu veisla og geðveiki. Ég fíla þetta í botn og ætla að halda þessu partyi gangandi þar til ég dey.“

Bubbi brjáláður

Meðal þeirra sem gagnrýndu viðtalið við Ívar á sínum tíma var tónlistarmaður Bubbi Morthens, sem hefur marga fjórana sopið.

„Ef hann finnur ekki lausn á þessu hefur hann fullan rétt á að drepa sjálfan sig á eiturlyfjaneyslu,“ sagði hann í samtali við Sirkus nokkru síðar. „Það er nú samt eitthvað sem segir manni að þessi drengur sé mjög firrtur og honum líði ekki vel og allt það. En hann hefur samt fullan rétt til þess að lifa svona.“

Valgerður Pálmadóttir, sem þá var nemi í kynjafræði, gagnrýndi Dr. Mister & Mr. Handsome einnig harðlega í Fréttablaðinu.

„Það er ekkert sem gefur til



Plötuumslagið Dirty Slutty Hooker Money var fyrsta og eina plata sveitarinnar.



Umfjöllun Séð og Heyrt Ívar bendlaður við rán.

kynna að þetta sé grín og þetta er greinilega ekki ádeila. Mér finnst þetta svipað og Snoop Dog, hann var alltaf með örgustu kvenfyrirlitningu í texta og fólki fannst það bara fyndið og kúl. Svo var hann kærður fyrir hópnauðgun fyrir stuttu síðan. Þetta er greinilega meira en hómur,“ sagði hún. Fleiri tóku í sama streng. Sólmundur Hólm var hins vegar meðal þeirra sem voru hæstánægðir með músíkina.

„Allt sem sagt er er tekið of bókstaflega. Vissulega syngja þeir um kókaín, hórur og skítugar druslur en þegar ég hlustaði á diskinn, þá langaði mig ekki neitt í kókaín, ekki heldur í skítuga hórur eða druslu. Þess í stað langaði mig til að fara út á gólf og dansa eins og mutha fucka,“ skrifaði hann í DV.

Rándýr pylsa

Svo fór að hljómsveitin lagði upp laupana síðla árs 2006. Í frétt Fréttablaðsins var ástæða slitanna rakin, en hún tengdist því að hljómsveitin gat ekki spilað á tónleikum því Ívar stóð ekki við loforð sitt um að vera edrú. Þá átti Ívar einnig að hafa hirt pening af hinum hljómsveitarmeðlimum, sem þá voru orðnir fleiri en þeir tveir, hann og Guðni. Í kjölfarið flutti Ívar til Danmerkur en sneri aftur til Íslands nokkru síðar og stofnaði meðal annars hljómsveitirnar The Musik Zoo og The Krooks. Þá var hann einnig dæmdur fyrir akstur undir áhrifum vímuefna sem og bendlaður við vopnað rán í 10-11. Séð og Heyrt sagði Ívar hafa keypt pylsu fyrir ránsfenginn og farið í meðferð. Síðan þá hefur lífið farið fyrir honum eða sálugu sveitinni Dr. Mister & Mr. Handsome. ■

SKILTAGERÐ

Ljósakassar
 Ljósaskilti
 3D stafir



Hönnun
 Ráðgjöf
 Uppsetning

PRENT
 HÖNNUN OG MERKINGAR

Sundaborg 3
 104 Reykjavík
 777 2700
 xprent@xprent.is

HEFUR ÞÚ ÞÖRF FYRIR ÞRIF

Fyrirtæki og húsfélög, gerum
tilboð ykkur að kostnaðarlausu

Þjóðum sérhæfða þjónustu fyrir
íbúðir í skammtímaleigu



Hvað er aðventa?

■ Aðventukransar eru þýskur siður ■ Aðventa var áður jólafasta og ekki mátti borða kjöt ■ Biðin eftir jólnum

Erla Dóra
erladora@dv.is

Við kveikjum einu kerti á, er gjarnan sungið á aðventunni, en á sunnudaginn næstkomandi er einmitt fyrsti í adventu. En hvað er adventan og hvers vegna tendrum við ljós á aðventukrönsum í tilefni hennar?

Aðventa, jólafasta

Aðventa var áður fyrr kölluð jólafasta. Hún hefst fjórða sunnudag fyrir jóladag. Orðið aðventa hefur verið notað á Íslandi allt frá 14. öld, en orðið kemur frá latneska orðinu adventus sem merkir tilkoma, en fram eftir öldum virðast Íslendingar heldur hafa talað um jólaföstu.

Jólafasta kemur frá þeim kaþólska sið að fasta síðustu vikur fyrir jól, en á öldum áður neytti fólk ekki kjöts á föstunni. Jóla-föstunnar er getið í hinna fornu lögbók Íslendinga, Grágás, sem er talin hafa verið skrifuð á 13. öld. Þar segir:

Jóla-föstu eigum vér að halda. Vér skulum taka til annan dag viku að varna við kjöti, þann er drottins dagar verða 3 á millum og jóladags hins fyrsta. Þá skal eigi eta kjöt á þeirri stundu, nema drottins daga og messudaga lögtekna.

Latneska orðið adventus kemur frá latnesku sögninni advenio eða „ég kem til“ og er adventan því biðin eftir jólnum, eða biðin eftir endurkomu Krists.

Aðventukransinn

Í Húsfreyjunni, tímariti Kvenfélagssambands Íslands, birtist árið 1952 pistill eftir Guðrúnu Sveinsdóttur þar sem hún lýsti þeim þýska sið að tendra ljós á aðventukransi.

„Sunnudagsmorgun í byrjun desembermánaðar hafði Kate Schiller farið snemma á fætur og út í skóg, og kom nú heim með fangið fullt af furugreinum. Eftir nokkra stund var hún búin að hnýta krans og hengja hann með rauðum silkiböndum upp í loftið. 4 kerti voru fest á kransinn. Nú kynntist ég hinum fagra sið Þjóðverja, að fagna jólnum um leið og jólafastan (aðventa) hefst og hnýta aðventukrans. Fyrsta sunnudaginn í jóla-föstu, þegar rökkuva tók var kveikt á einu kerti á kransinum, næsta sunnudag tveimur kertum, svo þremur, og seinasta fjórum, eftir því hvort 3 eða 4 sunnudagar voru í jóla-föstunni. Hin upp-

runalega hugsun, sem liggur til grundvallar fyrir adventuhelginni er sú, að þegar fæðingarhátíð frelsarans er í nánd, eigi söfnuðurinn að vera við búinn að veita honum móttöku, eins og hann kæmi þá að nýju til þess að úthella sínum andlega krafti til þeirra, sem vilja veita honum móttöku. Þessa stund, á meðan kertin loga, eru sungnir sálmar, leikið á hljóðfæri, lesnar helgisagnir eða á einhvern hátt reynt að gera þá stund helga og hátíðlega. Ef til vill er aðeins setið í kyrrð og horft á ljósin loga. Mér þótti þessi siður svo yndislegur, að árum saman, þegar ég hef getað náð mér í efni í aðventukrans, höfum við haldið adventuhátíð á heimili mínu. Ég hef veitt því eftirtekt, að aðventukransar hafa fengist í blómabúðum í Reykjavík, en fáum mun víst kunnugt um til hvers þeir eru ætlaðir.“

Svo virðist því sem aðventukransar hafi byrjað að sjást á Íslandi um miðja síðustu öld og fljótlega notið mikilla vinsælda hérlandis. Aðeins sex árum eftir að ofangreindur pistill birtist í Húsfreyjunni sagði í Morgunblaðinu: „Í dag er fyrsti sunnudagur í jóla-föstu og þá er fyrsta jóla-ljósíð. Kveikt er á fyrsta kertinu í jóla-föstu- eða Aðventukransinum. Þessi skemmtilegi siður er að verða útbreiddur hér og er það vel. Hann gefur fólkinu tækifæri til þess að njóta jóla-ljósanna í ró og næði, löngu áður en sjálf jólahaldið byrjar í algleymingi.“

Siðurinn, að tendra ljós á aðventukransinum, er talinn eiga rætur sínar að rekja til þess hve börnum þótti erfitt að bíða eftir jólnum. Siðurinn hefur verið eignaður þýskum prest, Johann Hinrich Wichern, sem tók eftir ópolinmæði þeirra barna sem



Börnum þótti erfitt að bíða jólaanna og því var aðventukransinn fundinn upp.

hann var að kenna. Hann gerði því fyrsta aðventukransinn árið 1839 til að auðvelda börnunum biðina. Því mætti segja að aðventukransinn sé forveri jóladagatalanna sem njóta mikilla vinsælda í dag.

Kertin fjögur á kransinum

Aðventukransinn er táknrænn. Sígrænt grenið og hringurinn merkir eilíft líf en einnig bera kertin hvert sitt nafn. Það fyrsta er Spádómakertið sem minnir á fyrirheit spámanna Gamla testamentisins sem spáðu fyrir um komu Jesú Krists. Annað kertið er Betlehemkertið eftir þorpinu sem Jesús fæddist í. Þriðja kertið er Hirðakertið, en fjárhirðar voru þeir fyrstu sem færð voru tíðindin af fæðingu Jesú. Það síðasta er svo Englakertið, en það voru englarnir sem samkvæmt Nýja testamentinu færðu heiminum fréttirnar um fæðingu frelsarans.

Í dag er adventan og aðventukransinn tvímælalaust órjúfanlegur hluti jólahátíðarinnar, þó svo að merkingin að baki orðunum sé kannski önnur í dag, en þó ekki það frábrugðin. Adventan merkir biðin eftir Kristi, eða biðin eftir jólnum. Þótt trúarleg merking orðsins sé líklega minni í nútíma málvitund þá tendrum við á kertunum, einu á eftir öðru, og bíðum jóla-anna. Hins vegar virðist jólafastan gleymdur siður, enda þætti mörgum Íslendingnum sárt að fórna ketinu í desember. ■

EIGUM MARGA
LITI Á LAGER

ÁLKLÆÐNINGAR & UNDIRKERFI

HANNAÐ FYRIR
ÍSLENSKT VEÐURFAR

Nánari upplýsingar á
mt.is og í s: 580 4500



 Spilavinir

*Alltaf eitthvað nýtt!
Alltaf eitthvað skemmtilegt!*

Frá leðursvipum til kynsva

■ Kvikmyndajóladagatal ■ Merktu þessar hjá þér ■ Hefurðu séð þær allar?

Jólaandanum fylgir alltaf ýmis stemning með góðri aðstoð frá dægurmenningu. Í hugum sumra bresta hátíðirnar ekki á fyrr en rétta lagið er komið í gang, jafnvel rétti baksturinn og að sjálfsögðu réttu jólamyndirnar.

Því er kjörið að renna í gegnum 24 jólakvikmyndir. Ein jólaræma á dag kemur hátíðarskapinu í lag með glæsibrag.



1. desember

Batman Returns (1992)

Hér lætur stílistinn Tim Burton allt flakka í abstrakt myndarömmum, skuggamyndum í anda þýska expressjónismans og köldum þemum sem snúa meðal annars að bældum kynhvötum, félagslegum grímum og ofbeldi gegn ungum börnum, að því ógleymdu að S&M-undirtónarnir eru gegnumgangandi. Svona eru jólin, krakkar.



2. desember

In Bruges (2008)

Leigumorðingi í tilvistarkreppu í einni fallegustu borg heims býður ekki upp á það sem kallast hefðbundin jólamynd. Aftur á móti eru þeir Colin Farrell, Ralph Fiennes, Brendan Gleeson, og fleiri, algjörlega upp á sitt besta í söt-svartri kómedíu sem hringir fleiri bjöllum en ætla mætti í fyrstu. Þessa má endalaust vitna í á réttum tíma árs.



3. desember

The Holiday (2006)

Þegar dyr lokast opnast nýir gluggar. Eins og kemur skemmtilega fram í The Holiday geta hinir ófyrirsjáanlegustu hlutir oft leitt til óvæntrar gleði. Kvikmyndinni The Holiday má ár hvert taka á móti með opnum örmum enda er hlýjan og sjarmörinn allsráðandi, meira að segja hjá Jack Black, sem er merklegra sjaldséð.



4. desember

Eden (2019)

Íslenska partímyndin Eden er einfaldlega rokkandi fín, lítil ræma; unnin á hnefanum, en brött, ýkt, frumleg á köflum og rúllar á sterkri frammistöðu frá einni efnilegustu leikkonu landsins. Hún er mynd sem á örugglega eftir að lifa góðu költ-lífi á klakanum um ókom-in ár, sérstaklega í ljósi þess að hún er einnig hin undarlegasta jólamynd.



5. desember

Scrooge (1951)

Það er með ólíkindum hversu oft er búið að festa Jólasögu Charles Dickens á filmu. Áhorfandinn, sem er ekki kominn með bráðaógeð af sögunni, er nánast með valkvíða um hvaða útgáfu smella í tækið. Þó er til rétt lausn við því hugarangri og fer ekki á milli mála að útfærslan með Alistair Sim í burðarhlutverkinu ber af. Hún gefur kunnuglegri sögu nokkur viðbætt smáatriði og kemur þroskasaga Skröggsins út áreynslulaust og vekur upp sterk áhrif. Annars má alltaf hafa útgáfuna með Prúðuleikurunum og Michael Caine sem kost til vara.



6. desember

Kiss Kiss Bang Bang (2005)

Frasakóngurinn Shane Black (Lethal Weapon) er hér í essinu sínu með kolruglaðri félagakómedíu um morðgátu í Hollywood á hátíðartímum. Black er þekktur fyrir að búa til nagharðar en hnyttnar og ófyrirsjáanlegar spennu-myndir sem gerast á þessum tíma árs. Til að bæta stjörnunna ofan á þetta subbulega en meinfyndna jólatré hefur Robert Downey Jr. sjaldan verið betri, eða beittari.



7. desember

Miracle on 34th Street (1947)

Hér er ekkert á boðstólum nema hjarta-hljá og listin að slökkva á allri neikvæðni. Miracle on 34th Street, endurgerðin frá árinu 1994, er ekki alslæm heldur. Túlkun Edmunds Gwenn á meintum jólasveini myndarinnar er ein sú allra besta og sögunni tekst af mikilli snilld að vera dramatísk og upplífandi án þess að síga fullmikið út í meló-drama eða sykur. Þessi er ómissandi.



8. desember

The Hateful Eight (2015)

Rokkstjörnuleikstjórinn Quentin Tarantino tjaldrar öllum nífílismanum til og verður seint hægt að kalla áttundu kvikmyndina hans gleðilega. Myndin sýnir þó á flugbeittan máta hvað gerist þegar hópur stórhættulegs fólks getur verið á hálum ís þegar allir eru fastir undir sama þaki á meðan snjóbylur geisar. Jólaandinn sest þó að með stórglæsilegum hætti í ógleymanlegri senu þar sem Heims um ból er spilað á píanó yfir einræðu leikarans Samuels Jackson. Eins og sjá má í þessum lágstemmda en grimma snjóvestra Tarantino heldur maðurinn bæði upp á hvít jól og rauð. Því ber að fagna.



9. desember

The Long Kiss Goodnight

Það er varla hægt að mæla hversu eitursvöl Geena Davis er í þessari mynd. Shane Black er kominn hér í enn einn jólagírinn þar sem eltingarleikir, sprengingar, grafin leyndarmál og töffarastælar eru borðleggjandi. Annað væri nú hin mesta synd.



10. desember

Edward Scissorhands (1990)

Það heldur enginn upp á melankólísk jól eins og Tim Burton, en gegnumgangandi drunginn gerir að verkum að vonarneistinn og hlýju undirtónarnir skera sig þá meira úr. Johnny Depp er endalaust trúverðugur og elskulegur sem sakleysinginn með klippikrumlurnar, sem reynir sitt besta til að gera öðru fólki til geðs og heilla Winonu Ryder. Öðru af tveimur markmiðum er náð, sem telst til mikils jólasigurs.



11. desember

Gremlins (1984)

Eru börnin nógu gömul til að horfa á drungalegar myndir fyrir lengra komna en þó ekki komin á réttan aldur til að leggja í harðkjarna hryllingsmyndir? Þarna kemur Gremlins eins og kölluð; ákaflega skemmtileg, vel gerð og praktaraleg ævintýramynd sem hefur ábyggi-lega í gegnum árin gegnt hlutverki sem martraðarfóður margra barna. Einhvers staðar þarf að byrja.



12. desember

Rare Exports

Frændur okkar Finnar kunna aldeilis að mjólka það að nærvera jólasveinsins sé ekki alltaf af hinu góða. Rare Exports tekur flottan snúning á hefðir og fær prik fyrir einn makalaust ljótan Sveinka sem kallar ekki allt ömmu sína.

alls og ógeðfella Sveinka

Tómas Valgeirsson
tomas@dv.is



13. desember

Iron Man 3 (2013)

Ein af vanmetnari Marvel-myndunum og hér – eina ferðina enn – eru taktar Shanes Black að verki. Fjörug, óvænt og fyndin ofurhetjuveisla í gargandi næntís stemningu. Stundum þarf ekki meira til að kæta.



14. desember

Home Alone (1990)

Draumur og martröð sérhvers barns; að lifa hömlulaust og eitt síns liðs með allt heimilið, taka málin í eigin hendur og eigia daginn þegar óprúttir einstaklingar stefna örygginu í voða. Stefið eftir John Williams er auðvitað löngu orðið goðsagnarkennt og kemur manni í rétta skapið, eins og svo oft áður og síðar hjá þeim manni.



15. desember

Die Hard (1988)

Venjulegur maður festist í óvenjulegum aðstæðum og breytist skyndilega í hversdagshetju. Það skiptir litlu máli þótt Bruce Willis segi sjálfur hið öfuga, en Die Hard er absólút jólamynd.



16. desember

Jingle All the Way (1996)

Það gengur hreinlega ekki að taka á móti jólinum án þess að troða einum stórlega yfirdrífnum Schwarzenegger á listann. Jingle All the Way er hin merkilegasta froða, en kætir með bítandi túlkun á hátindi neysluhyggjunnar í kringum þennan tíma árs. Hasarkóngurinn Arnold lætur ekkert stoppa sig í kaótískri leit að heitasta leikfangi veraldar fyrir son sinn. Sumt er einfaldlega svo slæmt að það verður að fjársjóði.



17. desember

Joyeux Noel

Vönduð og bitastæð frönsk mynd með mikilvægum skilaboðum. Hér sést í tærri mynd hvernig góðmennskan í hjarta fólks getur rutt öllu frá, meira að segja í miðri styrjöld. Joyeux Noel hittir í mark og gott betur.



18. desember

Elf (2003)

Will Ferrell jólar yfir sig á hinn viðkunn-anlegasta máta. Elf hefur alla burði til að vera yfirþyrmandi og pínleg fjölskyldumynd en reynist vera prýðilega skrifuð og heillandi saga. Varist þó íslensku talsetninguna eftir bestu getu.



19. desember

Krampus (2015)

Krampus rekur söguna af býsna hversdagslegri fjölskyldu sem þarf að þola að ruddalegir ættingjar þeirra mæta í heimsókn yfir hátíðarnar. Mórallinn er glataður, rifrildi brjótast út og drengur nokkur segir skilið við hátíðarandann og trúna á jólasveininn. Þetta er einmitt tilkall sem kallar á Krampus, sem er ógeðfella andstæða við hefðbundna jólasveininn, til að sýna fram á það með öllum mögulegum ráðum að til eru verri hlutir við jólin en að deila fríinu með ættingjum sem þú þolir ekki. Jóla-kötturinn á ekkert í þennan djöful.



20. desember

Go (1999)

Hvernig væri Pulp Fiction ef hún gerðist í kringum jólin og hefði verið gerð sem unglíngamynd? Go er að einhverju leyti svarið við þeirri spurningu og er löngu kominn tími til að fleiri leiti upp þennan týnda glaðning sem hefur reglulega farið framhjá fólki síðastliðin tuttugu ár.



21. desember

It's a Wonderful Life


Enginn veit hvað átt hefur fyrr en misst hefur. It's a Wonderful Life er einfaldlega mynd sem er samtvinnuð við jólin. Af hverju? Jú, vegna þess að hún er ein gígantísk sjarmagryfja sem togar stíft í hjartarætur og skilur áhorfandann að lokum eftir með botnlausu gleðitilfinningu. Stórkostleg perla sem ætti helst ekki að fara framhjá neinum. Nokkurn tímann.



22. desember

Eyes Wide Shut (1999)

Fátt segir gleðileg jól eins og svanasöngur meistarans Stanleys Kubrick, þar sem brestir í trausti hjóna, drungalegt kynsvall og dáleiddandi tilvistarkreppa Toms Cruise ræður ríkjum. Höfuðverkur lykilpersónunnar á sér stað í kringum jólin og er aldrei betri tími til að gleðja sjálfið og spúsuna en á einmitt þeim tíma.



23. desember

Love Actually (2003)

Á jólinum er nauðsynlegt að gúffa í sig sykur og sætindi. Love Actually er ná-lægt því að vera fullkomin jólagjöf sem hefur skellt fjöldanum öllum af litlum rómantískum gamanmyndum í einn pakka. Umbúðirnar þorir maður ekki einu sinni að tæta í sundur, heldur eru þær opnaðar af vandvirkni og áhuga, að ógleymdri slaufu sem gefur manni ekkert nema spikfeitt glott sem er erftit að þurrka af sér í faðmi fjölskyldunnar eða hvers sem manni er annt um á Jesús-afmælinu (gæludýr og asískir koddar í fullri mannsstærð eru að sjálfsögðu meðtaldir).



24. desember

Brazil (1985)

Skrifinska, einangrun og ábyrgð bregður fyrir í grípanði og kolruglaðri mynd sem þykir með þeim bestu frá skrautfuglinum Terry Gilliam. Frá tónlist til sviðsmynda og handrits er Brazil ekki aðeins toppmynd, heldur að öllum líkindum ein sú óvenjulegasta og súrasta sem tengja má við hátíðirnar. Það sakar ekki að setja koma sér vel fyrir, með fullan maga, á aðfangadagskvöldi og slaka á yfir heimsklassa meistaraverki og Brazil er svo sannarlega frábrugðin öllu öðru sem fyrirfinnst.

Spáð í stjörnunum

Lesið í tarot Helga Seljan

Landar vinnu á virtum, erlendum miðli

Fjölmiðlamaðurinn Helgi Seljan kom sem storm-sveipur inn í blaðamennskuna eftir stutta fjarveru og setti þjóðfélagið á annan endann með uppljóstrunum Kveiks í Samherjamálinu. En hvað ber framtíðin í skauti sér hjá Helga? DV ákvað að leggja fyrir hann tarot en lesendur eru minntir á að þeir geta sjálfir dregið sér tarotspil á vef DV.

Einstaklega vel gefinn

Fyrsta spilið sem kemur upp hjá Helga er Sverðkonungur. Það táknar persónuleika Helga, sem hefur marga fjöruna sopið. Hann

er einstaklega vel gefinn og vel upp alinn, þótt hann hafi, eins og flestir, misstigið sig í gegnum tíðina. Helgi er mjög uppfinningasamur og nýjungagjarn. Hann er sjálfstæður en þolir illa gagnrýni – hún sest á sálina. En vegna afburðagáfnu og sköpunargáfu er Helgi mjög valdamikill maður og það skal aldrei vanmeta. Hann er metnaðargjarn og lætur ekki kaupa sig hingað eða þangað. Þetta eru miklir umbrotatímur hjá fjölmiðlamanninum því þótt hann sé hreykinn af því verki sem hefur verið unnið hjá RÚV þá þreystist sálin við mótlætið frá áhrifamönnum í samfélaginu.

Tilfinningaleg ringulreið

Næst er það Tunglið. Í raun hefur Helgi það á tilfinningunni að hann ráði ekki við eftirköst Samherjamálsins. Það er fjarri sanni. Hann má ekki detta ofan í vonleysi heldur

er að standa í lappirnar. Tilfinningar hans eru í einni ringulreið og hann gæti fundið fyrir einmana-leika í kjölfar þessarar miklu vinnu. Einkalífið hefur setið á hakanum og hann þarf að opna hjarta sitt á ný fyrir ást og hamingju, þótt vinnan einkennist af dimmu og drunga. Helgi verður að varast að láta innra ójafnvægi og svartsýni villa honum sýn, bæði í leik og starfi. Hann þarf að opna augun, horfa í kringum sig og sjá feegurðina í litlu hlutunum því framtíðin er björt.

Ný vinna

Loks er það spilið Breytingar. Samherjakafinn er brátt á enda og nýr kafli við að hefjast. Um-talsverðar breytingar verða á högum Helga fyrr en síðar og eru þetta breytingar til batnaðar. Bláamennskan togar í hann þótt hann vilji stundum henda henni út um gluggann. Hann fær nýtt og spennandi tækifæri í þessum bransa vegna uppljóstrana um Samherja. Við vinnslu þess máls hefur hann vakið heimsathygli og komið upp góðum samböndum og því verður þessi nýja vinna sem honum býðst erlendis. Um er að ræða stór- og virtan miðil sem þekktur er úti um heim allan. Hann hoppar á tækifærið eftir ígrunduð samtöl við fjölskylduna. Nú verður ekki aftur snúið. Helgi gefur fortíðina upp á bátinn og tekur framtíðinni opnum örmum. ■



Ástir tveggja rithöfundu – Svona eiga þau saman

Sigríður Hagalín Björnsdóttir, fjölmiðlakona og rithöfundur, og Jón Kalman Stefánsson rithöfundur hnutu nýverið um hvort annað og ástin blómstrar sem aldrei fyrr. Því fannst DV tilvalið að spá í stjörnumerkin til að sjá hvernig þetta fjölhæfa par á saman.

Sigríður er vatnsberi en Jón er bogmaður – þar mæstast loft og eldur. Gildi vatnsberans og gáfur bogmannsins gera þessa blöndu afar einstaka þegar kemur að ástarsambandi. Sigríður og Jón eru bæði kappsmikil og getur það stundum valdið spennu á milli þeirra en að sama skapi verður þetta samband aldrei leiðinlegt eða óspennandi.

Undir rómantíkinni er traust vináttu. Þau geta vel átt samskipti hvort við annað, sem er lykillinn að farsælu sambandi og getur oft komið í veg fyrir stórslys á ástarsviðinu.

Þau dást að hvort öðru og njóta lífsins saman. Bogmaðurinn laðast að hugsjón og sköpun vatnsberans á meðan vatnsberinn dáist að innsei bogmannsins. Bæði merkin þurfa sitt sjálfstæði og virða það. Svo lengi sem þau tapa ekki samskiptalistinni mun þetta samband verða langt, traust, gjöfult og umfram allt – stútfullt af skemmtilegheitum. ■



Sigríður
Fædd: 11. febrúar 1974

Vatnsberi

- frumleg
- vinnusöm
- sjálfstæð
- mannvinnur
- á erfitt með að tjá tilfinningar
- fjarlæg

Jón
Fæddur: 17. desember 1963

Bogmaður

- gjafmildur
- húmoristi
- bjartsýnn
- æruverðugur
- lofar upp í ermina á sér
- óþolinmóður

Afmælisbörn vikunnar

- **1. desember** Sigurður Ragnar Eyjólfsson knattspyrnuþjálfari, 46 ára
- **2. desember** Logi Bergmann sjónvarpsstjarna, 53 ára
- **3. desember** Júlíus Kemp kvikmyndagerðarmaður, 52 ára
- **4. desember** Kristján Hjálmarsson gleðigjafi, 44 ára
- **5. desember** Kjartan Magnússon stjórnmálamaður, 52 ára
- **6. desember** Hildur Yeoman fatahönnuður, 36 ára
- **7. desember** Tobba Marinós athafnakona, 35 ára

Stjörnuspá vikunnar

Gildir 1.–7. desember



Hrútur - 21. mars–19. apríl

Ekki loka þig inni og giftast vinnunni þinni. Það er mjög mikilvægt að þú farir út á meðal fólks í desember – mætir í vinnustaðapartí og blandir geði við aðra. Þú ert nefnilega rosalega fær í því sem þú vinnur við. Það eina sem vantar er félagsskapur og traustir félagar þegar þú þarft á hjálp að halda við að leysa erfið verkefni. Það er ekki skömm að leita sér aðstoðar.



Naut - 20. apríl–20. maí

Þú hefur farið með veggjum undanfarid, en alls ekkert á neikvæðan hátt. Þú ert bara ekki í skapi fyrir fólk og það er allt í lagi. Nú er aðventan byrjuð og þá kviknar á jólaperunum í hausnum á þér og þig langar að láta bera meira á þér. Þú lendir í einhverju stórkostlegu ævintýri í lok vikunnar sem gerir lífið aðeins skemmtilegra.



Tvíburi - 21. maí–21. júní

Hvað er í gangi hjá tvíburanum? Það er annaðhvort eða þessa dagana, eins og tvíbursans er von og vísa. Eftir mikið „þurrkatímabil“ falla vonbiðlar að fótum einhleypra tvíbura. Þú skalt samt vara þig á því. Það er stundum gott að eiga tímabil með sjálfum sér – án allra ástar-tilfinninga og ábyrgðar. Þú skalt reyna að njóta þess í botn.



Krabbi - 22. júní–22. júlí

Þú ert svo mikill jólabarn og þú getur ekki beðið eftir að eyða aðventunni í jólastuð og gleði. Þú ert auðvitað búin/n að skipuleggja hvaða jólamyndir þú ætlar að horfa á, hvernig þú ætlar að skreyta og hvaða sortir þú ætlar að baka. Svo ferðu bara alla leið í jólabrjálaðið. Það góða við þig, elsku krabbi, er að þú missir samt aldrei sjónar á því hvað er mikilvægast í lífinu og um jólin – kærleikurinn.



Ljón - 23. júlí–22. ágúst

Þú dettur í girinn þar sem þú setur þig í fyrsta sæti. Þú tekur þér nokkra verðskuldada frídaga fyrir sjálfa/n þig, ferð í ræktina eða gerir æfingar heima í stofu, ferð í klippingu, jafnvel dekur og leyfir þér aðeins að vera þú sjálf/ur. Þetta er yndislegur tími og þú mátt ekki fá samviskubít yfir þínum nánustu – þeir lifa alveg af þótt þú hugsir meira um þig sjálfa/n.



Meyja - 23. ágúst–22. september

Þú hefur verið að reyna að sannfæra sjálfa/n þig um hvað eigi að gera varðandi tiltekið mál. Þú veist samt innst inni hvað þarf að gera. Það þarf að taka erfiða ákvörðun sem hefur áhrif á allt líf þitt og fjölskyldu. Stundum er sannleikurinn sár og stundum þarf að sleppa til að fólk geti blómstrað. Hafðu það hugfast og ekki fá samviskubít.



Vog - 23. sept.–22. október

Fjölskyldulífið blómstrar hreinlega hjá voginni. Þú ert í miklum skreytingargír og vilt koma heimilinu þínu í fallett lag fyrir jólin. Það er svo margt að bærast um í huga þér og stundum færðu of margar hugmyndir um hvernig þú getur fegrað þitt nærumhverfi. Þá er best að anda djúpt, velja það sem er mikilvægast og takast á við það svo þér fallist ekki hendur.



Sporðdrekki - 23. október–21. nóvember

Þú ferð á einhvern stórskemmtilegan viðburð í vikunni og þar kynnist þú manneskju sem virðist við fyrstu sýn vera eins og sálufélagi þinn. Þú skalt samt fara varlega í að treysta fólki frá fyrstu stundu – það getur stundum endað illa. Og hugsanlega er þessi manneskja ekki öll sem hún sýnist, þótt hún meini kannski vel.



Bogmaður - 22. nóvember–21. desember

Ástin er allsráðandi hjá bogmanninum. Þú ert nýbúin/n að losa þig við manneskju úr þínu lífi sem var ekki að gefa þér það sem þú þarft. Bráðum kynnist þú annarri manneskju sem veitir þér ofboðslega mikla lífsyllingu og þú kynnist ást sem þú hélst að væri bara til í bíómyndum. Í stuttu máli – næstu vikur verða stórkostlegar!



Steingeit - 22. desember–19. janúar

Það er rosalega mikill hávaði í kringum þig, þótt þú hækkir sjaldnast rödd þína. Þú heldur þínu jafnaðargeði í lífsins ölgusjó og nærð að taka við alls kyns vandamálum frá fólki án þess að taka þau inn á þig. Þetta er hæfileiki sem margir öfunda þig af. Þú ert sterkur einstaklingur sem er ekki hægt að brjóta.



Vatnsberi - 20. janúar–18. febrúar

Þú þarft aðeins að slaka á neikvæðninni. Þú ættir bara að setja á þig röskuðu gleraugun og sjá heiminn í nýju ljósi í staðinn fyrir að vera síróflandi. Jólin reynast þér oft erfið og þú sérð allt sem gæti farið úrskeiðis eða einblínr á allan peninginn sem þú átt ekki. Hættu því strax í dag og finndu möguleika sem henta þér.



Fiskur - 19. febrúar–20. mars

Einhleypir fiskar eru afar kærulausir í ástamálunum og kannski tími til kominn til að sleppa sér aðeins. Þú tekur deitlífið alla leið og gefur alls kyns fólki séns á Tinder eða í raunheimi, sem þú hefur annars horft framhjá. Viti menn – þetta leiðir til góðs en mundu að þetta tímabil er tímabundið. Þú vilt ekki vera kærulaus að eilífu.



BLACK
FRIDAY

29 - 30 NÓV

25% - 50%

AFSLÁTTUR

Í VERSLUN

LAUGAVEGI 62

25% AFSLÁTTUR

AF ÖLLUM VÖRUM

Í VEFVERSLUN



REYKJAVIK RAINCOATS

LAUGAVEGUR 62, 101 RVK

WWW.REYKJAVIKRAINCOATS.COM

INFO@REYKJAVIKRAINCOATS.COM

SÍMI: 5711177

REYKJAVIK
RAINCOATS

Helgarkrossgátan

	→	snauðar	2 eins	tröll	svar	hratið	
	hamlar						
	óðagotinu						
	↓	1	3 eins nefgöng				
	einblína				ella		
	kúga				tvíhljóði		
	lærði				2 eins telgt		
	skíta djásn					listamann	
<small>Teikning: Halldór Andri eftirprentun bönmuð</small>	<small>Krossgátugerð: Bjarni sími: 845.2510</small>	duttuð	grastopp	sjóveikin	sperra	fóstur	3
↙				↖	ískra	lána	
nöglin		7		þoka	væl		2
pikk			karldýr	atta			
lúxus					fyrir stundu	úrgangur	
aginn				litlaus einar til		hvað? fjall	
		samdar		siðaðar pirraðar			nef
nýtta					fuglar frásögnin		
	húsgagn		2 eins nærast		hund		
stungna	8					2 eins	þétt
mælir					urða gleði		
rugl				froskur röð			áform
		númer		gripdeild vikur		skjóla	haf
leika				6	reigt fótmál		4
	2 eins	5	stinna mungát			sprikl	stefna
ein				veiðar- færinu			
verslun				skítugan			9

1	2	3	4	5	6	7	8	9
---	---	---	---	---	---	---	---	---

Sudoku

Auðveld

9	3			2		7	
			5	1		4	9
8	4					2	
1		3			4	5	
2		7		3		6	8
	8						7
	9		8	2	1		5
			4	9	5		1
		2					

Erfið

2	4						9
	1	7		6		2	
			7		4		1
		1			9	7	2
3	6					8	9
		8					
		5		1	2		
9			8	4			5

Verðlaunagáta

Helgarkrossgátan inniheldur lausnarorð.

Lausnarorð skal senda ásamt nafni og símanúmeri á netfangið krossgata@dv.is



FORLAGIÐ

Vinningshafi krossgátu síðustu helgar er ...

Hallfríður Frímansdóttir

Sólheimum 14

104 Reykjavík

Lausnarorðið var **HREKKJALÓMUR**


Hallfríður hlýtur að launum bókina Gauksins gal

Sagan af Washington Black

Líf þrælanna á sykurplantekru á Barbados árið 1830 verður hreinasta helvíti þegar nýr húsbóndi tekur við. Ellefu ára gamall drengur er sér til skelfingar valinn til þess að þjóna bróður húsbóndans, sérlunduðum vísindamanni. Bróðirinn reynist þó vera góðmenni og milli hans og drengsins skapast traust og væntumþykja. En í grimmdögum heimi nýlendutímans er hvergi rúm fyrir vináttu af þessu tagi.

Sagan af Washington Black er heillandi verðlaunasaga um frelsi, svik og leit að samastað í fjandsamlegri tilveru. Sögu-sviðið er litríkt og andi ævintýraleiðangra Jules Verne svífur yfir vötnum.

Kanadíska rithöfundurinn Esi Edugyan



Í verðlaun fyrir gátu helgarbladsins er bókin Sagan af Washington Black

er ættaður frá Ghana og hefur hlotið fjölmargar viðurkenningar fyrir verk sín. Sagan af Washington Black var meðal annars tilnefnd til Man Booker-verðlaunanna 2018 og fékk kanadíska Giller Prize-bókmenntaverðlaunin sama ár. Fjölmörg blöð og tímarit, þar á meðal The New York Times og The Washington Post, hafa valið hana eina af tíu bestu bókum ársins 2018. **HÖFUNDIR ESI EDUGYAN, ÓLÖF PÉTURSDÓTTIR ÞÝDDI**



ÖRYGGISHNAPPUR SECURITAS

ÖRYGGI ÖLLUM STUNDUM

Með öryggishnapp Securitas um úlnið eða háls eykur þú öryggi þitt ef eitthvað kemur upp á. Þú býrð við meira öryggi á heimilinu og aðstandendum líður betur að vita af þér í öruggum höndum.


Þú ýtir á hnappinn, boðin berast samstundis til stjórnstöðvar Securitas þar sem þú færð samband við sérþjálfað starfsfólk. Öryggisverðir Securitas með EMR þjálfun eru alltaf á vakt og bregðast hratt og örugglega við.

Hafðu samband við öryggisráðgjafa Securitas í síma 580 7000 og kynntu þér kosti öryggishnappsins og hvaða annan öryggisbúnað hægt er að hafa með honum.



 **SECURITAS**

Sími 580 7000 | www.securitas.is



Ég er 25 ára gaur sem vill
kynnast konu á svipuðum
aldri. Er með blæti fyrir
fallegrri hönnun og útiveru.
Trúnaður í fyrirrúmi og stóla
á það sé gagnkvæmt.

nánar á einkamál.is

MERINO ULLARNÆRFÖT

OLYMPIA 



Bolur
kr. 6.290



Buxur
kr. 5.690


FRÍ
HEIM
SENDING
Á ÖLLUM VÖRUM
FRAM AÐ
JÓLUM



Bushnell Prime 10x42
kr. 37.900



Orvis Carry It All taska
kr. 27.900



Orvis Encounter fluguveiðiset
kr. 29.900



Pursuit X Bakpoki
með byssufestingu
kr. 28.900



Ranger X dagpoki
kr. 8.900



Alps Delta Waterfowl
Deluxe taska
kr. 12.990



Alps Legend Layout Max-5 felubyrgi
kr. 49.900

Vesturröst

Var með tvö lítil tattú fyrir sjö árum

■ „Ég spurði hvort hjartað gæti hætt að slá út af sársauka“
 ■ Lýsir því þegar Jason, eiginmaður hennar, fékk heilablóðfall

Guðrún Ósk Guðjónsdóttir
 gudrunosk@dv.is



Ásthildur Björt Hannesdóttir er gestur Föstudagsþáttarins Fókuss, hlaðvarpsþáttar dægurmáladeildar DV. Ásthildur er tveggja barna móðir, fyrirtækjaeigandi og vinnur einnig í bókhalði.

Fyrir sjö árum var Ásthildur með tvö lítil tattú. Í dag er hún þakin fallegu flúri, gift tattúlistamanni og rekur eina stærstu tattústofuna á Íslandi með eiginmanni sínum, Jason Thompson. Í lok janúar fékk Jason heilablóðfall sem var mikið áfall fyrir fjölskylduna og reksturinn. Þó svo að það hafi verið tvísýnt um skeið þá stækkuðu þau stofuna um tveimur mánuðum eftir að þau voru næstum búin að skella í lás.

Alls ekki planið

„Mig grunaði náttúrulega aldrei að ég yrði svona mikið flúruð. Það var aldrei planið, þældi ekki einu sinni í því,“ segir Ásthildur. Hún er með báða handleggina alveg flúraða, allt bakið, mikið af fótleggjunum og alla síðuna hægra megin. Það er því ekki mikið pláss eftir.

En hvar var verst að fá flúr?

„Mjóbakið var hræðilegt. Á þeim tímapunkti dáðist ég að stelpum sem fengu sér „druslustimpill“ (e. tramp stamp) á sínum tíma, því þetta var algjört ógeð,“ segir Ásthildur og bætir við að það hafi líka verið vont að fá sér tattú á hryggjarsúluna.

„Ég spurði hvort hjartað gæti hætt að slá út af sársauka. Ég er mjög fegin að ég sé búin með þetta.“

Furðulegar beiðnir

„Maðurinn minn, sem hefur verið í tattúbransanum í 20 ár, gerði eitt fáránlegasta tattú sem ég hef heyrt um. Þetta var í Bandaríkjunum og stelpa vildi fá höfrung komandi út úr einkasvæði hennar. Hann sagðist aldrei ætla að gera þetta aftur,“ segir Ásthildur og hlær.

„Það sem hefur verið skrýtnasta tímabil á Black Kross var þegar við fengum til okkar gestaflúrara. Konu sem er algjör meistari og sérhæfir sig í kynfæraflúri. Hún hefur flúrað inn í leggöng,“ segir Ásthildur.

„Ég skil þetta ekki. Þetta er eitthvað sem ég mun ekki gera. Hún sérhæfir sig í þessu. Hún sýndi okkur myndamöppu þar sem hún sést flúra fólk í alls konar stellingum. Það er mjög vinsælt að fólk vilji láta flúra í kringum endaparmsopið.“

Ásthildur segir að þrátt fyrir sérhæfni hennar hafi hún ekki flúrað eitt einasta kynfæri hér á landi.

Black Kross

Ásthildur og Jason opnuðu stofuna fyrir tveimur árum. Fljótlega urðu þau mjög áberandi innan tattúsenunnar á Íslandi og segir Ásthildur að velgengni hennar megi rekja til þjónustulundar sem þau leggja mikið upp úr og listamannanna sem vinna á stofunni.

„Við erum mjög alþjóðleg stofa. Jason er frá Ameríku, Julian er frá Kólumbíu, Adrian er frá Taívan og svo erum við með tvo íslenska lærlinga hjá okkur. Sem ég myndi ekki skilgreina sem lærlinga í dag, þau eru orðin svo fær. Við fáum líka gestalistamenn til okkar alls staðar að úr heiminum,“ segir hún. Listamennirnir á Black Kross unnu til sjö verðlauna á Icelandic Tattoo Convention fyrr í nóvember.

Mikið áfall

Jason fékk heilablóðfall í lok janúar og var það mikil áfall fyrir alla fjölskylduna og reksturinn. „Það var hræðilegt. Við vorum bara tvö á stofunni á þessum tíma og bara með gestalistamenn, sem voru svo



Líkamshlutarnir sem Ásthildi fannst verst að láta flúra eru mjóbakið og hryggjarsúlan.



Ásthildur Björt ásamt listamönnum Black Kross Tattoo og verðlaunum þeirra frá Icelandic Tattoo Convention. F.v. Íris Hrefna, Jason Thompson, Ásthildur Björt, Adrian og Julian.

æðislegir. Þeir framlengdu tímann sinn á Íslandi til að hjálpa okkur,“ segir hún.

„Jason var frá vinnu í 6–8 vikur. Þetta var alveg tvísýnt á tímabili, upp á stofuna að gera. Heilbrigðiskerfið okkar er ekki nógu gott. Og ég mæli með að fólk kynni sér tryggingarnar sem það er með, því mér voru seldar mjög góðar tryggingar, en þegar þetta gerðist fengum við ekki neitt. Við vorum tekjulaus í allan þennan tíma. Ég mæli með að smáa lettrið sé lesið.“

Man þetta eins og þetta hafi gerst í gær

„Ég man þetta eins og þetta hafi verið í gær. Hann sat uppi í sófa með stóru stelpunni okkar og þau voru að horfa á mynd. Hann byrjaði að fá alveg svadalegt aðsvif á meðan hann sat í sófanum. Ekkert búinn að vera að reyna á sig. Það hætti ekki og hann

dreif sig inn á klósett og kastaði upp. Hann kastaði upp það miklu að hann stoppaði ekki,“ segir Ásthildur.

„Hann hélt engum fókus. Ég var að fylgjast mikið með honum, fá hann til að horfa á mig, gretta sig, lyfta höndum, kreista puttana og allt það. Og allt í góðu. Ég hringdi upp á læknavakt og mér var sagt að það væri svæsin gubbupest í gangi og ég ætti að fylgjast með honum yfir nóttina. Morguninn eftir var hann alveg eins, þoldi engin ljós og í hvert skipti sem hann reisti sig upp ældi hann. Ég gerði aftur þessar æfingar og fór svo í vinnu. Svo fékk ég þessa sterku tilfinningu að eitthvað væri að. Ég hringdi í sjúkrahúsið og það þá um að mæta strax og ég brunaði sjálf heim. Þarna var hann orðinn það slappur að hann var náfölu og lýsti þessu þannig að honum liði eins og hann



MYNDIR: EYVÖR ÁRNASON

væri sjóveikur. Síðan fórum við upp á spítala og hann var settur í einangrun því þeir töldu þetta vera gubbupest. Það voru teknar blóðprufur, en ég var allan tímann að biðja lækna um að setja hann í segulómun og kanna á honum hausinn. Það var ekki gert fyrr en á laugardagskvöldinu klukkan sex, en við komum upp á spítalanum fyrri part föstudags,“ segir Ásthildur.

Hún lýsir því hvernig augu Jasons byrjuðu að hristast og hálf andlitið hans lamaðist. „Hann gat ekki lokað auganu, hann gat ekki brosað. Þarna fór ég í kleinu. Þarna fékk hann strax lyf og var svo á spítalanum í tíu daga. Guð minn almáttugur hvað þetta var hræðilegur tími. Öttinn sem skellur á manni er skelfilegur,“ segir Ásthildur.



„Sem betur fer er hann mjög góður í dag, hann fær ennþá stundum aðsvif og höfuðverk.“

Erfiður tími

„Yngri stelpunni fannst afar óþægilegt að hitta pabba sinn uppi á spítala og vita af honum þar. Stóra stelpa tók þessu betur, enda eldri og auðveldara að útskýra fyrir henni. En sem eiginkona og móðir þá var þetta svo erfitt. Auðvitað langar mann bara að vera á spítalanum og fylgjast með og sýna stuðning. En maður þarf að sinna börnunum og sýna þeim að þetta sé allt í lagi. Ég svaf ekkert rosalega mikið á þessum tíma,“ segir Ásthildur.

Ásthildur segir að það hafi ekki verið neinar áberandi vísbendingar um yfirvofandi heilablóðfall vikurnar áður, annað en að Jason hafi fengið aðsvif af og til.

„En það sem kveikti á viðvörunarþjöllum hjá mér var að hann var að kasta upp vegna þess að hann svimaði og lýsti því sem sjóveiki. Þá er eitthvað í gangi í heilanum. Læknarnir sögðu að hann svimaði því hann væri ekki með neina næringu í sér, en ég sagði að það væri kjaftæði því hann sat upp í sófa að horfa á mynd þegar þetta allt byrjaði. Ég var brjáluð út í lækna fyrir að hlusta ekki á mig. Við komum á spítalanum á föstudeginum um tvö leytið og það var ekki fyrr en laugardagskvöldinu sem tekið var mark á mér og hann sendur í segulómun og það kom í ljós að hann væri með heilablóðfall. Í svona málum skiptir hver einasti klukkutími miklu máli, ef hann hefði farið strax hefði hann ekki orðið svona slæmur.“ ■



YFIRHEYRSLAN

Heiðar Sumarliðason er handritshöfundur, framleiðandi og leikstjóri sem hefur verið áberandi síðastliðið ár á útvarpsstöðinni X-ið með afþreyingarþáttinn Stjörnuþjóf. Nú um helgina fer Heiðar af stað með nýjan útvarpsþátt, Eldur og brennisteinn, ásamt Snæbirni Brynjarssyni en þó heldur Heiðar sínu fyrra hólfu með framannefndum þætti. Heiðar er tekinn í yfirheyrslu DV.

Hvert var þitt fyrsta starf?

Ég byrjaði að bera út DV þegar ég var 10 eða 11 ára gamall. Það hafði í för með sér að ég átti alltaf vasapeninga, gat því keypt mér snúð og kók á hverjum degi, enda var ég orðinn vel spikaður þrettán ára. Ég náði því af mér tveimur árum síðar og hef vart borðað sætindi síðan. Þetta var nota bene áður en offitufaraldurinn reið yfir börnin okkar, það voru kannski bara fjórir feitir í árganginum. Hef því átt betri ár en 8. og 9. bekk.

Hvar líður þér best?

Heima í faðmi fjölskyldunnar. Vil helst ekki fara út úr húsi eftir klukkan fjögur.

Hvað óttastu mest?

Að missa fjölskylduna.

Hvert er þitt mesta afrek?

Að hafa fengið konuna mína til að giftast mér. Ef þú hefur spurt mig þegar ég var sem feittastur árið 1993, þá hefði ég giskað á að ég yrði hreinn sveinn að eilífu.

Hver er leiðinlegasta hljómsveit í heimi?

Ég skipti alltaf um stöð þegar eitthvað með Muse fer í loftið. Svo þoli ég ekki næntís harðlífishljómsveitir á borð við Creed.

Hver er frægasti einstaklingurinn í símaskránni þinni?

Það hlýtur að vera Jóhannes Haukur Jóhannesson. Ég er svona skáumboðsmaður fyrir hann, eða ráðgjafi. Við erum með samning, ég held honum niðri á jörðinni og hann reynir að hífa mig upp.

Besta ráð sem þú hefur fengið?

Man ekki eftir neinu í svipinn. Hins vegar hef ég tekið eftir að fólk sem er sífellt að skipta sér að öðrum og „ráðleggja“ er oft fólk sem minnst hefur efni á því. Taki það til sín sem við á.

Hvert er leiðinlegasta húsverkið?

Ég er ótrúlega liðtækur í húsverkunum, þarf að vera það, því ekki þéna ég vel. En það er þó eitt sem ég þoli ekki tengt húsverkum og það er að fara með dót í Sorpu. Það er fátt sem mig hryllir jafn mikið við.

Hver er fyrirmynd þín í lífinu?

David Brent.

Besta bíómynd allra tíma?

Pulp Fiction eða Empire Strikes Back. Get ekki gert upp á milli þeirra.

En sú versta?

Ég man hvað The Matrix-„framhöldin“ ollu mér miklum vonbrigðum.

Hvaða frasi eða orð fer mest í taugarnar á þér?

Þegar Bragi Árnason, vinur minn, svarar mér með „mmm“ á Messenger. Hvað þýðir það?! Ég svara honum núna alltaf bara með „aaa.“ Krókur á móti bragði.

Hverjir eru mannkostir þínir?

Óbilandi réttlætiskennnd.

En lestir?

Óbilandi réttlætiskennnd. Hann Snæbjörn, meðstjórnandi minn í útvarpsþættinum Eldi og brennisteini, sagði eitt sinn við mig: „Heiðar, þú værir búinn að ná miklu lengra í lífinu ef þú bara kynnir að halda kjafti.“ Það er auðvitað eitthvað til í því, en svo er aftur á móti spurning hvað maður er tilbúinn að láta bjóða sér upp.

Hvaða hæfileika myndir þú vilja búa yfir?

Hugarró.


Hver er mesta áhætta sem þú hefur tekið?

Að gerað leikskáld og leikstjóri. Það er að mestu niðurlægjandi og auðmýkjandi, en þegar það skemmtilegt er það svo frábært að maður verður að fá meira. Þetta er eins konar fíkn.

Hvað er á döfinni hjá þér?

Ég er að skrifa barnaleikritið Tréð í samstarfi við Söru Marti Guðmundsdóttur og Agnesi Wild sem verður frumsýnt á Listahátíð Reykjavíkur í vor. Síðan eru ýmis önnur leikhús-, kvikmynda- og sjónvarpsverkefni á mismunandi stigum þróunar.

Heiðar
Sumarliðason



MATHÚS GARÐABÆJAR

Ísland 2016

GLÆSILEGT JÓLAHLAÐBORD OG HUGLJÚF STEMMNING
ALLAR NÁNARI UPPLÝSINGAR Á WWW.MATHUS.IS



ÖLL FÖSTUDAGS- OG LAUGARDAGSKVÖLD FRÁ OG MEÐ 29. NÓVEMBER
PÁLL RÓSINKRANZ VIÐ UNDIRLEIK ÓSKARS EINARSSONAR.



ÖRFÁ SÆTI LAUS FÖSTUDAG 29. DESEMBER
BÓKIÐ TÍMANLEGA ÞVÍ ÞETTA ER VEISLA SEM ÞÚ VILT EKKI MISSA AF
Í SÍMA 571-3775 EÐA Á MATHUS@MATHUS.IS

Íslenskir sjóræningjar fyrstir til að leka Tarantino

Núnda og nýjasta kvikmynd leikstjórans Quentins Tarantino hefur notið mikilla vinsælda frá útgáfu hennar í sumar. Á hinum ýmsu sjóræningjasíðum svonefndum hafa margir ólmir beðið eftir því að geta sótt umrædda kvikmynd án greiðslu. Vakti það annars vegar athygli þegar í ljós kom að fyrsta eintakið af myndinni sem lekið var, og var afritað af stafrænni útgáfu, er upprunnið frá Íslandi.

Notendur ráku ýmsir upp stór augu þegar í ljós kom að skráin sem var hlaðin upp innihélt íslenskan texta

og uppskar það nokkrar kvartanir af ummælum að dæma. Kvikmyndin var gefin út á Íslandi á stafrænu formi þann 14. nóvember, heilli viku áður en hún var fánleg í öðrum löndum á heimsvísu.

Má geta þess að Once Upon a Time in Hollywood er hlaðin hinum ýmsu Íslandstengingum. Til að mynda fer leikkonan María Birta með staðgengilshlutverk sem Playboy-kanína og glittir jafnframt í förðunarmeistarann Hebu Þórisdóttur sem fer einmitt með hlutverk förðunarkonu með framandi heim.



Kóngar undir bölvun

Íslensku stórleikararnir Jóhannes Haukur Jóhannesson og Ólafur Darri Ólafsson hafa verið ráðnir til að fara með hlutverk í sjónvarpsþáttunum Cursed á vegum streymisveitunnar Netflix. Þættirnir eru byggðir á samnefndri myndasögu eftir hinn virta Frank Miller og Tom Wheeler og tekur nýjan snúning á goðsögnina um Artúr konung. Streymisveitan hefur lýst þáttaröðinni sem nýstárlegri þroskasögu.



Þættirnir verða tíu talsins og fer Jóhannes með hlutverk ískonungsins Cumber í þremur þáttum á meðan Ólafi bregður fyrir í aðeins einum þætti sem konungi að nafni Rugen, sem sagður er holdsveikur og er lauslega byggður á Baldvini, fjórða konungi Jerúsalem.

Íslendingarnir eru á meðal góðs fólks í sjónvarpsþáttunum, en með aðalhlutverk-ið fer Sebastian Armesto, sem margir þekkja úr sjónvarps-seríunum Broadchurch og Poldark. Einnig fer sænski leikarinn Gustaf Skarsgård með stórt hlutverk, en hann er einn af sonum Stellans Skarsgård og bróðir þeirra Bills og Alexanders, sem hafa gert garðinn frægan á undanförunum árum. Reiknað er með að Cursed fari í loftið á næsta ári.



Jólaóróinn í ár

Verð aðeins kr. **6.800.-**

GEORG JENSEN

HÖNNUÐUR: SANNE LUND TRABERG

Harpa / Skeifan 6 / Kringlan / Laugavegur 70 / 5687733 / www.epal.is



2019 Christmas Noel Jul 2019

